

Árlegt mat fjölmiðlanefndar

á því hvort Ríkisútvarpið hafi uppfyllt almannaþjónustuhlutverk sitt 2018

Október 2020

FJÖLMIÐLANEFND

Árlegt mat fjölmiðlanefndar á almannaþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins 2018
sbr. 15. gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 23/2013

Fjölmiðlanefnd, október 2020

Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Útgefandi: Fjölmiðlanefnd
Hönnun: Ómar Örn Sigurðsson
Myndir: Ríkisútvarpið

Nánari upplýsingar: *postur@fjolmidlanefnd.is* / *www.fjolmidlanefnd.is*

FJÖLMIÐLANEFND

Reykjavík 27. október 2020
Mál nr. 2020-2098/ 12.1

Mat fjölmiðlanefndar á því hvort Ríkisútvarpið hafi uppfyllt almannaþjónustuhlutverk sitt árið 2018 skv. 3. gr., sbr. 15. gr., laga um Ríkisútvarpið nr. 23/2013.

Niðurstaða fjölmiðlanefndar

Það er mat fjölmiðlanefndar að Ríkisútvarpið hafi uppfyllt almannaþjónustuhlutverk sitt árið 2018, skv. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannaþágu nr. 23/2013.

Fyrir hönd fjölmiðlanefndar:

Einar Hugi Bjarnason



María Rún Bjarnadóttir



Finnur Beck



Róbert H. Haraldsson



EFNISYFIRLIT

1. Inngangur 4

2. Samantekt 6

3. Hlutverk Ríkisútvarpsins 12

3.1 Hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins 12

3.2 Fjölmiðlar sem veita fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu hér á landi 13

3.3 Hugtakanotkun og hliðsjónargögn 13

3.4 Greinargerð Ríkisútvarpsins til fjölmiðlanefndar 14

3.5 Sérstök markmið samkvæmt samningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins 15

4. Skipting dagskrárefnis í sjónvarpi og útvarpi 16

4.1 Skipting dagskrárefnis í sjónvarpi 16

4.2 Skipting dagskrárefnis í útvarpi 18

5. Menningarhlutverk 21

5.1 Innlend og menningartengd dagskrárgerð 21

5.2 Málstefna 24

5.3 Kaup af sjálfstæðum framleiðendum 25

5.4 Aukið framlag til leikins íslensks efnis 29

5.5 Áhersla á íslenskt efni fyrir börn 30

5.6 Forgangsröðun erlends sjónvarpsefnis 40

5.7 Varðveisla og miðlun eldra efnis – Gullkista Ríkisútvarpsins 43

5.8 Umfjöllun um íþróttir 44

5.9 Útvarp 47

6. Lýðræðishlutverk 52

6.1 Fréttaþjónusta 52

6.2 Kosningaumfjöllun Ríkisútvarpsins 2018 58

7. Samfélagshlutverk 62

7.1 Stefnumótun og aðkoma almennings að henni 62

7.2 Skoðunarferðir og fræðsluheimsóknir 63
7.3 Þjónusta við landsbyggðina 63
7.4 Öryggismál og almannahlutverk 64
7.5 Dreifikerfi 67
7.6 Aðgengismál 69
7.7 Jafn réttur karla og kvenna 72
8. Nýmiðlun og tækniþróun 75
9. Innra eftirlit og gæðamál 78
10. Kvartanir vegna viðskiptaboða og dagskrárefnis 85
10.1 Kvartanir vegna dagskrárefnis 86
10.2 Kvartanir vegna viðskiptaboða 87
11. Fjárhagslegur aðskilnaður almannaþjónustu og samkeppnisreksturs 89
12. Viðauki 94
12.1 Auglýsingar og kostun 94
12.2 Listi yfir kaup af sjálfstæðum framleiðendum 2018 96
12.3 Listi yfir efni frá sjálfstæðum framleiðendum sem frumsýnt var á RÚV 2018 109


1. Inngangur

Skýrsla þessi hefur að geyma mat fjölmiðlanefndar á almannaþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins fyrir árið 2018, í samræmi við 15. gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 23/2013. Fjölmiðlanefnd leggur árlega sjálfstætt mat á það hvort Ríkisútvarpið hafi uppfyllt almannaþjónustuhlutverk sitt samkvæmt þeim gæðastöðlum sem fram koma í 3. gr. laga um Ríkisútvarpið. Matið tekur einnig mið af kröfum og viðmiðum sem fram koma í samningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins, um fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu en gildistími samningsins er tímabilið 1. janúar 2016 - 31. desember 2019.

Skýrslan er byggð á ársskýrslu Ríkisútvarpsins, sem birt var 19. mars 2019, greinargerð sem Ríkisútvarpið afhenti fjölmiðlanefnd 7. mars 2020, og upplýsingum sem fjölmiðlanefnd kallaði sérstaklega eftir frá Ríkisútvarpinu við undirbúning skýrslunnar. Ekki var unnt að hefja vinnu fjölmiðlanefndar við gerð árlegs mats á almannaþjónustuhlutverki RÚV 2018 fyrr en greinargerð RÚV 2018 hafði verið afhent nefndinni í mars 2020.

Skýrslunni er skipt í átta kafla. Í kafla 2 er samantekt um helstu atriði og niðurstöður skýrslunnar en í kafla 3 er farið stuttlega yfir almannaþjónustuhlutverk Ríkisútvarpsins. Kafli 4 fjallar um skiptingu dagskrárefnis í sjónvarpi og útvarpi 2018 og í kafla 5 kemur fram hvernig Ríkisútvarpið uppfyllti menningarhlutverk sitt það ár. Í kafla 6 er fjallað um lýðræðishlutverk Ríkisútvarpsins, fréttaþjónustu og umfjöllun í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga 2018. Kafli 7 fjallar um samfélagshlutverk Ríkisútvarpsins, m.a. aðkomu almennings að stefnumótun, jafnréttismál, þjónustu við landsbyggðina og öryggishlutverk. Í kafla 8 er vikið að nýmiðlun og tækniþróun og því hvort þjónusta Ríkisútvarpsins hafi þróast í takt við tæknibreytingar og þarfir samtímans. Fjallað er um innra eftirlit og gæðamál í kafla 9 og í kafla 10 er að finna yfirlit yfir kvartanir til fjölmiðlanefndar vegna viðskiptaboða og dagskrárefnis í miðlum Ríkisútvarpsins 2018. Fjallað er um fjárhagslegan aðskilnað almannaþjónustu og samkeppnisreksturs í kafla 11. Loks hefur 12. kafli að geyma yfirlit yfir auglýsingar og kostun og lista yfir sjálfstæða framleiðendur og kaup Ríkisútvarpsins af þeim.

Ríkisútvarpinu er ætlað að sinna mikilvægu lýðræðislegu, menningarlegu og samfélagslegu hlutverki í íslensku samfélagi með miðlun texta, hljóðs og mynda. Einn tilgangur með árlegu mati fjölmiðlanefndar er að veita innsýn í hlutverk fjölmiðla sem sinna almannaþjónustu og hvernig Ríkisútvarpið uppfyllir kröfur sem gerðar eru til slíkra miðla. Annar tilgangur með matinu er að uppfylla kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA, um ríkisstyrki til útvarpsþjónustu, sbr. skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum. Heimilt er að veita undanþágu frá almennum ríkisstyrkjareglum vegna útvarpsþjónustu í almannaþágu þegar uppfylltar eru lýðræðislegar, menningarlegar og samfélagslegar þarfir samfélagsins, auk menningarlegs og tungumálalegs fjölræðis, sbr. 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins. Til að unnt sé að veita undanþáguna er talið mikilvægt að óháður eftirlitsaðili leggi mat á það hvort framangreindar kröfur séu uppfylltar.


IN6
12:44:54:07
PLAYMAKER OUT 1
IN2
IN1
25h:08m
12:53:41:19
PLAYMAKER IN 1
IN2
IN4
25h:08m
12:53:41:19
PLAYMAKER IN 4
IN5



2. Samantekt

Almannaþjónustuhlutverk 2018 uppfyllt

Fjölmiðlanefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að Ríkisútvarpið ohf. hafi uppfyllt almannaþjónustuhlutverk sitt á rekstrarárinu 2018. Nánar tiltekið hafi RÚV uppfyllt þá gæðastaðla sem fram koma í 3. gr. laga um Ríkisútvarpið og haldið áfram að stuðla að lýðræðislegri umræðu, menningarlegri fjölbreytni og félagslegri samheldni í íslensku samfélagi.

Um leið gerir fjölmiðlanefnd eftirfarandi athugasemdir:

a. Stofnun dótturfélaga um samkeppnisrekstur

Tvö ár liðu án þess að uppfyllt væri lögbundin skylda Ríkisútvarpsins til stofnunar dótturfélags um samkeppnisrekstur. Gildistöku ákvæðis 4. gr. laga um Ríkisútvarpið, þar sem kveðið er á um stofnun dótturfélaga um samkeppnisrekstur, var frestað í tvígang en ákvæðið tók gildi 1. janúar 2018.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um rekstur og aðgreiningu rekstrarþátta Ríkisútvarpsins, sem út kom í nóvember 2019, benti Ríkisendurkoðandi m.a. á að Ríkisútvarpinu beri að uppfylla lagalegar skyldur um stofnun dótturfélags fyrir aðra starfsemi en fjölmiðlun í almannaþágu. Standi vilji stjórnvalda ekki til þess þurfi þau að beita sér fyrir lagabreytingu. Var þar vísað til 1. mgr. 4. gr. laga um Ríkisútvarpið.

Skylda Ríkisútvarpsins á grundvelli 4. gr. var uppfyllt með stofnun dótturfélagsins RÚV-sala 1. janúar 2020. Félagið ber ábyrgð á allri sölu sem RÚV skilgreinir sem tekjuaflandi samkeppnisrekstur og er í 100% eigu RÚV.

Framangreindur dráttur á stofnun dótturfélags um samkeppnisrekstur hefur ekki áhrif á niðurstöðu árlegs mats fjölmiðlanefndar á almannaþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins 2018, þar sem mat nefndarinnar skv. 15. gr. laga um Ríkisútvarpið tekur ekki til þeirra skyldu sem 4. gr. felur í sér. Matið tekur einungis til þess hvort þeir gæðastaðlar sem fram koma í 3. gr. laga um Ríkisútvarpið teljast uppfylltir og hvort skýr bókhaldsleg aðgreining sé á milli þess sem telst rekstur í almannaþágu og þess sem telst samkeppnisrekstur.

Til upplýsingar er rétt að geta þess að ekki eru sett skilyrði af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um að samkeppnisrekstur almannaþjónustumiðla sé í sérstöku dótturfélagi til að ríkisstyrkjareglur teljist uppfylltar.

Þau skilyrði sem sett eru af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA eru að bókhald skuli vera gagnsætt í þeim skilningi að skýr aðgreining sé á milli þess sem telst rekstur í almannaþágu og þess sem telst samkeppnisrekstur. Þegar lög um Ríkisútvarpið voru sett taldi ESA aðgreiningu þar á milli í bókhaldi félagsins ekki nægilega skýra, sbr. ákvörðun ESA um beitingu reglna EES um ríkisaðstoð við opinberan útvarpsrekstur (35/10/COL, dags. 3. febrúar 2010). Samkvæmt upplýsingum fjölmiðlanefndar var úr því bætt af hálfu Ríkisútvarpsins með nýjum bókhaldsreglum, sem settar voru eftir gildistöku laga um Ríkisútvarpið.

b. Viðmið þjónustusamnings um 10% lágmarkshlutfall af heildartekjum uppfyllt með fyrirvara um túlkun á 2.2.1 gr. í þjónustusamningi Ríkisútvarpsins við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Á meðal þess sem fjölmiðlanefnd kannar í árlegu mati sínu er hvort tilskildum viðmiðum um kaup af sjálfstæðum framleiðendum hafi verið náð, eins og þau eru skilgreind í 2.2.1 gr. í þjónustusamningi Ríkisútvarpsins við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Í 4. tölul. 3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið segir að Ríkisútvarpið skuli vera virkur þátttakandi í íslenskri kvikmyndagerð, m.a. með kaupum frá sjálfstæðum framleiðendum og að í þjónustusamningi ráðherra við Ríkisútvarpið skuli mælt fyrir um lágmarkshlutfall dagskrárefnis sem keypt er af sjálfstæðum framleiðendum.

Í skýringum við ákvæðið í frumvarpi því sem varð að lögum um Ríkisútvarpið segir að samkvæmt þessu skuli Ríkisútvarpið vera vettvangur nýsköpunar í dagskrárgerð og styrkja og efla sjónvarpsþátta-, kvikmynda- og heimildamyndagerð með því að gerast kaupandi eða meðframleiðandi að slíku efni. Litið sé svo á að Ríkisútvarpið sé veigamikill aðili að kvikmyndun og kvikmyndagerð hér á landi og af því leiði að hlutverks þess sé getið í sameiginlegri stefnu ríkisins og þeirra sem fáist við kvikmyndir. Einnig sé ráðgert að Ríkisútvarpið flytji fréttir af og sýni frá íþróttaviðburðum bæði innanlands og erlendis. Í umfjöllun sé gert ráð fyrir að fjölbreytni sé höfð að leiðarljósi og jafnræðis gætt milli íþróttagreina eins og kostur sé.

Samkvæmt 2.1.1 gr. í þjónustusamningi Ríkisútvarpsins við mennta- og menningarmálaráðuneytið átti Ríkisútvarpið að verja að lágmarki 10% af heildartekjum á árinu 2018 til kaupa eða meðframleiðslu á leiknu sjónvarpsefni, kvikmyndum, heimildarmyndum eða öðru dagskrárefni í miðlum Ríkisútvarpsins.

Í greinargerð Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu 2018 kemur fram að kaup Ríkisútvarpsins af sjálfstæðum framleiðendum árið 2018 hafi verið 884.139 þús. kr. (884 m. kr.) eða 13,24% af heildartekjum Ríkisútvarpsins það ár, sem er vel yfir því lágmarki sem miðað er við í þjónustusamningi fyrir árið 2018 (10%).[1]

Í lögum um Ríkisútvarpið er ekki að finna skilgreiningu á hugtakinu sjálfstæður framleiðandi. Hugtakið er skilgreint svo í 36. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla:

Sjálfstæður framleiðandi hljóð- eða myndefnis er fyrirtæki sem jafnframt er sjálfstæður lögaðili, óháður viðkomandi fjölmiðlaveitu í þeim skilningi að hann er ekki undir beinum eða óbeinum yfirráðum hennar, hvorki sér né sameiginlega með öðrum, og hefur frelsi til að skilgreina sína eigin viðskiptastefnu.

Samkvæmt skilgreiningu hugtaksins „sjálfstæður framleiðandi“ í lögum um fjölmiðla geta því einungis fyrirtæki sem jafnframt eru sjálfstæðir lögaðilar talist sjálfstæðir framleiðendur. Þá felur hugtakið í sér að hinn sjálfstæði framleiðandi þarf að vera óháður Ríkisútvarpinu í þeim skilningi að hann sé ekki undir beinum eða óbeinum yfirráðum þess.

Svo virðist sem 2.2.1 gr. samnings um fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu 2016-2019 sé þó ætlað að hafa víðtækari skírskotun en hugtakinu sjálfstæður framleiðandi samkvæmt lögum um fjölmiðla. Í viðauka við

1 Heildartekjur Ríkisútvarpsins voru 6.676.951 þús. kr. árið 2018 samkvæmt upplýsingum frá Ríkisútvarpinu.

samninginn er m.a. fjallað um sérstök markmið á samningstímanum vegna kaupa af sjálfstæðum framleiðendum en þar segir í 2. tölulið 2. liðar:

Kaup af sjálfstæðum framleiðendum sem hlutfall af heildartekjum. Um er að ræða kaup á dagskrárefni af sjálfstæðum framleiðendum, meðframleiðslu, aðkeypta þjónustu, þ. á m. vegna talsetningar, leigu á búnaði o.fl.

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisútvarpinu tekur greinargerð félagsins til fjölmiðlanefndar mið af skilgreiningu hugtaksins sjálfstæður framleiðandi í lögum um fjölmiðla en að auki af framangreindu ákvæði í viðauka og 2.2.1 gr. þjónustusamnings en þar hafa verið tekin saman samanlögð kaup af sjálfstæðum framleiðendum, fjárveitingar til meðframleiðslu og kaup á öðru dagskrárefni.

Samkvæmt lista yfir kaup Ríkisútvarpsins af sjálfstæðum framleiðendum, sem afhentur var Fréttablaðinu samkvæmt úrskurði úrskurðarnefndar um upplýsingamál vorið 2020, voru verktakagreiðslur til dagskrárgerðarfólks, pródúsenta og myndatökumanna hjá Ríkisútvarpinu á meðal þess sem talið var til kaupa af sjálfstæðum framleiðendum. Ekki var þar eingöngu um greiðslur til lögaðila að ræða, heldur einnig verktakagreiðslur til einstaklinga sem, samkvæmt upplýsingum sem sóttar voru 7. júlí 2020 af vefnum RÚV.is, voru starfsmenn Ríksútvarpsins.[2] Þar á meðal voru greiðslur til einstaklinga sem störfuðu fyrir íþróttadeild, við sjónvarpsþættina Menninguna, Landann, Gettu betur, Silfrið og Vikuna.

Fjölmiðlanefnd óskaði eftir skýringum á þessu með tölvupósti til útvarpsstjóra 28. maí og 6. júlí sl. Eru samskipti fjölmiðlanefndar og Ríkisútvarpsins rakin í kafla 5.3.

Ríkisútvarpið vísaði í svörum sínum 29. júní sl. til framangreinds orðalags í viðauka samningsins og þess að í 2.1.1 gr. sé gert ráð fyrir heimild til kaupa á „öðru dagskrárefni" í miðlum Ríkisútvarpsins en ekki einvörðungu leiknu sjónvarpsefni, kvikmyndum og heimildarmyndum. Jafnframt kom fram að Ríkisútvarpið líti ekki svo á að eingöngu lögaðilar geti talist til sjálfstæðra framleiðenda.

Að mati fjölmiðlanefndar getur skilgreining laga um fjölmiðla um að sjálfstæðir framleiðendur séu lögaðilar óháðir viðkomandi fjölmiðlaveitu vart talist uppfyllt ef um er að ræða verktaka sem hafa að aðalstarfi að sinna íþróttafréttum eða dagskrárgerð í sjónvarpsþáttum sem eru framleiddir af RÚV og eru hluti af daglegri eða vikulegri dagskrá RÚV. Þá geti einstaklingar sem fram til 8. júlí 2020 voru skráðir starfsmenn RÚV á vef Ríkisútvarpsins, með eigið netfang á netþjóni RÚV, trauðla talist óháðir fjölmiðlaveitunni Ríkisútvarpinu í skilningi laga um fjölmiðla, þótt viðkomandi einstaklingar séu ekki á launaskrá Ríkisútvarpsins, heldur þiggi verktakagreiðslur. Jafnframt er ljóst að samkvæmt ákvæði 36. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla teljast einstaklingar ekki til sjálfstæðra framleiðenda, einungis fyrirtæki sem jafnframt eru sjálfstæðir lögaðilar. Telur fjölmiðlanefnd að efni samningsákvæðis 2.1.1 og viðauka samningsins hafi verið ákvarðað rýmra af hálfu Ríkisútvarpsins en orðalag 4. tölul. 3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið gefi til kynna. Virðast þau sjónarmið sem túlkun Ríkisútvarpsins byggir á í raun geta leitt til þess að unnt væri að fella allar greiðslur til einstaklinga sem starfa við dagskrárgerð hjá Ríkisútvarpinu undir greiðslur til sjálfstæðra framleiðenda, að því tilskildu að um verktakagreiðslur væri að ræða. Að mati fjölmiðlanefndar verður ekki séð að löggjafinn hafi viljað fella fleiri tilvik þar undir en þau sem miða að því markmiði 4. tölul. 3. mgr. 3. gr. að Ríkisútvarpið skuli vera virkur þátttakandi í íslenskri kvikmyndagerð, m.a. með kaupum frá sjálfstæðum framleiðendum.

Með vísan til framangreinds telur fjölmiðlanefnd að gera verði ríkari kröfur um sjálfstæði og óhæði hinna sjálfstæðu framleiðenda sem greiðslur Ríkisútvarpsins renna til. Hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið upplýst fjölmiðlanefnd um að framangreindu samningsákvæði verði breytt í drögum að nýjum þjónustusamningi, með þeim hætti að aðeins verði gerð krafa um kaup af sjálfstæðum framleiðendum. Verði lágmarkshlutfalli og fjárhæðum breytt til samræmis við það.

2 Upplýsingar sóttar af vef Ríkisútvarpsins 7. júlí 2020 af <https://www.ruv.is/starfsmannaleit>. Tekið skal fram að sömu upplýsingar höfðu verið fjarlægðar af vefnum 8. júlí 2020.

c. Lögbundinn tími til kosningaumfjöllunar ennþá of skammur vegna ósamræmis við önnur lög.
Í árlegu mati fjölmiðlanefndar á almannaþjónustuhlutverki RÚV fyrir árið 2017 kom fram að reglur um framboðsfresti fyrir kosningar í íslenskri löggjöf gera Ríkisútvarpinu erfitt fyrir þar sem frestir renna út afar skömmu fyrir kosningar eða fimmtán dögum fyrir alþingiskosningar, þremur vikum fyrir sveitarstjórnarkosningar og fimm vikum fyrir forsetakosningar. Umfjöllun Ríkisútvarpsins um framboð og frambjóðendur þarf að hefjast mun fyrr til að unnt sé að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í lögum um Ríkisútvarpið og samningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu.

Þetta þýðir að umfjöllun Ríkisútvarpsins þarf að hefjast áður en fyrir liggur hvaða flokkar og einstaklingar ná að safna tilskildum fjölda undirskrifta til að framboð þeirra teljist gild. Enn sem áður er brýnt að samræma reglur um framboðsfresti fyrir kosningar og þær kröfur sem gerðar eru til kosningaumfjöllunar Ríkisútvarpsins í lögum um Ríkisútvarpið og þjónustusamningi. Slíkt fyrirkomulag væri hvoru tveggja í samræmi við fordæmi í nágrannalöndum Íslands og í samræmi við réttmætar væntingar almennings og frambjóðenda til þess að leikreglur séu skýrar.

d. Breytingar á samningum við sjálfstæða kvikmyndaframleiðendur
Í 4. tölulið 3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið segir m.a. að Ríkisútvarpið skuli vera virkur þátttakandi í íslenskri kvikmyndagerð, m.a. með kaupum frá sjálfstæðum framleiðendum. Í skýringum við ákvæðið kemur m.a. fram að samkvæmt þessu skuli Ríkisútvarpið vera vettvangur nýsköpunar í dagskrárgerð og styrkja og efla sjónvarpsþátta-, kvikmynda- og heimildamyndagerð með því að gerast kaupandi eða meðframleiðandi að slíku efni.

Breytingar Ríkisútvarpsins á samningum við sjálfstæða framleiðendur voru samþykktar af stjórn Ríkisútvarpsins í nóvember 2017 og hafa verið gagnrýndar af Samtökum iðnaðarins, fyrir hönd kvikmyndaframleiðenda, m.a. fyrir það að fela í sér lækkun sýningarréttargjalds og að hlutfallsleg eignamyndun Ríkisútvarpsins, í þeim verkefnum sem það fjármagnar, sé of mikil miðað við framlag stofnunarinnar og þá fjárhagslega áhættu sem hún tekur. Þá sé ekki skýrt hvort slík meðframleiðsla teljist hluti af rekstri Ríkisútvarpsins vegna fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu eða til samkeppnisreksturs.

Samtök iðnaðarins sendu mennta- og menningarmálaráðuneytinu erindi í ágúst 2018, með afriti á fjölmiðlanefnd, þar sem þau bentu m.a. á framangreint. Svör ráðuneytisins við erindinu, sem fjölmiðlanefnd barst afrit af, voru á þá leið að ekkert benti til að umræddar breytingar á samningum Ríkisútvarpsins við sjálfstæða framleiðendur, og það fyrirkomulag sem RÚV viðhafi í því efni, fari í bága við lög nr. 23/2013 um Ríkisútvarpið, þjónustusamning Ríkisútvarpsins við mennta- og menningarmálaráðuneytið, lög nr. 137/2001 um kvikmyndamál og reglugerð um kvikmyndasjóð.

Á meðal þess sem fjölmiðlanefnd skoðar í árlegu mati sínu er hvort tilskildum viðmiðum um kaup af sjálfstæðum framleiðendum, eins og þau eru skilgreind í þjónustusamningi Ríkisútvarpsins við mennta- og menningarmálaráðuneytið, hafi verið náð. Um það er fjallað í kafla 5.3 og lið b hér að framan. Að mati fjölmiðlanefndar tekur árlegt mat hennar á almannaþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins ekki til eftirlits með almennum samningum Ríkisútvarpsins við sjálfstæða framleiðendur.







3. Hlutverk Ríkisútvarpsins

3.1 Hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins

Fjölmiðlaþjónusta í almannaþágu hefur verið skilgreind svo að hún skuli mæta lýðræðislegum, menningarlegum og samfélagslegum þörfum í hverju samfélagi. Fjölmiðlaþjónusta í almannaþágu er lykilþáttur í stefnumótun stjórnvalda í málefnum fjölmiðla á Íslandi og einnig í mörgum öðrum Evrópuríkjum. Það er á ábyrgð stjórnvalda í hverju landi að setja lög og reglur um hlutverk og skyldur fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu.

Hér á landi er kveðið á um hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins í lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannaþágu, nr. 23/2013. Þar er kveðið á um ákveðnar skyldur sem á Ríkisútvarpinu hvíla, til viðbótar hinum almennu skyldum samkvæmt lögum um fjölmiðla. Reglurnar taka flestar mið af þeim sérstöku sjónarmiðum sem gilda um fjölmiðla í ríkiseigu en slík sjónarmið byggja meðal annars á því að ríkisútvarpsstöðvum sé ætlað að flytja vandað efni, sérstaklega af innlendum og menningarlegum toga, sem ekki er tryggt að útvarpsstöðvar, sem eingöngu eru reknar með viðskiptasjónarmið í huga, telji arðvænlegt að láta framleiða eða miðla. Auk þess ber fjölmiðlum í ríkiseigu að tryggja vissa fjölbreytni í efnisvali og efnismeðferð og að skoðanir og sjónarmið í þýðingarmiklum þjóðfélagsmálum, er almenning varða, komist á framfæri.[3]

Í lögum um Ríkisútvarpið segir meðal annars að fjölmiðlaþjónusta Ríkisútvarpsins hafi það markmið að mæta lýðræðislegum, menningarlegum og samfélagslegum þörfum í íslensku samfélagi með miðlun texta, hljóðs og mynda. Þá á Ríkisútvarpið að framleiða og miðla vönduðu og fjölbreyttu efni með mismunandi tæknilegum aðferðum til allra landsmanna, óháð búsetu. Fjölmiðlaefnið skal hið minnsta vera fréttir og fréttaskýringar, fræðsluþættir, íþróttaþættir, afþreying af ýmsum toga, lista- og menningarþættir og sérstakt efni fyrir börn og ungmenni. Ríkisútvarpinu ber að tryggja að skoðanir og sjónarmið í þýðingarmiklum þjóðfélagsmálum, er almenning varða, komist á framfæri, auk þess að fjallað sé um mál á málefnalegan hátt og af hlutlægni.

Ríkisútvarpið skal dreifa efni til alls landsins og næstu miða, a.m.k. tveimur hljóðvarpsdagskrám og einni sjónvarpsdagskrá árið um kring. Þá skal Ríkisútvarpið í samvinnu við til þess bær stjórnvöld tryggja nauðsynlega öryggisþjónustu með upplýsingamiðlun um útvarp og þegar við á eftir öðrum boðleiðum.

Ríkisútvarpið skal varðveita hljóðritanir og aðrar sögulegar minjar sem ætla má að hafi menningarlegt og sögulegt gildi fyrir íslensku þjóðina.

3 Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið nr. 6/2007, þskj. 56, 56. mál.
Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/133/s/0056.html> Sótt á vef 10. júní 2020

Þá skal Ríkisútvarpið jafnframt skapa vettvang fyrir aðkomu almennings að stefnumótun fjölmiðlunar í almannaþágu með fyrirkomulagi sem nánar er kveðið á um í samþykktum Ríkisútvarpsins.

3.2 Fjölmiðlar sem veita fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu hér á landi

Ríkisstyrkt fjölmiðlaþjónusta í almannaþágu hér á landi er eingöngu veitt af Ríkisútvarpinu og miðlum þess en þeir eru: RÚV, RÚV2 (RÚV Íþróttir), Rás 1, Rás 2, Rondó og RUV.is.

Þá er efni RÚV einnig miðlað á öðrum vettvangi, eins og á samfélagsmiðlum. Fjölmiðlanefnd leggur einungis mat á hefðbundna fjölmiðlastarfsemi RÚV, þ.e. á RÚV, RÚV2, Rás 1, Rás 2, Rondó og vefinn RUV.is en ekki á það efni RÚV sem miðlað er á öðrum vettvangi, t.d. á samfélagsmiðlum á borð við Facebook, Snapchat og Instagram eða á YouTube.

Í EES-ríkjunum hefur að jafnaði verið litið svo á að til að fjölmiðlaþjónusta í almannaþágu geti rækt lýðræðislegt, menningarlegt og samfélagslegt hlutverk sitt verði almenningur að eiga aðgang að í það minnsta einni opinni sjónvarpsdagskrá, sem njóti að jafnaði ríkisstyrkja í formi afnotagjalda. Hér á landi greiða einstaklingar og lögaðilar sérstakt útvarpsgjald samhliða álagningu opinberra gjalda. Auk þessa hefur Ríkisútvarpið tekjur af annarri starfsemi en almannaþjónustu, aðallega sölu auglýsinga, með þeim takmörkunum sem kveðið er á um í 7. gr. laga um Ríkisútvarpið, og aðrar tekjur, sbr. 14. gr. laganna.

3.3 Hugtakanotkun og hliðsjónargögn

Ríkisútvarpið ohf. notar gjarnan skammstöfunina RÚV sem yfirheiti yfir alla þjónustu félagsins. Í skýrslu þessari vísar skammstöfunin RÚV hins vegar til aðalsjónvarpsrásar Ríkisútvarpsins en orðið Ríkisútvarpið til fjölmiðlaþjónustuveitandans Ríkisútvarpsins. Hugtakið RÚV2 vísar til aukasjónvarpsrásar Ríkisútvarpsins (RÚV Íþróttir), hugtökin Rás 1, Rás 2 og Rondó vísa til samnefndra útvarpsstöðva og vefslóðin RUV.is vísar til þjónustu Ríkisútvarpsins á vefnum.

Mat fjölmiðlanefndar á almannaþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins fyrir árið 2018 fór fram með hliðsjón af samningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins, sem gerður var á grundvelli núgildandi laga um Ríkisútvarpið og undirritaður 1. apríl 2016. Matið byggir auk þess á ársskýrslu og ársreikningi Ríkisútvarpsins fyrir árið 2018 og greinargerð Ríkisútvarpsins um fjölmiðlun í almannaþágu 2018.

3.4 Greinargerð Ríkisútvarpsins til fjölmiðlanefndar

Í samningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu 2016-2019 kemur fram að Ríkisútvarpið skuli útbúa greinargerð árlega til fjölmiðlanefndar um það hvernig Ríkisútvarpið stendur að fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu skv. 3. gr. laganna en þar skuli einnig m.a. greint frá niðurstöðum eigin mats Ríkisútvarpsins á framkvæmd ákvæða í 4. mgr. 3. gr. laganna, einkum 2. og 5. tölulið. Þá á Ríkisútvarpið að láta fjölmiðlanefnd í té upplýsingar til að hún geti sannreynt og metið gagnsæi og hlutlæga kostnaðargreiningu á almannaþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins, byggða á ársreikningi næstliðins árs, að teknu tilliti til tekna að frádregnum kostnaði við þann hluta starfseminnar sem fellur undir samkeppnisrekstur. Fjölmiðlanefnd skal njóta liðsinnis Ríkisendurskoðunar í þessu efni.

Í greinargerð sinni á Ríkisútvarpið að setja fram tölulegar upplýsingar skv. viðauka við þjónustusamninginn og skýringar á því hvernig Ríkisútvarpið hafi sinnt fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu á hverju ári í samanburði við fyrri ár. Einnig skulu koma fram hlutfallslegar breytingar á efnisþáttum í dagskrá allra miðla miðað við ársskýrslu fyrra árs. Þá á að gera grein fyrir viðhorfi almennings til starfsemi Ríkisútvarpsins eins og þau koma fram, m.a. í könnunum sem Ríkisútvarpið lætur gera, og ábendingum. Í greinargerð skal birt sundurliðun útgjalda einstakra liða til að hægt sé að sannreyna og meta gagnsæi og framsetningu í ársreikningi á kostnaði við þá fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu sem Ríkisútvarpið veitir, að teknu tilliti til tekna að frádregnum kostnaði við þann hluta

starfseminnar sem fellur undir samkeppnisrekstur, sbr. 2. mgr. 15. gr. laganna. Þá skal í greinargerð gera grein fyrir hvernig aðskilnaði rit- og dagskrárstjórnar og viðskiptalegra hagsmuna er háttað. Í greinargerð skal koma fram með hvaða hætti Ríkisútvarpið bregst við ábendingum, ákvörðunum, frávikum frá siðareglum, brotum á fréttareglum og öðru sem skiptir máli varðandi gæði eða innra eftirlit. Hafi Ríkisútvarpinu ekki tekist, á því ári sem greinargerðin tekur til, að koma einstökum atriðum í samningnum, eða sem tilgreind eru í 3. gr. laganna, í framkvæmd, skal gera grein fyrir ástæðum þess í greinargerð og hvernig stefnt sé að því að bæta úr því. Þá er í viðauka við þjónustusamninginn að finna efnisflokka og upplýsingar sem tilgreindar skulu í greinargerð.

Greinargerð Ríkisútvarpsins fyrir árið 2018, með þeim upplýsingum sem að framan greinir, barst fjölmiðlanefnd 6. mars 2020.

3.5 Sérstök markmið samkvæmt samningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins

Í samningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu segir að samningsaðilar séu ásáttir um tilteknar áherslur og sérstök markmið sem vinna skuli að á gildistíma samningsins.

1. Menningarhlutverk

1.1 Kaup af sjálfstæðum framleiðendum
1.2 Aukið framlag til íslensks efnis
1.3 Áhersla á íslenskt efni fyrir börn
1.4 Forgangsröðun erlends sjónvarpsefnis
1.5 Varðveisla og miðlun eldra efnis – Gullkista Ríkisútvarpsins

2. Lýðræðishlutverk

2.1 Fréttaþjónusta
2.2 Aðgengismál

3. Samfélagshlutverk

3.1 Stefnumótun og aðkoma almennings að henni
3.2 Þjónusta við landsbyggðina
3.3 Öryggismál og almannahlutverk
3.4 Dreifikerfi
3.5 Jafn réttur karla og kvenna
3.6 Málstefna

4. Innra eftirlit og gæðamál

Framangreindar áherslur og sérstök markmið eru skilgreind með ítarlegum hætti í samningnum sjálfum, í umfjöllun undir 2. tölulið. Fram kemur að við framkvæmd þeirra skulu tekin hliðsjón af framboði efnis og áherslum í dagskrá annarra fjölmiðla og gætt að samkeppnissjónarmiðum. Með þessum áherslum sé leitast við að skerpa á hlutverki og sérstöðu Ríkisútvarpsins á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Aðilum sé ljóst að lögin kveði á um ófrávíkjanlega lágmarksskyldu Ríkisútvarpsins. Sé þeim áherslum og markmiðum sem fram komi í samningnum því ætlað að útfæra nánar skyldur Ríkisútvarpsins samkvæmt lögunum en takmarki ekki skyldur þess ef ósamræmi reynist vera milli samningsins og laganna.





4. Skipting dagskrárefnis í útvarpi og sjónvarpi

Skyldur Ríkisútvarpsins:
Ríkisútvarpið skal framleiða og miðla vönduðu og fjölbreyttu efni með mismunandi tæknilegum aðferðum til allra landsmanna óháð búsetu.

Fjölmiðlaefnið skal hið minnsta vera fréttir og fréttaskýringar, fræðsluþættir, íþróttaþættir, afþreying af ýmsum toga, lista- og menningarþættir og sérstakt efni fyrir börn og ungmenni.
Úr 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

4.1 Skipting dagskrárefnis í sjónvarpi 2018

Ríkisútvarpið sendi út samtals 5569 klukkustundir í línulegri dagskrá í sjónvarpi árið 2018, á sjónvarpsrásunum RÚV og RÚV 2, sem nemur 822 fleiri klukkustundum en árið 2017, þegar heildarútsendingartími í línulegri dagskrá var 4747 klst. Heildarútsendingartími línulegrar dagskrár var 5010 klst. á aðalrásinni RÚV en 559 klst. á RÚV 2.

Heildarútsendingartími í línulegri dagskrá (klst.)	2015	2016	2017	2018
RÚV	4631	4697	4287	5010
RÚV 2	233	557	460	559
Samtals	4864	5254	4747	5569

Meðalútsendingartími á dag, á RÚV og RÚV 2 var 15 klst. árið 2018, sem var tveimur klst. lengri meðalútsendingartími á dag en árið á undan.

Meðalútsendingartími á dag (klst.)	2015	2016	2017	2018
RÚV / RÚV 2	13	14	13	15

Heildarútsendingartími auglýsinga í línulegri sjónvarpsdagskrá var samtals 6690 mín. á RÚV og RÚV 2, 6320 mín. á RÚV en 370 mín. á RÚV 2.

Heildarútsendingartími auglýsinga í dagskrá (mín.)	2015	2016	2017	2018
RÚV	7560	8220	6360	6320
RÚV 2	240	420	540	370
Samtals	7800	8640	6900	6690

Tegundum dagskrárefnis mátti skipta í eftirfarandi efnisflokka:

Hlutfallsleg skipting eftir tegund dagskrárefnis	2015	2016	2017	2018
Fréttir og fréttatengt efni	10,0%	9,3%	9,5%	8,0%
Listir, menning og vísindi	16,3%	17,2%	14,6%	16,8%
Leikið efni	42,3%	35,9%	38,1%	30,9%
Efni fyrir börn og ungmenni	15,1%	13,9%	15,2%	13,3%
Íþróttir (skipt eftir helstu íþróttagreinum)	11,4%	16,0%	16,3%	18,5%
Afþreyingarefni	8,9%	7,6%	6,8%	11,1%
samtals útsendar klst. á RÚV og RÚV2	4864	5254	4747	5569

Fréttir og fréttatengt efni

Fréttir og fréttatengt efni voru 8,0% af útsendu efni í línulegri sjónvarpsdagskrá sem var ögn lægra hlutfall en árið á undan, þegar hlutfall frétta og fréttatengds efnis var 9,5% í línulegri dagskrá. Bar þar hæst sjónvarps-, íþrótta- og veðurfréttir kl. 19 alla daga og einnig kl. 22 á virkum dögum, nema föstudögum, fréttaskýringaþáttinn Kveik og fréttatengdu umræðuþættina Kastljós og Silfrið. Táknmálsfréttir voru fluttar daglega í sjónvarpi og voru jafnframt aðgengilegar í Spilaranum á RUV.is. Nánar er fjallað um fréttir og fréttatengt efni í kafla 6.1.

FRÉTTIR OG FRÉTTATENGT EFNI	2015	2016	2017	2018
RÚV	478	489	448	434
RÚV2	6	1	5	13
samtals klst.	484	490	453	447

Listir, menning og vísindi

Efni tengt listum, menningu og vísindum var 16,8% af útsendu efni í línulegri dagskrá í sjónvarpi, sem er hærra hlutfall en árið á undan, sem þá var 14,6%. Bar þar hæst dagskrárgerð sem tengdist 100 ára fullveldisafmæli Íslands, eins og þáttaraðirnar Fullveldisöldin, Kaupmannahöfn – Höfuðborg Íslands, Unga Ísland, Veröld sem var og heimildarmyndin Varnarliðið. Nánar er fjallað um menningartengda dagskrárgerð í kafla 5.

LISTIR, MENNING, VÍSINDI, TÓNLIST OG TRÚMÁL	2015	2016	2017	2018
RÚV	778	861	682	880
RÚV2	14	42	10	57
samtals klst.	792	903	692	937

Leikið efni

Leikið efni var 30,9% af línulegri sjónvarpsdagskrá, nokkuð minna en árið á undan þegar hlutfallið var 38,1%. Nánar er fjallað um leikið efni í kafla 5.5.

LEIKIÐ EFNI	2015	2016	2017	2018
RÚV	2055	1868	1734	1611
RÚV2	3	16	74	108
samtals klst.	2058	1884	1808	1719

Efni fyrir börn og ungmenni

Efni fyrir börn og ungmenni í línulegri dagskrá var 13,3% árið 2018 en var til samanburðar 15,25% árið 2017 og lækkaði því um u.þ.b. tvö prósentustig. Nánar er fjallað um efni fyrir börn og ungmenni í kafla 5.6.

EFNI FYRIR BÖRN OG UNGMENNI	2015	2016	2017	2018
RÚV	732	718	698	716
RÚV2	3	11	25	26
samtals klst.	735	729	723	742

Íþróttir

Íþróttaefni var 18,5% af línulegri sjónvarpsdagskrá beggja sjónvarpsrása, sem er um tveimur prósentustigum hærra hlutfall en árið á undan en þá var hlutfallið 16,3%. Hlutfall íþrótta af heildardagskrá RÚV var 15,6% (780 klst.) og 44,4% af heildardagskrá RÚV 2 (248 klst.). Nánari umfjöllun um íþróttaefni og skiptingu eftir helstu íþróttagreinum er að finna í kafla 5.9.

ÍÞRÓTTIR	2015	2016	2017	2018
RÚV	408	567	482	780
RÚV2	147	274	292	248
samtals klst.	555	841	774	1028

Afþreyingarefni

Afþreyingarefni var 11,1% af línulegri dagskrá í sjónvarpi og var það töluvert hærra hlutfall en árið á undan, þegar hlutfallið var 6,8%.

AFÞREYING	2015	2016	2017	2018
RÚV	434	392	316	589
RÚV2	1	9	7	27
samtals	435	401	323	616

4.2 Skipting dagskrárefnis í útvarpi 2018

Útvarpsstöðvar Ríkisútvarpsins eru þrjár: Rás 1, Rás 2 og Rondó en á síðastnefndu stöðinni er eingöngu leikin klassísk tónlist. Eftirfarandi tölfræði tekur til Rásar 1 og 2 að Rondó undanskilinni.

Rás 1

Ríkisútvarpið sendi út samtals 8579 klukkustundir á Rás 1 árið 2018, sem nemur 73 færri klukkustundum en árið 2017, þegar heildarútsendingartími á Rás 1 var 8652 klst. Meðalútsendingartími á sólarhring var 24 klst., líkt og fyrri ár.

RÁS 1

Heildarútsendingartími í línulegri dagskrá (klst.)	2015	2016	2017	2018
Rás 1	8340	8784	8652	8579

Meðalútsendingartími á sólarhring (klst.)	2015	2016	2017	2018
Rás 1	23	24	24	24

Dagskrárefni á Rás 1 skiptist í eftirfarandi efnisþætti:

Skipting dagskrárefnis eftir efnisþáttum (klst. og hlutfall af heild)	2015	%	2016	%	2017	%	2018	%
Leikið efni	27	0,33%	36	0,41%	20	0,23%	9	0,11%
Skemmtiefni og dægradvöl	140	1,68%	94	1,07%	41	0,48%	3	0,04%
Barna og unglingaefni	73	0,87%	54	0,61%	57	0,66%	82	0,95%
Sígild tónlist	882	10,57%	972	11,06%	736	8,51%	543	6,33%
Önnur tónlist (djass-, milli-, popp- og rokktónlist - þjóðlög/heimstónlist)	657	7,59%	676	7,71%	700	8,09%	797	9,29%
Fréttir og fréttatengt	762	9,13%	706	8,04%	733	8,48%	684	7,97%
Samfélagsmál	1816	21,77%	1799	20,48%	2115	24,44%	2211	25,77%
Listir, menning og vísindi	3654	43,81%	4103	46,70%	3918	45,28%	3909	45,57%
Trúmál	215	2,58%	97	1,11%	101	1,17%	99	1,15%
Auglýsingar	114	1,37%	154	1,75%	153	1,77%	157	1,83%
Annað efni (kynningar og uppfylling)*			93	1,06%	78	0,90%	85	0,99%
*skráning á öðru efni hófst 2016	8340	99,70%	8784	100,00%	8652	100,01%	8579	100,00%

Rás 2

Ríkisútvarpið sendi út samtals 8718 klukkustundir á Rás 2 árið 2018, sem nemur 42 fleiri klukkustundum en árið 2017, þegar heildarútsendingartími á Rás 2 var 8676 klst. Meðalútsendingartími á sólarhring var 24 klst. líkt og fyrri ár.

RÁS 2

Heildarútsendingartími í línulegri dagskrá (klst.)	2015	2016	2017	2018
Rás 2	8761	8786	8676	8718

Meðalútsendingartími á sólarhring (klst.)	2015	2016	2017	2018
Rás 2	24	24	24	24

Dagskrárefni á Rás 2 skiptist í eftirfarandi efnisþætti:

Skipting dagskrárefnis eftir efnisþáttum (klst. og hlutfall af heild)	2015	%	2016	%	2017	%	2018	%
Skemmtiefni	192	2,19%	186	2,11%	178	2,05%	239	2,74%
Millitónlist	181	2,07%	212	2,41%	185	2,13%	180	2,06%
Popp og rokktónlist	4110	46,92%	4619	52,58%	5226	60,23%	5522	63,34%
Íþróttir	254	2,90%	250	2,84%	267	3,08%	189	2,17%
Fréttir og fréttatengt	869	9,92%	861	9,80%	818	9,43%	764	8,76%
Samfélagsmál	2778	31,71%	2316	26,36%	1636	18,85%	1516	17,39%
Listir, menning og vísindi	9	0,10%	9	0,10%	9	0,11%	5	0,06%
Auglýsingar	368	4,20%	333	3,79%	357	4,12%	303	3,48%
	8761	100,01%	8786	99,99%	8676	100,00%	8718	100,00%

Hlutfall íslenskrar tónlistar á Rás 2 hefur verið 50-55% síðustu ár og átti það einnig við árið 2018.


RÚV


ÁRNESHREPPUR
5 FULLTRÚAR
Á KJÖRSKRÁ: 46
KJÖRSÓKN: 93,5%
LOKATÖLUR

5. Menningarhlutverk

Skyldur Ríkisútvarpsins:
3. mgr. 3. gr.

Ríkisútvarpið skal sinna menningarlegu hlutverki sínu m.a. með því að:
1. Leggja rækt við íslenska tungu.
2. Kynna sögu þjóðarinnar, menningararfleifð og náttúru.
3. Bjóða fjölbreytt og vandað menningarefni og fjalla um ólík svið menningar, lista og íþrótta á Íslandi og erlendis, auk þess að vera vettvangur umræðna og skoðanaskipta um íslenska menningu og samfélag.
4. Framleiða sjálft og í samstarfi við aðra lista- og menningarefni, með sérstakri áherslu á leikið efni, auk þess að endurspegla samtímamenningu þjóðarinnar. Ríkisútvarpið skal vera virkur þátttakandi í íslenskri kvikmyndagerð, m.a. með kaupum frá sjálfstæðum framleiðendum. Í samningi sem ráðherra gerir við Ríkisútvarpið skv. 4. mgr. 2. gr. skal mælt fyrir um lágmarkshlutfall dagskrárefnis sem keypt er af sjálfstæðum framleiðendum.
5. Framleiða og miðla fjölbreyttu efni við hæfi barna og ungmenna.
6. Miðla afþreyingar- og menningarefni við hæfi fólks á öllum aldri. Erlent efni skal vera frá mismunandi menningarheimum og áhersla lögð á norrænt og annað evrópskt efni.

Úr lögum um Ríkisútvarpið nr. 23/2013

2.1 Menningarhlutverk
Ríkisútvarpið skal hlúa að menningu þjóðarinnar, leggja rækt við íslenska tungu, listir og íþróttir. Ríkisútvarpið skal koma til móts við þarfir almennings um vandað, íslenskt efni og styðja við framleiðslu og nýsköpun á slíku efni, jafnt sem annars konar listsköpun og störf listamanna.

Ríkisútvarpið skal á gildistímanum leggja aukna áherslu á innlenda dagskrárgerð og að færa menningarefni framar í forgangsröðun í dagskrá. Menningar- og afþreyingarefni sem Ríkisútvarpið býður upp á skal vera vandað og fjölbreytt og hafa skírskotun til breiðs hóps landsmanna. Á útvarpsrásum Ríkisútvarpsins skal vera lögð áhersla á íslenska tónlist og einnig skal flutt unnið dagskrárefni.

Ríkisútvarpið skal fjalla um, útvarpa og sýna frá menningartengdum viðburðum sem og íþróttaviðburðum, bæði innanlands og erlendis. Í umfjöllun um íþróttaviðburði skal fjölbreytni höfð að leiðarljósi og jafnræðis gætt á milli íþróttagreina eins og kostur er.

Úr þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins 2016-2019

5.1 Innlend og menningartengd dagskrárgerð

Stefna RÚV á sviði menningar er að varðveita og miðla menningu, vinna að frumsköpun verka og framleiða leikið efni úr íslenskum veruleika. Í greinargerð RÚV kemur fram að innlend og menningartengd

dagskrárgerð hafi sem endranær verið í hávegum höfð í miðlum RÚV árið 2018. Vakin er sérstök athygli á þáttum eða þáttaröðum sem á einn eða annan hátt tengdust 100 ára fullveldisafmæli Íslands. Hátíðarhöldum vegna fullveldisafmælisins voru gerð skil með ýmsum hætti, m.a. með viðamiklum beinum útsendingum frá hápunktum hátíðardagskrárinnar, sérstökum hátíðarþingfundi á Þingvöllum í júní og hátíðarsýningu í Eldborgarsal Hörpu að kvöldi fullveldisdagsins 1. desember. Sýningin kallaðist *Íslendingasögur – sinfónísk sagnaskemmtun* og var byggð á sögum Íslendinga fyrr og nú, í tali og tónum. Á sýningunni komu fram Sinfóníuhljómsveit Íslands, leikarar, söngvarar og einleikarar, ásamt Schola cantorum og Kór Menntaskólans við Hamrahlíð. Við upphaf hennar fluttu Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands og Margrét Þórhildur Danadrottning stutt ávörp.

Sagafilm framleiddi af þessu tilefni tíu þátta röð fyrir RÚV, *Fullveldisöldin*, sem sýnd var í aðdraganda fullveldisafmælisins. Aðrar menningar- og mannlífstengdar þáttaraðir, sem fjölluðu með einhverjum hætti um sögu þjóðarinnar, voru sýndar á árinu: Í sex þátta röð, *Kaupmannahöfn – höfuðborg Íslands*, sem sýnd var í ársbyrjun, gengu Egill Helgason og Guðjón Friðriksson um slóðir merkra Íslendinga sem bjuggu í Kaupmannahöfn, sóttu þangað menntun, þekkingu, vinnu eða andargift og settu mark sitt á borgina. Í febrúar hófu göngu sína þættirnir *Unga Ísland*, þar sem Björn Brynjúlfur Björnsson rakti sögu íslenskrar unglingamenningar frá því fyrir 1950 og til aldamóta. Í *Veröld sem var* litu Felix Bergsson, Margrét Blöndal og Ragnhildur Thorsteinsson um öxl og rifjuðu upp gamlar og góðar stundir frá 20. öldinni og beindu sjónum sínum að hvers kyns spaugilegum deilum, kenjum, æði og tískufyrirbærum sem gripið hafa landann. Heimildamyndin *Varnarliðið* eftir Guðberg Davíðsson og Konráð Gylfason var sýnd í fjórum hlutum í ársbyrjun en þar var rakin saga bandarísku varnarliðsins á Íslandi, allt frá komu þess til landsins í seinni heimsstyrjöldinni þar til það hvarf á braut 2006.

Af föstum dagskrárliðum og áframhaldandi þáttaröðum á dagskrá RÚV má nefna mannlífs- og menningarþáttinn *Landann*, sem naut áfram mikilla vinsælda, bókmenntaþáttinn *Kiljuna*, í umsjón Egils Helgasonar, mannlífs- og menningarþáttinn *Með okkar augum*, tónlistarþáttinn *Af fingrum fram*, þar sem Jón Ólafsson ræddi við íslenska tónlistarmenn, og *Menninguna*, í umsjón Bergsteins Sigurðssonar og Guðrúnar Sóleyjar Gestsdóttur, þar sem helstu menningarfréttum voru gerð skil fjóra daga vikunnar. Nýjar íslenskar þáttaraðir fjölluðu með einum eða öðrum hætti um íslenskt mannlíf, eins og *Sítengd*, sex þátta röð eftir Ragnhildi Steinunni Jónsdóttur, Viktoríu Hermannsdóttur og Eirík Inga Böðvarsson, þar sem heimur samfélagsmiðla og hlutverk þeirra í lífi ungmenna, var viðfangsefnið, og *Hæpið*, fjögurra þáttaröð sem beindi sjónum að ungu fólki og áskorunum samtímans.

Í þáttaröðinni Paradísarheimt ræddu Jón Ársæll Þórðarson og Steingrímur Jón Þórðarson við fólk sem hefur afplánað fangelsisvist. Útivist í ósnortinni íslenskri hálendisfegurð var viðfangsefni fyrstu þáttaraðar Róberts Marshall og Brynhildar Ólafsdóttur, *Úti*. Útivist, tómstundir og fjölskyldusamvera var einnig megininntakið i *Veiðikofanum*, þáttum í umsjón Gunnars og Ásmunds Helgasonar. Í menningarþættinum *Djók í Reykjavík* kynntu Dóri DNA og Gaukur Úlfarsson sér uppistandssenuna í Reykjavík og ræddu við uppistandara.

Sýndar voru vel valdar íslenskar heimildarmyndir í hverjum mánuði. Sú sem mest áhorf fékk á árinu 2018 var *Reynir Sterki* eftir Baldvin Z, sem sýnd var á nýársdag.

Einnig voru beinar útsendingar og upptökur frá menningartengdum viðburðum á sínum stað, eins og *Klassíkin okkar*, tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands, í samstarfi við RÚV, þar sem landsmönnum gafst kostur á að velja uppáhalds íslensku tónsmíðina sína í tilefni 100 ára fullveldisafmælis. Tónleikarnir mörkuðu upphaf vetrardagskrár RÚV í þriðja sinn.

Leikið íslenskt efni

Í greinargerð RÚV segir að fyrir fáeinum árum hafi verið tekin stefnumótandi ákvörðun um að auka markvisst, jafnt og þétt, áherslur og þar af leiðandi framboð á leiknu, íslensku efni. Fjögur stór leikin verkefni

voru á dagskrá árið 2018. Sjónvarpsmyndin Mannasiðir, sem sýnd var í tveimur hlutum um páskana. Myndin var byggð á samnefndu sviðsverki og útvarpsleikriti Maríu Reynisdóttur og fjallaði um tvö reykvísk ungmenni og afleiðingarnar sem það hefur fyrir þau bæði og samfélag þeirra þegar hún ásakar hann um að hafa beitt hana kynferðislegu ofbeldi.

Vegna aukinnar áherslu á leikið efni var stofnað til RÚV mynda árið 2017, sérstakrar einingar innan dagskrárdeildar sjónvarps, sem fer með umsjá og afgreiðslu allra leikinna verkefna fyrir RÚV. Framlag til leikins efnis var um leið tvöfaldað frá því sem áður var með það að markmiði að bjóða upp á hið minnsta þrjú leikin verkefni á ári.

Fjögur leikin verkefni voru frumsýnd á árinu 2018, sem og *Áramótaskaupið* sem var sýnt á gamlárskvöld. *Mannasiðir*, sjónvarpsmynd í tveimur hlutum, var frumsýnd um páskana. Sex þátta sjónvarpsútgáfa af kvikmyndinni *Víti í Vestmannaeyjum* var sýnd í september. Bragi Þór Hinriksson leikstýrði þáttunum sem byggðir voru á samnefndri bók Gunnars Helgasonar. Í þáttaröðinni var veitt innsýn í heim ungra knattspyrnuhetja sem taka þátt í Pollamótinu í Vestmannaeyjum og lenda þar í ýmsum ævintýrum. *Flateyjargátan* var sýnd á sunnudagskvöldum í nóvember og desemberbyrjun. Það var dramatísk spennuþáttaröð í fjórum hlutum eftir Björn Brynjúlf Björnsson, framleidd af Sagafilm. Margrét Örnólfsdóttir skrifaði handritið sem byggt er á samnefndri glæpasögu eftir Viktor Arnar Ingólfsson. Þá voru fyrstu tveir þættirnir af *Ófærð 2* frumsýndir um jólin 2018 en framhald þáttaraðarinnar var svo sýnt í ársbyrjun 2019. Ófærð var í leikstjórn Baltasars Kormáks, með Ólafi Darra Ólafssyni, Ilmi Kristjánsdóttur og Ingvari E. Sigurðssyni í aðalhlutverkum. Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisútvarpinu slógu þættirnir áhorfsmet, auk þess sem engir dagskrárliðir hafa fengið jafnmikið hliðrað áhorf.

Boðið var upp á fjölda frumsýninga á íslenskum, leiknum bíómyndum á árinu. Eiðurinn eftir Baltasar Kormák var sýnd að kvöldi nýársdags og Undir trénu eftir Hafstein Gunnar Sigurðsson var sýnd á föstudaginn langa. Meðal annarra íslenskra bíómynda sem frumsýndar voru í sjónvarpi á árinu má nefna Borgríki 2 – Blóð hraustra manna, eftir Ólaf de Fleur, og teiknimyndina Lói – þú flýgur aldrei einn, í leikstjórn Árna Ólafs Ásgeirssonar, sem byggð er á handriti Friðriks Erlingssonar og var sýnd á jóladag.

Þá segir í greinargerð RÚV að töluverðu fjármagni hafi verið varið til þróunar, handritaskrifa og framleiðslu á nýju, leiknu sjónvarpsefni á árinu 2018.

Umfjöllun um leikið erlent efni á RÚV er í kafla 5.7.

Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva

Söngvakeppnin 2018 var haldin í febrúar þar sem Ari Ólafsson söng til sigurs í úrslitakeppni í Laugardagshöll og keppti fyrir Íslands hönd í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva í Lissabon í Portúgal.

5.2 Málstefna

Skyldur Ríkisútvarpsins:
Ríkisútvarpið skal sinna menningarlegu hlutverki sínu m.a. með því að:
1. Leggja rækt við íslenska tungu.[1]
3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

1 Sjá einnig 6. gr. laga um Ríkisútvarpið, um textun og táknmálstúlkun.

2.3.6. Ríkisútvarpið skal leggja rækt við íslenska tungu. Kappkostað skal að málfar í Ríkisútvarpinu sé til fyrirmyndar og allt innlent efni sem miðlað er sé á vandaðri íslensku.

Aðgerðir og viðmið:
-Á samningstímabilinu skal Ríkisútvarpið endurskoða málstefnu sína. Ný og endurskoðuð málstefna skal kynnt fyrir árslok 2016.
-Starfsmönnum Ríkisútvarpsins ber að kynna sér málstefnuna og haga störfum sínum í samræmi við hana. Starfsmenn skulu hafa aðgang að málfarsráðgjöf.
Úr þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins

Ríkisútvarpið hefur sett sér málstefnu, sem aðgengileg er á vefnum RUV.is. Var hún endurskoðuð í upphafi árs 2018 og áherslum í henni breytt nokkuð. Samkvæmt ársskýrslu RÚV er málrækt þar í fyrirrúmi, auk þess sem í fyrsta sinn var settur inn kafli um jafnrétti sem felur í sér að tungumálið megi ekki nota til að mismuna fólki. Málfarsráðgjafar sinna yfirlestri og ráðgjöf og stuðla þannig að því að bæta íslenskukunnáttu og auðga málfar starfsfólks. Umfang yfirlestrar hefur aukist jafnt og þétt á undanförnum árum. Málfarsráðunautur og málfarsráðgjafar sinna líka upplýsingagjöf og fræðslu um íslenskt mál fyrir almenning og koma reglulega fram í útvarpsþáttum á Rás 1 og 2 í þeim tilgangi.

Þýðingardeild RÚV sér um þýðingar á öllu erlendu efni í sjónvarpsdagskrá RÚV. Þess er gætt að ávallt fylgi íslenskt tal, íslensk talsetning eða texti á íslensku eftir því sem við verður komið.

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið skilyrði 1. tölul. 3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið árið 2018, sbr. ákvæði 2.3.6. í samningi Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðuneytis um fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu 2016-2019.

5.3 Kaup af sjálfstæðum framleiðendum

Skyldur Ríkisútvarpsins:
Ríkisútvarpið skal sinna menningarlegu hlutverki sínu m.a. með því að:

4. Framleiða sjálft og í samstarfi við aðra lista- og menningarefni, með sérstakri áherslu á leikið efni, auk þess að endurspegla samtímamenningu þjóðarinnar. Ríkisútvarpið skal vera virkur þátttakandi í íslenskri kvikmyndagerð, m.a. með kaupum frá sjálfstæðum framleiðendum. Í samningi sem ráðherra gerir við Ríkisútvarpið skv. 4. mgr. 2. gr. skal mælt fyrir um lágmarkshlutfall dagskrárefnis sem keypt er af sjálfstæðum framleiðendum.
3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

2.1.1 Kaup af sjálfstæðum framleiðendum
Ríkisútvarpið skal styrkja og efla sjálfstæða sjónvarpsþátta-, kvikmynda- og heimildarmyndagerð með því að gerast kaupandi eða meðframleiðandi að slíku efni. Á samningstímabilinu skal Ríkisútvarpið kaupa eða vera meðframleiðandi að leiknu sjónvarpsefni, kvikmyndum, heimildarmyndum eða öðru dagskrárefni í miðlum Ríkisútvarpsins. Ríkisútvarpið skal verja til þess að lágmarki 8% af heildartekjum á árinu 2016, 9% árið 2017, 10% árið 2018 og 11% árið 2019.
Úr þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins

Í lögum um Ríkisútvarpið segir að Ríkisútvarpið skuli vera virkur þátttakandi í íslenskri kvikmyndagerð, m.a. með kaupum frá sjálfstæðum framleiðendum. Í þjónustusamningi ráðherra við Ríkisútvarpið er mælt fyrir um lágmarkshlutfall dagskrárefnis sem keypt er af sjálfstæðum framleiðendum.

Í skýringum við 4. tölul. 3. mgr. 3. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum um Ríkisútvarpið segir að samkvæmt þessu skuli Ríkisútvarpið vera vettvangur nýsköpunar í dagskrárgerð og styrkja og efla sjónvarpsþátta-, kvikmynda- og heimildamyndagerð með því að gerast kaupandi eða meðframleiðandi að slíku efni. Litið sé svo á að Ríkisútvarpið sé veigamikill aðili að kvikmyndun og kvikmyndagerð hér á landi og af því leiði að hlutverks þess sé getið í sameiginlegri stefnu ríkisins og þeirra sem fáist við kvikmyndir. Einnig sé ráðgert að Ríkisútvarpið flytji fréttir af og sýni frá íþróttaviðburðum bæði innanlands og erlendis. Í umfjöllun sé gert ráð fyrir að fjölbreytni sé höfð að leiðarljósi og jafnræðis gætt milli íþróttagreina eins og kostur sé.

Á meðal þess sem fjölmiðlanefnd skoðar í árlegu mati sínu er hvort tilskildum viðmiðum um kaup af sjálfstæðum framleiðendum, eins og þau eru skilgreind í þjónustusamningi, hafi verið náð.

Samkvæmt 1. mgr. 2.1.1 gr. í þjónustusamningi Ríkisútvarpsins við mennta- og menningarmálaráðuneytið átti Ríkisútvarpið að verja að lágmarki 10% af heildartekjum á árinu 2018 til kaupa af sjálfstæðum framleiðendum, þ.e. til að kaupa eða vera meðframleiðandi að leiknu sjónvarpsefni, kvikmyndum, heimildarmyndm eða öðru dagskrárefni í miðlum Ríkisútvarpsins.

Í viðauka við skýrslu þessa er að finna lista yfir kaup Ríkisútvarpsins af sjálfstæðum framleiðendum árið 2018 og lista yfir sjálfstæða framleiðendur.

Samkvæmt úrskurði úrskurðarnefndar um upplýsingamál frá 14. febrúar 2020 var fyrrgreindur listi afhentur blaðamanni Fréttablaðsins en Ríkisútvarpið hafði áður hafnað því að afhenda listann með vísan til m.a. mikilvægra fjárhags- og viðskiptahagsmuna viðsemjenda félagsins. Í kjölfar úrskurðarins voru slíkir listar fyrir 2018 og 2019 gerðir aðgengilegir á vef fjölmiðilsins.

Í greinargerð Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu 2018 kemur fram að allt framlag Ríkisútvarpsins til leikins efnis árið 2018 hafi runnið til sjálfstæðra framleiðenda og framleiðslufyrirtækja, eins og á fyrra ári. Í greinargerðinni segir jafnframt að kaup Ríkisútvarpsins af sjálfstæðum framleiðendum árið 2018 hafi verið 884.139 þús. kr. (884 m. kr.) eða 13,24% af heildartekjum Ríkisútvarpsins það ár, sem er vel yfir því lágmarki sem miðað er við í þjónustusamningi fyrir árið 2018 (10%).[4]

Samkvæmt listanum sem afhentur var Fréttablaðinu námu kaup af sjálfstæðum framleiðendum hins vegar 796.306.285 kr. eða 11,93% af heildartekjum Ríkisútvarpsins 2018, sem einnig er vel yfir því lágmarki sem skilgreint er í þjónustusamningi fyrir það ár. Samkvæmt Ríkisútvarpinu skýrist það af því að listi Fréttablaðsins hafi takmarkast við sjónvarpsefni (þ.m.t. talsetningu og tækjaleigu) en talan sem birtist í greinargerð RÚV og ársskýrslu hafi tekið til allra miðla. Þá hafi listi Fréttablaðsins grundvallast á svari ráðherra vegna fyrirspurnar til Alþingis. Fram kemur í skýringum RÚV að í samráði við ráðuneytið hafi verið ákveðið að miða aðeins við sjónvarpsefni sem RÚV hafi keypt eða verið meðframleiðandi að í svörum við fyrirspurn Alþingis. Talan í greinargerð RÚV byggist á þjónustusamningnum.

Kaup Ríkisútvarpsins af sjálfstæðum framleiðendum	2017	2018
Kaup af sjálfstæðum framleiðendum (kr.)	799.531.000	884.139.000
Kaup af sjálfstæðum framleiðendum (% af heildartekjum)	12,39%	13,24%

Hvorki í lögum um Ríkisútvarpið né í samningi um fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu 2016-2019 er að finna skilgreiningu á hugtakinu sjálfstæður framleiðandi. Hugtakið er skilgreint svo í 36. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla:

> *Sjálfstæður framleiðandi hljóð- eða myndefnis* er fyrirtæki sem jafnframt er sjálfstæður lögaðili, óháður viðkomandi fjölmiðlaveitu í þeim skilningi að hann er ekki undir beinum eða óbeinum yfirráðum hennar, hvorki sér né sameiginlega með öðrum, og hefur frelsi til að skilgreina sína eigin viðskiptastefnu.

Samkvæmt skilgreiningu hugtaksins „sjálfstæður framleiðandi“ í lögum um fjölmiðla geta því einungis fyrirtæki sem jafnframt eru sjálfstæðir lögaðilar talist sjálfstæðir framleiðendur. Þá felur hugtakið í sér að hinn sjálfstæði framleiðandi þarf að vera óháður Ríkisútvarpinu í þeim skilningi að hann sé ekki undir beinum eða óbeinum yfirráðum þess.

Svo virðist sem 2.2.1 gr. samnings um fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu 2016-2019 sé þó ætlað að hafa víðtækari skírskotun en hugtakinu sjálfstæður framleiðandi samkvæmt lögum um fjölmiðla. Í viðauka við samninginn er m.a. fjallað um sérstök markmið á samningstímanum vegna kaupa af sjálfstæðum framleiðendum en þar segir í 2. tölulið 2. liðar:

> Kaup af sjálfstæðum framleiðendum sem hlutfall af heildartekjum. Um er að ræða kaup á dagskrárefni af sjálfstæðum framleiðendum, meðframleiðslu, aðkeypta þjónustu, þ. á m. vegna talsetningar, leigu á búnaði o.fl.

4 Heildartekjur Ríkisútvarpsins voru 6.676.951 þús. kr. árið 2018 samkvæmt upplýsingum frá Ríkisútvarpinu.

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisútvarpinu tekur greinargerð félagsins til fjölmiðlanefndar mið af skilgreiningu hugtaksins sjálfstæður framleiðandi í lögum um fjölmiðla en að auki af framangreindu ákvæði í viðauka og 2.2.1 gr. þjónustusamnings en þar hafa verið tekin saman samanlögð kaup af sjálfstæðum framleiðendum, fjárveitingar til meðframleiðslu og kaup á öðru dagskrárefni.

Samkvæmt lista yfir kaup Ríkisútvarpsins af sjálfstæðum framleiðendum, sem afhentur var Fréttablaðinu samkvæmt úrskurði úrskurðarnefndar um upplýsingamál vorið 2020, voru verktakagreiðslur til dagskrárgerðarfólks, pródúsenta og myndatökumanna hjá Ríkisútvarpinu á meðal þess sem talið var til kaupa af sjálfstæðum framleiðendum. Ekki var þar eingöngu um greiðslur til lögaðila að ræða, heldur einnig verktakagreiðslur til einstaklinga sem, samkvæmt upplýsingum sem sóttar voru 7. júlí 2020 af vefnum RÚV.is, voru starfsmenn Ríksútvarpsins.[5] Þar á meðal voru greiðslur til einstaklinga sem störfuðu fyrir íþróttadeild, við sjónvarpsþættina Menninguna, Landann, Gettu betur, Silfrið og Vikuna. Einnig vekur athygli að Viðskiptaráð var á lista yfir sjálfstæða framleiðendur.

Fjölmiðlanefnd óskaði eftir skýringum á þessu með tölvupósti til útvarpsstjóra 28. maí sl. Af svörum skrifstofustjóra Ríkisútvarpsins 29. júní sl. mátti ráða að Ríkisútvarpið teldi samningsákvæði 2.1.1 uppfyllt með vísan til framangreinds orðalags í viðauka samningsins og þess að í 2.1.1 gr. sé gert ráð fyrir heimild til kaupa á „öðru dagskrárefni" í miðlum Ríkisútvarpsins en ekki einvörðungu leiknu sjónvarpsefni, kvikmyndum og heimildarmyndum. Jafnframt kom fram að Ríkisútvarpið líti ekki svo á að eingöngu lögaðilar geti talist til sjálfstæðra framleiðenda:

> Varðandi „hvort Ríkisútvarpið telji einstaklinga, þ.m.t. verktaka sem starfa fyrir Ríkisútvarpið sem myndatökumenn eða við aðra dagskrárgerð, til sjálfstæðra framleiðenda", þá voru myndatökumenn ekki flokkaðir sem slíkir fyrir árið 2018. Hitt er rétt að einstaklingar sem koma að dagskrárgerð geta talist til sjálfstæðra framleiðanda. Þá er um að ræða einstaklinga, sem eru ekki launþegar hjá RÚV, og sem hafa með höndum sjálfstæðan rekstur yfirleitt í gegnum lögpersónu, en stundum á eigin kennitölu. Þessir aðilar eru óháðir RÚV í þeim skilningi að þeir eru ekki undir beinum eða óbeinum yfirráðum RÚV, hvorki sér né sameiginlega með öðrum, og hafa frelsi til að skilgreina sína eigin viðskiptastefnu. Er þetta í samræmi við skilgreiningu fjölmiðlalaga og eðli máls og meginreglur fjármunaréttar. Sömu sjónarmið gætu átt við myndatökumenn ef því væri að skipta.
>
> Það hefur þannig ekki verið skilningur RÚV (frekar en ráðuneytisins) að „einyrkjar" séu undanskildir, enda eru þeir mikilvægur þáttur í flóru sjálfstæðra aðila á markaði rétt eins og lögaðilar á borð við stór framleiðslufyrirtæki. *(Úr tölvupósti frá skrifstofustjóra Ríkisútvarpsins 29. júní 2020).*

Fjölmiðlanefnd óskaði eftir frekari skýringum á framangreindu með tölvupósti 6. júlí sl. Var þá sérstaklega óskað eftir skýringum á því af hverju verktakagreiðslur til tiltekinna einstaklinga, sem þá voru skráðir starfsmenn Ríkisútvarpsins á vefnum RÚV.is og starfa m.a sem myndatökumenn, væru taldar með í útreikningum Ríkisútvarpsins á greiðslum til sjálfstæðra framleiðenda. Í svörum skrifstofustjóra RÚV kom fram að umræddir starfsmenn væru ekki launþegar hjá RÚV og því ekki starfsmenn RÚV. Þá var ítrekað í svörum skrifstofustjórans að RÚV teldi myndatökumenn geta talist til sjálfstæðra framleiðenda, þar á meðal myndatökumenn sem jafnframt væru „pródúsentar"/framleiðendur dagskrárefnis og sem önnuðust m.a. dagskrárgerð (myndatöku, klippingu efnis, hljóðsetningu o.fl.).

Að mati fjölmiðlanefndar getur skilgreining laga um fjölmiðla um að sjálfstæðir framleiðendur séu lögaðilar óháðir viðkomandi fjölmiðlaveitu vart talist uppfyllt ef um er að ræða verktaka sem hafa að aðalstarfi að sinna íþróttafréttum eða dagskrárgerð í sjónvarpsþáttum sem eru framleiddir af RÚV og eru hluti af daglegri eða vikulegri dagskrá RÚV. Þá geti einstaklingar sem 7. júlí 2020 voru skráðir starfsmenn RÚV á vef Ríkisútvarpsins, með eigið netfang á netþjóni RÚV, trauðla talist óháðir fjölmiðlaveitunni Ríkisútvarpinu í

5 Upplýsingar sóttar af vef Ríkisútvarpsins 7. júlí 2020 af <https://www.ruv.is/starfsmannaleit>. Tekið skal fram að sömu upplýsingar höfðu verið fjarlægðar af vefnum 8. júlí 2020.

skilningi laga um fjölmiðla, þótt viðkomandi einstaklingar séu ekki á launaskrá Ríkisútvarpsins, heldur þiggi verktakagreiðslur. Jafnframt er ljóst að samkvæmt ákvæði 36. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla teljast einstaklingar ekki til sjálfstæðra framleiðenda, einungis fyrirtæki sem jafnframt eru sjálfstæðir lögaðilar. Telur fjölmiðlanefnd að efni samningsákvæðis 2.1.1 og viðauka samningsins hafi verið ákvarðað rýmra af hálfu Ríkisútvarpsins en orðalag 4. tölul. 3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið gefi til kynna. Virðast þau sjónarmið sem túlkun Ríkisútvarpsins byggir á í raun geta leitt til þess að unnt væri að fella allar greiðslur til einstaklinga sem starfa við dagskrárgerð hjá Ríkisútvarpinu undir greiðslur til sjálfstæðra framleiðenda, að því tilskildu að um verktakagreiðslur væri að ræða. Að mati fjölmiðlanefndar verður ekki séð að löggjafinn hafi viljað fella fleiri tilvik þar undir en þau sem miða að því markmiði 4. tölul. 3. mgr. 3. gr. að Ríkisútvarpið skuli vera virkur þátttakandi í íslenskri kvikmyndagerð, m.a. með kaupum frá sjálfstæðum framleiðendum.

Með vísan til framangreinds telur fjölmiðlanefnd að gera verði ríkari kröfur um sjálfstæði og óhæði hinna sjálfstæðu framleiðenda sem greiðslur Ríkisútvarpsins renna til. Hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið upplýst fjölmiðlanefnd um að framangreindu samningsákvæði verði breytt í drögum að nýjum þjónustusamningi, með þeim hætti að aðeins verði gerð krafa um kaup af sjálfstæðum framleiðendum. Verði lágmarkshlutfalli og fjárhæðum breytt til samræmis við það.

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið skilyrði um framleiðslu lista- og menningarefnis, með sérstakri áherslu á leikið efni sem og skilyrði um þátttöku í íslenskri kvikmyndagerð, m.a. með kaupum frá sjálfstæðum framleiðendum, árið 2018, sbr. 4. tölul. 3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið.

Þá er það mat fjölmiðlanefndar að viðmið þjónustusamnings um að Ríkisútvarpið verji 10% lágmarkshlutfalli af heildartekjum til kaupa af sjálfstæðum framleiðendum árið 2018, teljist uppfyllt, með fyrirvara um túlkun á inntaki 2.1.1 gr. í þjónustusamningi. Gera verði ríkari kröfur um sjálfstæði og óhæði hinna sjálfstæðu framleiðenda sem greiðslur Ríkisútvarpsins renna til.

5.4 Aukið framlag til leikins íslensks efnis

Skyldur Ríkisútvarpsins:
3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið
Ríkisútvarpið skal sinna menningarlegu hlutverki sínu m.a. með því að:
4. Framleiða sjálft og í samstarfi við aðra lista- og menningarefni, með sérstakri áherslu á leikið efni, auk þess að endurspegla samtímamenningu þjóðarinnar. Ríkisútvarpið skal vera virkur þátttakandi í íslenskri kvikmyndagerð, m.a. með kaupum frá sjálfstæðum framleiðendum. Í samningi sem ráðherra gerir við Ríkisútvarpið skv. 4. mgr. 2. gr. skal mælt fyrir um lágmarkshlutfall dagskrárefnis sem keypt er af sjálfstæðum framleiðendum
Úr þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins

2.1.2 Aukið framlag til leikins íslensks efnis
Á gildistíma samningsins mun Ríkisútvarpið leggja aukna áherslu á íslenskt leikið efni til að stuðla að eflingu kvikmyndagerðar í landinu, með það að markmiði að auka framboð og gæði á íslensku leiknu sjónvarpsefni.

Lögð skal áhersla á aukið samstarf Ríkisútvarpsins við Kvikmyndamiðstöð Íslands og sjálfstæða framleiðendur. Aukið framlag í þennan efnisflokk verður á kostnað efnisflokka í sjónvarpi en þó ekki á kostnað framlags til framleiðslu og kaupa á barnaefni.

Aðgerðir og viðmið
-Innan Ríkisútvarpsins skal stofnuð sérstök eining undir heitinu RÚV MYNDIR
-Hlutverk RÚV MYNDIR er að stuðla að auknu framboði á leiknu íslensku gæðaefni. Þessari einingu skal stýrt af sérstöku fagráði sem útvarpsstjóri skipar og ber að starfa eftir gagnsæjum og faglegum starfsreglum.
-Ríkisútvarpið mun tvöfalda framlag sitt til leikins efnis og skuldbindur sig til að verja árlega 200 milljónum króna hið minnsta til kaups eða meðframleiðslu á slíku efni árið 2017, 2018 og 2019 með fyrirvara um mótframlög til framleiðslu á efninu.
Eigi minna en 80% af árlegu framlagi til leikins efnis skal renna til sjálfstæðra framleiðenda sbr. gr. 2.1.1.

Samkvæmt upplýsingum í greinargerð Ríkisútvarpsins um fjölmiðlun í almannaþágu fyrir árið 2018 var innlend dagskrárgerð í forgangi í öllum miðlum RÚV og sérstök áhersla lögð á gerð leikins efnis, menningarefnis og útsendinga frá menningar- og stórviðburðum sem sameina þjóðina.

Hlutdeild íslensks efnis í sjónvarpi (RÚV og RÚV2) hefur aukist jafnt og þétt á síðustu árum og var

52,5% árið 2018. Framlag Ríkisútvarpsins til innlends, leikins sjónvarpsefnis árið 2018 var tvöfaldað frá því sem það var áður, nam 423 m. kr. eða 6,3% af heildartekjum en var til samanburðar 251 m. kr. árið 2017. Er upphæðin 2018 yfir því marki sem miðað er við í þjónustusamningi Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins fyrir árið 2018 (200 m. kr. hið minnsta). Allt framlag Ríkisútvarpsins til leikins efnis árið 2018 eða 100% rann til sjálfstæðra framleiðenda og er það hlutfall einnig yfir því marki sem miðað er við í þjónustusamningi (a.m.k. 80%).

Framlag Ríkisútvarpsins til innlends, leikins sjónvarpsefnis	2017	2018
Framlag til innlends, leikins sjónvarpsefnis (kr.)	251.347.000	423.000.000
Framlag til innlends, leikins sjónvarpsefnis (hlutfall af heildartekjum)	3,90%	6,23%

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið skilyrði um framleiðslu og meðframleiðslu lista- og menningarefnis, með sérstakri áherslu á leikið efni, sem og skilyrði um endurspeglun íslenskrar samtímamenningar, árið 2018, sbr. 4. tölul. 3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið, sbr. einnig ákvæði 2.1.2. um aukið framlag til leikins íslensks efnis, í samningi Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðuneytis um fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu 2016-2019.

5.5 Áhersla á íslenskt efni fyrir börn

Skyldur Ríkisútvarpsins:
Ríkisútvarpið skal sinna menningarlegu hlutverki sínu m.a. með því að:

5. Framleiða og miðla fjölbreyttu efni við hæfi barna og ungmenna.
2. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

2.1.3. Áhersla á íslenskt efni fyrir börn
Ríkisútvarpið skal leggja áherslu á þjónustu við börn á samningstímabilinu. Yfirheiti þjónustu Ríkisútvarpsins við börn er KrakkaRÚV og skal hún notfæra sér viðeigandi tækni og miðlunarleiðir, auk þess að vera ábyrg fyrirmynd barna og unglinga í notkun þeirra.

Aðgerðir og viðmið:
-Framleiðsla, kaup eða meðframleiðsla á innlendu barnaefni með fjölbreyttu sniði skal aukin á samningstímanum.
-Á tímabilinu skal þróa dagskrárstefnu með sérstakri áherslu á að efla læsi barna.
-Á tímabilinu skal bjóða upp á fræðsluefni á sviði vísinda- og tækni, sem ætlað er börnum og ungmennum.
-Sérstaklega skal gætt að því að efni sem ætlað er börnum og ungmennum sé óhlutdrægt og sé óháð stjórnmálalegum, hugmyndafræðilegum og efnahagslegum hagsmunum.
-Aðgengi að barnaefni á vef Ríkisútvarpsins skal aukið á tímabilinu.
-Að minnsta kosti tvö ný leikrit fyrir börn eða fjölskyldur skulu flutt í Útvarpsleikhúsinu.
-Árlega skal boðið upp á nýtt leikið efni fyrir börn og fjölskyldur í sjónvarpinu.
Úr þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins

Mikil áhersla var lögð á framleiðslu innlends barnaefnis árið 2018 og var hlutfall barna- og unglingaefnis af heildardagskrárframboði í sjónvarpi á RÚV 13,3%. RÚV tók þátt í fjölda samstarfsverkefna sem styðja við barnamenningu og opnaði nýjan vef fyrir unglinga á aldrinum 13-16 ára, UngRÚV.is. Þá hafði ungt fólk á aldrinum 16-29 ára aðgang að þjónustunni RÚVnúll, sem var drifin áfram af dagskrárgerðarfólki á sama aldri.

KrakkaRÚV

KrakkaRÚV er yfirheiti allrar þjónustu Ríkisútvarpsins við börn og ungmenni yngri en 16 ára. Kjarninn í starfseminni er vefurinn www.krakkaruv.is þar sem nálgast má allt innlent barnaefni RÚV, gamalt og nýtt, fjölda myndskeiða úr safni sjónvarps og talsettar teiknimyndir, ásamt vönduðum útvarpsþáttum fyrir börn. Jafnframt er áhersla lögð á samstarf við stofnanir sem vinna í þágu barna. Á krakkaruv.is voru 3857 dagskrárliðir sjónvarps aðgengilegir, að hluta eða í heild, og 189 dagskrárliðir útvarps.

Á vefmiðlum RÚV og KrakkaRÚV má jafnframt finna allt það efni sem sýnt er í línulegri dagskrá. Ríkisútvarpið býður upp á fjölda titla af talsettu barnaefni og hefur 30 daga birtingarrétt að hverjum þætti á vefmiðlum RÚV. Þættir sem RÚV framleiðir sjálft, þ.e. Stundin okkar, Krakkafréttir, Ævar vísindamaður, Sögur, Krakkaskaup, jólaþættir og fleira, eru einnig birtir á vefnum.

UngRÚV

UngRÚV er ný þjónusta fyrir fólk í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla. **UngRÚV** var stofnað 31. október 2018 og er samstarfsverkefni RÚV og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur. Lögð er áhersla á dagskrárefni fyrir unglinga, eftir unglinga, beinar útsendingar frá viðburðum, umfjöllun um unglingamenningu og fleira efni sem framleitt er af RÚV. UngRÚV er með starfandi ungmennaráð sem sér um hugmyndavinnu, framleiðslu og aðrar dagskrártengdar ákvarðanir.

Hluti af starfinu felst í skólaheimsóknum 10. bekkinga. Vikulega koma unglingar úr skólum í Reykjavík og fræðast um sögu, starfsemi og hlutverk RÚV. Áhersla er lögð á að gera heimsóknirnar spennandi og taka ungmennin þátt í að framleiða dagskrárliðinn Orðið á götunni í samstarfi við ungmennaráð RÚV. Í tengslum við verkefnið var haldið sumarnámskeið í dagskrárgerð fyrir unglinga á RÚV, í samstarfi við Vinnuskóla Reykjavíkur.

Útvarpsefni fyrir krakka

Á meðal þátta og hlaðvarpa fyrir börn sem boðið var upp á árið 2018 voru:

- Vísindavarp Ævars
- Útvarp KrakkaRÚV – Alheimurinn með Sævari Helga
- Útvarp KrakkaRÚV – Listir og menning með Ingibjörgu Fríðu
- Krakkafréttir vikunnar
- Útvarp KrakkaRÚV í beinni – samfélag krakkanna

Á vefnum krakkaruv.is mátti árið 2018 einnig finna marga sérvefi sem unnir voru í samstarfi við ýmsa aðila hér á landi:

- Kóðinn, forritunarleikar fyrir krakka (http://krakkaruv.is/heimar/kodinn)
- Sögur (www.krakkaruv.is/sogur)
- Árið 2018 var unnið við undirbúning fyrir Verksmiðjuna, sem er sérvefur undir UngRÚV.is, opnaður í janúar 2019.

Framleiðsla, kaup og meðframleiðsla á innlendu barnaefni með fjölbreyttu sniði

Mikil áhersla var lögð á framleiðslu innlends barnaefnis. Á meðal barnaefnis sem Ríkisútvarpið framleiddi sjálft árið 2018 var *Stundin okkar*, *Ævar vísindamaður*, *Krakkafréttir*, *Sögur, Krakkaskaup*, jólaþættir o.fl.

- **Útvarp KrakkaRÚV**
  Útvarp KrakkaRÚV framleiddi fjóra útvarpsþætti í hverri viku: Á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum kl. 18.30 fjölluðu Ingibjörg Fríða Helgadótir, Jóhannes Ólafsson og Sævar Helgi Bragason um vísindi, menningu, krakkafréttir vikunnar og málefni líðandi stundar. Þættina mátti einnig finna á hlaðvarpinu og á vef KrakkaRÚV.

- **Krakkafréttir**
  Krakkafréttir voru á dagskrá á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum en þar voru börn frædd um málefni líðandi stundar. Þá stóð KrakkaRÚV, í samstarfi við umboðsmann barna, fyrir um-

fangsmikilli umfjöllun fyrir börn í tengslum við sveitarstjórnarkosningarnar 2018. Leitað var til skóla um allt land og börnum gefið tækifæri til að tjá skoðun sína á því sem betur mætti fara í þeirra nærsamfélagi í stuttum myndböndum. Í Krakkafréttaannál á gamlárskvöld var farið yfir fréttir ársins, með aðstoð barna sem horfðu á þær fréttir sem hæst bar á árinu og brugðust við þeim. Krakkaskýringar voru einnig kynntar til leiks á árinu 2018. Í stuttum innslögum einu sinni í viku voru flókin mál, fyrirbæri eða orð, útskýrð ofan í kjölinn. Í maí 2018 hlaut Sævar Helgi Bragason, umsjónarmaður Krakkafrétta, viðurkenningu Vorvinda fyrir að miðla fróðleik til barna og unglinga af mikilli eljusemi, ástríðu og fórnfýsi, eins og m.a. kemur fram í ársskýrslu RÚV 2018.

- **Stundin okkar**
  Stundin okkar var á dagskrá einu sinni í viku yfir vetrartímann. Í þættinum var komið við á 52 stöðum á landinu og fjallað um lífið og tilveruna hjá börnum á aldrinum 6-12 ára. Á meðal umfjöllunarefna voru stórhættuleg spurningakeppni, grænar slímgusur, furðuverur og ævintýri, stórfurðulegar íþróttagreinar, skapandi þrautir og sögur eftir krakka sem lifnuðu við. Fjallað var um sögusamkeppnina og framleiddi RÚV átta stuttmyndir eftir sögum barna, sem þau sendu inn í keppnina Sögur – verðlaunahátíð barnanna. Í stuttmyndunum var m.a. fjallað um tröll, undarlega tösku, talandi hamstra og draugaveröld. Um eitt þúsund börn komu fram í Stundinni okkar veturinn 2018-2019.

- **Upptakturinn**
  KrakkaRÚV sá um heimildaskráningu, viðtöl og þáttagerð fyrir Upptaktinn, tónsköpunarverðlaun barna og ungmenna sem er samstarfsverkefni RÚV, Hörpu tónlistarhúss, Barnamenningarhátíðar í Reykjavík og Listaháskóla Íslands. Ungmenni á aldrinum 10-15 ára sendu inn hugmyndir sínar í Upptaktinn og þær hugmyndir sem voru valdar voru fullunnar með liðsinni atvinnufólks í tónlist. Að lokum voru haldnir stórir uppskerutónleikar í Hörpu þar sem tólf ný verk voru frumflutt. KrakkaRÚV framleiddi sex útvarpsþætti þar sem tónsmíð og tónskáldi var fylgt í tali og tónum frá hugmyndastigi til frumflutnings. Þættirnir voru fluttir á Rás 1 og gerðir aðgengilegir á vef KrakkaRÚV, ásamt myndböndum með viðtölum við krakkana og lokaflutningi verksins.

- **Verksmiðjan**
  Verksmiðjan er nýsköpunarkeppni ungs fólks á aldrinum 13-16 ára þar sem hugmyndir og uppfinningar geta orðið að veruleika. Undirbúningur og skipulag verkefnisins hófst haustið 2018 en keppnin hófst í byrjun janúar 2019. Þátttakendur fá að vinna frumgerðir að hugmyndum/uppfinningum sínum í Fab Lab smiðjunni á Íslandi og þeir myndaðir af framleiðsluteymi RÚV. Fimm sjónvarpsþættir um Verksmiðjuna, iðngreinar og nýsköpun voru síðan sýndir á RÚV vorið 2019.

- **Ævar vísindamaður**
  Ævar vísindamaður hélt áfram að fræða börn um vísindi en þættirnir Ævar vísindamaður voru aðgengilegir á vef KrakkaRÚV.

Samstarfsverkefni í þágu barna

Í greinargerð Ríkisútvarpsins kemur fram að mikil áhersla hafi verið lögð á samstarf. Frá upphafi hafi KrakkaRÚV tekið fagnandi öllum hugmyndum um samvinnu og jafnvel leitað uppi spennandi samstarfstækifæri. Á meðal verkefna sem sprottið hafa af slíku samstarfi í þágu barna eru eftirfarandi verkefni:

- *Kóðinn*, forritunarkennsla fyrir krakka, sem valið var eitt af sprotaverkefnum ársins hjá EBU, sambandi evrópskra sjónvarpsstöðva. Að verkefninu stóðu RÚV, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Menntamálastofnun, Samtök iðnaðarins, ásamt fjölmörgum upplýsingafyrirtækjum.

- *Krakkakosningar*, í samstarfi við umboðsmann barna.

- *Ungir fréttamenn*, í samstarfi við Barnamenningarhátíð í Reykjavík.
- *Tíkallinn*, í samstarfi við Stofnun um fjármálalæsi.
- *Söguboltinn*, í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og barnabókahöfunda.
- *Umhverfisfræðsla*, í samstarfi við Umhverfisstofnun.
- *Sögur, verðlaunahátíð barnanna*, í samstarfi við Menntamálastofnun.

Þróun dagskrárstefnu með sérstakri áherslu á að efla læsi barna

Fjöldi dagskrárliða og viðburða fyrir börn árið 2018 miðaði að því að efla læsi barna og áhuga þeirra á bókmenntum og skapandi skrifum.

- **Sögur verðlaunahátíð barnanna**
  Áframhald varð á samstarfi RÚV við Menntamálastofnun um verkefnið Sögur árið 2018. Um er að ræða verkefni sem miðaði að því að efla læsi og sköpun barna og hófst haustið 2017 þegar KrakkaRÚV auglýsti eftir sögum og handritum frá börnum. Í kjölfarið framleiddi RÚV stuttmyndir byggðar á sögum barnanna, Borgarleikhúsið setti upp sviðsverk, Útvarpsleikhúsið setti upp útvarpsverk og Borgarbókasafnið hélt námskeið í skapandi skrifum, svo nokkuð sé nefnt. Verkefninu lauk með verðlaunahátíð í apríl 2018, þar sem sögur eftir börn og sögur ætlaðar börnum voru verðlaunaðar. Fagnefndir verðlaunuðu börnin en börnin verðlaunuðu þau verk sem framleidd voru fyrir þau. Hátíðin var sýnd í beinni útsendingu á RÚV og sáu börn um öll skemmtiatriði og kynntu verðlaunin, ásamt fyrirmyndum sínum úr menningarlífinu. Að verkefninu stóðu m.a. RÚV, Borgarbókasafnið, Ibby á Íslandi, Reykjavík bókmenntaborg UNESCO, mennta- og menningarmálaráðuneytið, SÍUNG, Miðstöð máls og læsis við HA og fleiri.

- **Sögur - þættir um sköpun, skrif og lestur**
  Fimm þættir um skapandi skrif og lestur, voru framleiddir til stuðnings verðlaunahátíð barnanna og samkepninni Sögur. Í þáttunum sögðu fyrirmyndir barnanna frá uppáhaldsbókunum sínum og hvernig lestur nýtist þeim í daglegu lífi. Meðal viðmælanda voru Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra, Unnsteinn Manuel fjölmiðla- og tónlistarmaður, Salka Sól söngkona, Arnar Freyr rappari, Ragnhildur Steinunn, aðstoðardagskrárstjóri sjónvarps og Vilborg Anna pól- og Everestfari. Þessir og fleiri viðmælendur tóku svo þátt í spurningakeppni þar sem allar spurningarnar lutu að barnabókum. Helstu rithöfundar þjóðarinnar gáfu góð ráð um sagnaskrif og hvað lestur skiptir miklu máli. Þar á meðal voru Þorgrímur Þráinsson, Gunnar Helgason, Ævar Þór Benediktsson, Sigrún Eldjárn, Eva Rún Þorgeirsdóttir og Kristín Ragna Gunnarsdóttir. Kristín Helga Gunnarsdóttir, Ísold Uggadóttir, Markús Már Efraím og Gunnar Theodór settust niður með börnum og skrifuðu með þeim beinagrind að sögu. Til varð hryllingssaga, vampírusaga, stuttmyndahandrit um einelti og vináttu og saga um huldufólk. Viðtöl, spurningar og sagnagerð var í höndum barna. Þættirnir voru styrktir af Menntamálastofnun.

- **Söguboltinn**
  Þættirnir Söguboltinn tengdu saman fótbolta og barnabækur í aðdraganda HM 2018. Í þessum fjórum þáttum voru viðtöl við landsliðsfólk í fótbolta og landslið barnabókarithöfunda fjallaði um barnabækur með ýmsum hætti. Í þáttunum var auk þess fylgst með spennandi keppni þar sem tíu krakkar kepptust um að fá að vera boltaberi fyrir Íslands hönd á leik Íslands og Argentínu, með því að leysa ýmsar boltaþrautir.

- **Bókaormaráð og KrakkaKiljan**
  Haustið 2018 hélt Bókaormaráð KrakkaRÚV áfram starfsemi sinni, þar sem tólf bókaormar úr hópi barna

voru beðnir um að lesa fjórtán nýútkomnar barnabækur. Höfundarnir, þýðendurnir og myndhöfundar bókanna voru boðaðir í hljóðver og börnin, með aðstoð dagskrárgerðarfólks, tóku viðtöl við þá um bækurnar þeirra, skapandi skrif og fengu hjá þeim góð ráð. Viðtölin voru birt á vef KrakkaRÚV og í fimmtudagsþáttum Útvarps KrakkaRÚV. Börnin fjölluðu svo stuttlega um bækurnar sem þau lásu í Krakka-Kiljunni sem sýnd var í Krakkafréttum. Þar tóku meðlimir Bókaormaráðsins viðtöl hver við annan.

Auk framangreinds var fjallað um sögur og lesnar upp smásögur eftir börn í útvarpsþáttum KrakkaRÚV.

Fræðsluefni á sviði vísinda og tækni

- Í sjónvarpsþáttunum Ævar vísindamaður, í umsjón Ævar Þórs Benediktssonar, voru börn frædd um vísindi. Þættirnir voru einnig fluttir í útvarpi og hlaðvarpi undir heitinu Vísindavarp Ævars.

Aðgengi að barnaefni á vef Ríkisútvarpsins

- Á vefnum Krakkaruv.is er meðal annars boðið upp á mikið úrval eldra efnis úr framleiðslu RÚV, t.d. flest allt barnaefni undanfarinna tuttugu ára. Um er að ræða hátt í 2000 dagskrárliði, að hluta eða í heild.

- Á vefmiðlum RÚV og KrakkaRÚV er jafnframt að finna allt það efni sem sýnt er í línulegri dagskrá. Ríkisútvarpið býður upp á fjölda titla af talsettu barnaefni og hefur 30 daga birtingarétt af hverjum þætti á vefmiðlum RÚV. Þættir sem RÚV framleiðir sjálft (Stundin okkar, Krakkafréttir, Ævar vísindamaður, Krakkaskaup, jólaþættir o.fl.) eru birtir á vefnum þar sem þá má finna um ókomna tíð.

- Finna mátti hlekki á ýmsa sérvefi, sem Ríkisútvarpið vinnur í samstarfi við ýmsa aðila á Íslandi, á vefnum Krakkaruv.is árið 2018, sbr. eftirfarandi vefi:

    - Kóðinn, forritunarleikar fyrir krakka
    - Viðburðartengdir vefir, eins og Samfés, Skrekkur, Skólahreysti og Barnamenningarhátíð
    - Söngvakeppnin
    - Sögur, verðlaunahátíð barnanna

Á vefnum er jafnframt mikið birt af innsendu efni frá börnum. Úrval útvarpsefnis var sömuleiðis aðgengilegt á vefmiðlum RÚV, sbr. eftirfarandi þætti: *Vísindavarp Ævars*, *Leynifélagið*, *Inn í heim tónlistarinnar með Möggu Stínu*, Útvarp KrakkaRÚV – Alheimurinn með Sævari Helga, Útvarp KrakkaRÚV – Listir og menning með Ingibjörgu Fríðu, *Krakkafréttir vikunnar*, Útvarp KrakkaRÚV í beinni – samfélag krakkanna og *Tónlistarstöð* fyrir yngri kynslóðina.

Leikrit fyrir börn í Útvarpsleikhúsinu

Samkvæmt þjónustusamningi RÚV og mennta- og menningarmálaráðuneytis skulu að minnsta kosti tvö ný leikrit fyrir börn eða fjölskyldur flutt árlega í Útvarpsleikhúsinu á samningstímabilinu. Árið 2018 var frumflutt fjölskylduleikrit í fjórum hlutum um jól en það var fjölskylduleikritið Randalín og Mundi eftir Þórdísi Gísladóttur sem byggt er á barnabókum hennar. Útvarpsleikritið Mannasiðir eftir Maríu Reyndal, sem frumflutt var í maí 2017, var tilnefnt til evrópsku ljósvakaverðlaunanna Prix Europa árið 2018.

Nýtt leikið efni fyrir börn og fjölskyldur í sjónvarpinu

Samkvæmt þjónustusamningi RÚV og mennta- og menningarmálaráðuneytis skal árlega boðið upp á nýtt, leikið efni fyrir börn og fjölskyldur í sjónvarpinu.

Í september 2018 var sjónvarpsútgáfa af kvikmyndinni Víti í Vestmannaeyjum sýnd í sex þáttum. Bragi Þór Hinriksson leikstýrði þáttunum sem byggðir voru á samnefndri metsölubók Gunnars Helgasonar. Í þáttunum er veitt innsýn í heim ungu knattspyrnuhetjanna sem taka þátt í Pollamótinu í Vestmannaeyjum og lenda þar í spennandi ævintýrum.

Þá sýndi RÚV sjónvarpsmyndina Mannasiðir eftir Maríu Reyndal um páskana 2018 en myndin var í tveimur hlutum og byggði á samnefndu sviðsverki og útvarpsleikriti. Í henni var fjallað um menntaskólanema sem er ákærður fyrir að nauðga skólasystur sinni. Hann neitar sök en á sér ekki viðreisnar von innan veggja skólans þar sem stúlkan á sterkt stuðningsnet. Eins og efni myndarinnar gefur til kynna var hún ekki ætluð yngstu aldurshópunum.

Fréttatengt efni fyrir börn

- **KrakkaRÚV**
  KrakkaRÚV framleiddi fjóra útvarpsþætti í hverri viku: Á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum kl. 18.30 fjölluðu Ingibjörg Fríða Helgadóttir, Jóhannes Ólafsson og Sævar Helgi Bragason um vísindi, menningu, krakkafréttir vikunnar og málefni líðandi stundar. Þættina mátti einnig finna á vef KrakkaRÚV.

- **Krakkafréttir**
  Krakkafréttir voru á dagskrá á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum en þar voru börn frædd um málefni líðandi stundar. Þá stóð KrakkaRÚV, í samstarfi við umboðsmann barna, fyrir umfangsmikilli umfjöllun fyrir börn í tengslum við sveitarstjórnarkosningarnar 2018. Leitað var til skóla um allt land og börnum gefið tækifæri til að tjá skoðun sína á því sem betur mætti fara í þeirra nærsamfélagi í stuttum myndböndum.

- **Krakkafréttaannáll**
  Í Krakkafréttaannál á gamlárskvöld var farið yfir fréttir ársins, með aðstoð barna sem horfðu á þær fréttir sem hæst bar á árinu og brugðust við þeim.

Krakkaskýringar voru einnig kynntar til leiks á árinu 2018. Í stuttum innslögum einu sinni í viku voru flókin mál, fyrirbæri eða orð, útskýrð ofan í kjölinn.

Þjónusta fyrir ungt fólk

RÚVnúll fyrir 15-29 ára

RÚVnúll er hluti af númiðlasviði en um er að ræða þjónustu fyrir fólk á aldrinum 15-29 ára sem fór í loftið árið 2018 og var það jafnframt fyrsta heila starfsár þjónustunnar. Áhersla er lögð á að framleiða efni, þar sem vefur og samfélagsmiðlar eru helstu miðlunarleiðir. Vorið 2018 voru haldnar opnar prufur og komu um 100 manns í þær, bæði í Efstaleiti og á Akureyri. Úr þeim hópi voru ráðnir fastir starfsmenn og fólk til að gera styttri þætti. Í greinargerð RÚV segir að stórar vefseríur hafi gengið mjög vel og þá hafi fjölmargir hlaðvarpsþættir náð miklum vinsældum.

Fyrsta stóra sería ársins á RÚVnúll var *Hinseginleikarnir*, þar sem fjallað var um hinseginleikann frá ýmsum hliðum. *Rabbarbari* var næstur á dagskrá en þar var rætt við þekkt ungt tónlistarfólk um tónlistarsköpun og sýn þeirra á lífið. Í sumarþættinum *Sjoppur, fjöll og fegurð* fór ungt fólk um landið og fyrir jól birtust 24 þættir af *jóladagatali RÚVnúll*. Á haustmánuðum voru svo birtir stuttir vefþættir með leiknum „sketsum“ grínhópsins *Kanarí hópurinn*, sem vöktu lukku á vef og samfélagsmiðlum.

Á meðal þeirra hlaðvarpsþátta sem í boði voru á RÚVnúll voru þátturinn *Smá pláss*, þar sem rætt var um reynsluheim ungra kvenna, *Ástin*, sem fjallaði, eins og nafnið gefur til kynna, um ástina, og *Veistu hvað*, þar sem nýtt efni var tekið fyrir í hverri viku og það krufið til mergjar.

Páskamynd RÚV 2018, *Mannasiðir,* eftir Maríu Reyndal, var sérstaklega ætluð ungu fólki á framhaldsskólaaldri.

Hlutlægni barnaefnis gagnvart stjórnmálalegum, hugmyndafræðilegum og efnahagslegum hagsmunum

Fjölmiðlanefnd hefur ekki ástæðu til að ætla annað en að barnaefni Ríkisútvarpsins, sem miðlað var undir yfirheitinu KrakkaRÚV, UngRÚV og RÚVnúll árið 2018 og aðgengilegt var á miðlum Ríkisútvarpsins það ár, hafi verið hlutlægt og óháð stjórnmálalegum, hugmyndafræðilegum og efnahagslegum hagsmunum. Engar kvartanir bárust fjölmiðlanefnd vegna meintrar hlutdrægni í barnaefni sem sýnt var á RÚV eða öðrum miðlum Ríkisútvarpsins árið 2018.

Auk þess sem áður greinir hefur fjölmiðlanefnd eftirlit með því að fjölmiðlar, þar á meðal Ríkisútvarpið, fari að ákvæðum laga um fjölmiðla nr. 38/2011 sem varða vernd barna. Engin kvörtun barst fjölmiðlanefnd árið 2018 vegna meintra brota Ríkisútvarpsins á reglum um auglýsingar í kringum barnaefni en ein kvörtun barst nefndinni vegna meints brots Ríkisútvarpsins á reglum um vernd barna gegn skaðlegu sjónvarpsefni. Var það kvörtun vegna sýninga RÚV á þáttaröðinni Broen, sem ekki voru taldir við hæfi barna yngri en 16 ára. Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisútvarpinu reyndist hluti þáttanna í þáttaröðinni vera ögn lengri en ráð var fyrir gert. Leiddi það til þess að sýningar sex þátta hófust 1-4 mínútum fyrir lögbundin vatnaskil kl. 21:00. Var að sögn Ríkisútvarpsins brugðið á það ráð til að koma í veg fyrir að útsending tíu-fréttta í sjónvarpi hæfist of seint. Hinn kosturinn hefði verið að seinka útsendingu þáttanna fram yfir útsendingu tíu-fréttta, þ.e. eftir kl. 22:25 en ljóst sé að það hefði vakið mikla óánægju meðal tryggra áhorfenda þáttanna. RÚV kvaðst í svörum til fjölmiðlanefndar hafa lagt metnað sinn í að fara að lögum hvað ákvæði 28. gr. laga um fjölmiðla varðar, með þeim annmörkum sem það hafi valdið fyrir dagskrá. Hafi umrædd brotalöm verið algjört undantekningartilvik. Fram kom að dagskrárdeild harmaði að útsending framangreindra þátta hefði hafist fyrir kl. 21 og myndi RÚV kappkosta að gæta enn frekar að þessu og leita umsagnar fjölmiðlanefndar kæmi til sambærilegra álitamála í framtíðinni. Í ljósi sjónarmiða Ríkisútvarpsins taldi fjölmiðlanefnd ekki þörf á að aðhafast frekar og beindi því til Ríkisútvarpsins að haga sýningartímum sínum eftirleiðis í samræmi við ákvæði 28. gr. laga um fjölmiðla.

EFNI FYRIR BÖRN OG UNGMENNI	2015	2016	2017	2018
RÚV	732	718	698	716
RÚV2	3	11	25	26
Samtals klst.	735	729	723	742

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 2. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið, um framleiðslu og miðlun fjölbreytts efnis fyrir börn og ungmenni, árið 2018. Þá uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í ákvæði 2.1.3. um aðgerðir og viðmið vegna áherslu á íslenskt efni fyrir börn, í samningi Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðuneytis um fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu 2016-2019.

5.6 Forgangsröðun erlends sjónvarpsefnis

Skyldur Ríkisútvarpsins:
Ríkisútvarpið skal sinna menningarlegu hlutverki sínu m.a. með því að:
6. Miðla afþreyingar- og menningarefni við hæfi fólks á öllum aldri. Erlent efni skal vera frá mismunandi menningarheimum og áhersla lögð á norrænt og annað evrópskt efni.
3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

2.1.4 Forgangsröðun erlends sjónvarpsefnis
Ríkisútvarpið skal bjóða upp á fjölbreytt og vandað efni í sjónvarpi og útvarpi sem samræmist 6. tl. 3. mgr. 3. gr. laganna.

Ríkisútvarpið skal á samningstímanum auka hlutfall sjónvarpsefnis frá Norðurlöndunum með það að markmiði að það verði að lágmarki 7,5% af útsendu efni. Hlutfall sjónvarpsefnis á enskri tungu skal dregið saman um að lágmarki 5% á sama tímabili. Framboð fræðsluefnis skal á samningstímanum ekki vera minna en það var á árinu 2015. Um framboð myndefnis fer að öðru leyti eftir 33. og 34. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011.
Úr þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins

Í greinargerð Ríkisútvarpsins segir að fjölbreytt leikið erlent efni hafi verið í fyrirrúmi í dagskrá RÚV 2018, þáttaraðir frá Skandinavíu, Englandi, Þýskalandi, Frakklandi og Ítalíu. Norrænar seríur á borð við lokaþáttaröð *Brúarinnar* (Broen IV) hafi mælst vinsælasta erlenda efnið á árinu en *Löwander fjölskyldan* (Vår tid er nu), *Heimavöllur* (Heimebane) og *Frelsi* (Liberty) hafi einnig notið vinsælda meðal áhorfenda.

Fram kemur að leikið breskt efni sé alltaf vinsælt og að þriðjudagsglæpaþáttaröðin sé orðin fastur liður í dagskrá RÚV. *Foster læknir* (Doctor Foster II) hafi verið á þriðjudögum og sýnd hafi verið fjórða þáttaröð *Skylduverka* (Line of Duty IV). Einnig hafi hlutfall efnis frá Þýskalandi vaxið og sýndar hafi verið margverðlaunaðar þáttaraðir á borð við *Stríðskynslóðina* (Unsere Mütter, unsere Väter), *NSU: Hatur frá hægri* (German History X) og *Bræður munu berjast* (Die Dasslers). Síðast en ekki síst hafi sjónum verið beint til Ítalíu á árinu með sýningum á *Gómorru* (Gomorrah), auk þess sem í lok árs hafi hafist sýningar á *Framúrskarandi vinkonu* (My Brilliant Friend) sem byggð sé á metsölubókum Elenu Ferrante.

Á laugardögum voru sýndar valdar kvikmyndir sem valdið hafa straumhvörfum í kvikmyndasögunni undir yfirskriftinni *Bíóást*. Má þar nefna myndir á borð við *Thelmu og Louise*, *E.T., Sakborninga* (The Accused), *Fargo*, Morgunverð hjá Tiffany (Breakfast at Tiffanys) og *Bréfberann* (Il Postino).

Sýndar voru heimildamyndir og fræðsluþættir og bar þar hæst heimildaþáttaröð David Attenboroughs, *Hafið, bláa hafið* (Blue Planet II). Einnig má nefna *Skýjaborg* (City in the Sky) sem mældist næstvinsælasta erlenda efnið á árinu. Í *Sögu Danmerkur* (Historien om Danmark) leiddi leikarinn Lars Mikkelsen áhorfendur í gegnum sögu Danmerkur á nýstárlegan hátt. Aðrir þættir, svo sem *Víetnamstríðið* (Vietnam War), *Tímamótauppgötvanir* (Breakthrough) og *Hljóðupptaka í tímans rás* (Soundbreaking) vöktu athygli. Í greinargerð RÚV 2018 segir að *þættir Lois Theroux og Stacey Dooley* hafi þótt áhugaverðir fyrir efnistök og nálgun á viðkvæm málefni sem snerta alla, hvort sem það var alkóhólismi, anorexía, vígamenn Íslamska ríkisins eða vændiskaup. Þá voru sýndar heimildamyndir um *Ingmar Bergman, Martin Luther King* og *Nelson Mandela.*

Skipting dagskrárefnis eftir uppruna, miðað við fjölda útsendingartíma var eftirfarandi:

ÍSLAND	2015	2016	2017	2018
RÚV	1652	2091	1798	2356
RÚV2	186	470	341	372
samtals klst.	1838	2561	2139	2728
ÖNNUR NORÐURLÖND	**2015**	**2016**	**2017**	**2018**
RÚV	298	331	345	512
RÚV2	6	8	25	4
samtals klst.	304	339	370	516
ÖNNUR EVRÓPULÖND	**2015**	**2016**	**2017**	**2018**
RÚV	1149	913	970	1062
RÚV2	3	5	42	128
samtals klst.	1152	918	1012	1190
N-AMERÍKA (BANDARÍKIN OG KANADA)	**2015**	**2016**	**2017**	**2018**
RÚV	1101	905	839	710
RÚV2	2	4	20	12
samtals klst.	1103	909	859	722
AÐRAR HEIMSÁLFUR	**2015**	**2016**	**2017**	**2018**
RÚV	47	71	41	36
RÚV2	0	0	0	0
samtals klst.	47	71	41	36

Samkvæmt upplýsingum í greinargerð RÚV var íslenskt efni 52,5% af útsendu efni í línulegri dagskrá á RÚV og RÚV2, efni frá öðrum Norðurlöndum var 9,9% og efni frá öðrum Evrópulöndum 22,9%.

Hlutfallsleg skipting eftir uppruna dagskrárefnis	2015	2016	2017	2018
Ísland	41,4%	53,4%	48,4%	52,5%
Önnur Norðurlönd	6,8%	7,1%	8,4%	9,9%
Önnur Evrópulönd	25,9%	19,1%	22,9%	22,9%
N-Ameríka (Bandaríkin og Kanada)	24,8%	18,9%	19,4%	13,9%
Aðrar heimsálfur	1,1%	1,5%	0,9%	0,7%
Hlutfall í %	100,0%	100,0%	100,0%	99,9%

Samkvæmt töflunni hér að ofan jókst hlutfall sjónvarpsefnis frá Norðurlöndunum um 1,5 prósentustig frá 2017 og var 9,9% af útsendu efni árið 2018 en í þjónustusamningi er miðað við að hlutfallið verði aukið í að lágmarki 7,5% af útsendu efni á samningstímanum, 2016-2019. Hlutfall sjónvarpsefnis frá N-Ameríku var 13,9% og minnkaði um 5,5 prósentustig frá fyrra ári, var 19,4% árið 2017 en í þjónustusamningi segir að hlutfall sjónvarpsefnis á enskri tungu skuli dregið saman um að lágmarki 5% á samningstímanum 2016-2019.

Í 1. mgr. 33. gr. laga um fjölmiðla segir að fjölmiðlaveita sem miðlar myndefni í línulegri dagskrá skuli kosta kapps um að meirihluta útsendingartíma sé varið í íslenskt dagskrárefni og annað dagskrárefni frá Evrópu. Með útsendingartíma er í þessu sambandi átt við heildarútsendingartíma að frádregnum þeim tíma sem varið er til frétta, íþróttaviðburða, leikja, auglýsinga, textavarpsþjónustu og fjarkaupa. Þá segir í 2. mgr. að fjölmiðlaveita sem miðlar myndefni eftir pöntun skuli eftir því sem unnt er tryggja með viðeigandi aðferðum að íslenskt efni og annað evrópskt efni sé áberandi hluti af framboði hennar.

Í 34. gr. laga um fjölmiðla segir að fjölmiðlaveita sem miðlar myndefni í línulegri dagskrá skuli, eftir því sem unnt er, sjá til þess að minnst 10% af útsendingartíma, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 33. gr., á ári hverju eða minnst 10% af árlegu dagskrárfé sé varið til evrópskra verka sem framleidd séu af sjálfstæðum framleiðendum. Ákvæðið gildir um alla fjölmiðla. Samkvæmt töflunni hér að ofan var íslenskt efni 52,5% af útsendu efni í línulegri dagskrá, norrænt efni frá öðrum Norðurlöndum en Íslandi 9,9% af útsendu efni og efni frá öðrum Evrópulöndum 22,9% af útsendu efni árið 2018. Varðandi kaup Ríkisútvarpsins af sjálfstæðum framleiðendum er vísað til umfjöllunar í kafla 5.3.

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 6. tölul. 3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið, um miðlun erlends efnis, með áherslu á norrænt og annað evrópskt efni, árið 2018. Þá uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í ákvæðum 33. og 34. gr. laga um um fjölmiðla, sem og ákvæði 2.1.4. um forgangsröðun erlends sjónvarpsefnis, í samningi Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðuneytis um fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu 2016-2019.

5.7 Varðveisla og miðlun eldra efnis – Gullkista Ríkisútvarpsins

Skyldur Ríkisútvarpsins:
Ríkisútvarpið skal varðveita hljóðritanir, filmur, myndefni og aðrar sögulegar minjar sem ætla má að hafi menningarlegt og sögulegt gildi fyrir íslensku þjóðina og heyra ekki sérstaklega undir lög um skylduskil til safna.
Ríkisútvarpið skal tryggja sem greiðast aðgengi að safnaefni, hvort sem er til einkanota eða til viðskiptalegrar hagnýtingar sjálfstæðra framleiðenda. Heimilt er að fela viðurkenndum söfnum varðveislu framangreindra menningar- og söguminja en óheimilt er að selja þær, gefa eða farga nema að fenginni umsögn safnaráðs samkvæmt safnalögum.
6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

2.1.5 Varðveisla og miðlun eldra efnis - Gullkista Ríkisútvarpsins
Ríkisútvarpið skal skv. 6. tl. 1. mgr. 3. gr. laganna varðveita hljóðritanir, filmur, myndefni og aðrar sögulegar minjar sem ætla má að hafi menningarlegt og sögulegt gildi fyrir íslensku þjóðina og heyra ekki sérstaklega undir lög um skylduskil til safna.
Ríkisútvarpið skal tryggja sem greiðast aðgengi að safnaefni, hvort sem er til einkanota eða til viðskiptalegrar hagnýtingar sjálfstæðra framleiðenda. Þjónustan skal bera nafnið Gullkista Ríkisútvarpsins.

Á samningstímanum skal stefnt að því að færa safnaefni yfir á varanlegt stafrænt form og gera það aðgengilegt almenningi.
Ríkisútvarpið skal vegna þessa framkvæma sérstakt kostnaðarmat og kynna mennta- og menningarmálaráðherra það. Í kjölfar þess verði tekin ákvörðun um framhald verkefnisins.
Úr þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins

Í þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins er kveðið á um að safnaefni skuli fært yfir á stafrænt form á samningstímanum, sem lýkur í lok árs 2019, og að Ríkisútvarpið skuli vegna þessa framkvæma sérstakt kostnaðarmat sem kynna á mennta- og menningarmálaráðherra. Í kjölfar þess verði tekin ákvörðun um framhald verkefnisins. Kostnaðarmat og aðgerðaráætlun Ríkisútvarpsins vegna verkefnisins var unnin árið 2017 og segir í ársskýrslu RÚV 2018 að vonir séu bundnar við að fjárveiting fáist til verkefnisins.

Fram kemur í greinargerð Ríkisútvarpsins 2018 að 4945 spólur hafi verið yfirfærðar á stafrænt form fyrir sjónvarp og útvarp. Þetta sé helmingi meira magn en árið 2017 sem helgist af því að Ríkisútvarpið hafi tekið í notkun tæki sem leyfir fjórar yfirfærslur á segulböndum í einu og hafi hljóðmaður verið í 100% stöðu við yfirfærslu allt árið.

Þá kemur fram í greinargerðinni að safnaefnið hafi verið gert aðgengilegt almenningi með eftirfarandi hætti:

- Safnið var opið almenningi alla virka daga og boðið upp á aðstöðu til að nálgast upptökur RÚV hvort sem þær hafa verið yfirfærðar á stafrænt form eða ekki. Árið 2018 var í fyrsta sinn gefinn kostur á að senda pantanir á efni með rafrænum hætti í gegnum vefsvæði safnsins ruv.is/safn en það nýtist ekki síst þeim sem eru erlendis eða utan höfuðborgarsvæðisins.
- Skönnun á spjaldskrá hélt áfram en gögnin eru gerð aðgengileg á miðlægum grunni RÚV samdægurs. Átak var gert í skönnun á skýrslum með gömlum segulböndum og eru þær aðgengilegar í gagnagrunni safnsins.
- Málakerfi var tekið í gagnið í húsinu og voru samningar sem snúa að sýningarrétti RÚV settir í kerfið. Þannig er auðveldara að fletta upp hvort og þá hvaða réttindi Ríkisútvarpið hefur til að afgreiða efni úr safni RÚV.
- Gerðar voru breytingar á verðskrá RÚV safns og mótaðar reglur um afsláttarkjör.
- Gerðar voru breytingar á reglum um myndbandspólur til að koma í veg fyrir óþarfa hnjask á tækjum og spólum. Tæki til yfirfærslu var jafnframt sett upp í safni RÚV.
- Sett voru stutt innslög úr safni á Facebook-síðu RÚV, sem vakti lukku hjá almenningi en hvert stakt innslag var með um 27.000 áhorf.
- Skráðar voru spólur með tónlistarmyndböndum sem eru aðgengilegar í gagnagrunni safnsins.
- Allt myndefni úr fórum Ómars Ragnarssonar var flutt í Kvikmyndasafn Íslands þar sem það er varðveitt við betri og öruggari aðstæður en áður. Efnið bíður úrvinnslu og skráningar seinni tíma.

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. um varðveiðslu og miðlun eldra efnis árið 2018, sbr. ákvæði 2.1.5. í samningi Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðuneytis um fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu 2016-2019.

5.8 Umfjöllun um íþróttir

Skyldur Ríkisútvarpsins:
Ríkisútvarpið skal sinna menningarlegu hlutverki sínu m.a. með því að:

3. Bjóða fjölbreytt og vandað menningarefni og fjalla um ólík svið menningar, lista og íþrótta á Íslandi og erlendis, auk þess að vera vettvangur umræðna og skoðanaskipta um íslenska menningu og samfélag.
3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

2.1 Ríkisútvarpið skal fjalla um, útvarpa og sýna frá menningartengdum viðburðum sem og íþróttaviðburðum, bæði innanlands og erlendis. Í umfjöllun um íþróttaviðburði skal fjölbreytni höfð að leiðarljósi og jafnræðis gætt á milli íþróttagreina eins og kostur er.
Úr þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins

Í greinargerð segir að RÚV leggi mikla áherslu á að fjalla um íþróttaiðkun beggja kynja og ólíkra hópa. Með þessu varðveiti Ríkisútvarpið íþróttasögu Íslands og hvetji til aukinnar íþróttaiðkunar meðal þjóðarinnar. Árið 2018 fylgdi RÚV afreksfólki Íslands eftir og birti íþróttaefni sem sameinaði íslensku þjóðina. Fjallað var um fjölbreyttar íþróttagreinar og allar mögulegar hliðar á íslensku íþróttalífi.

Íþróttaviðburðir

Heimsmeistaramót í knattspyrnu karla

Stærsta verkefni RÚV árið 2018 var Heimsmeistaramót í knattspyrnu karla. Sýndir voru 64 leikir í beinni útsendingu, auk umfjöllunar í tengslum við alla leiki. Oft var íþróttadeildin í beinni útsendingu í allt að tíu klukkustundir á dag. Í greinargerð segir að umgjörð íþróttadeildar bæði hér heima og í Rússlandi hafi verið til fyrirmyndar og vakið verskuldaða ánægju landsmanna. Íþróttadeild og starfsfólk RÚV hafi enn og aftur sannað styrk sinn til að sinna stórmóti á við HM í knattspyrnu. Í aðdraganda keppninnar sýndi RÚV þættina Draumurinn um HM þar sem landslið Íslands var til umfjöllunar og þættina Andstæðingar Íslands, þar sem Eiður Smári Guðjohnsen heimsótti andstæðinga Íslands á HM, Nígeríu, Króatíu og Argentínu.

Vetrarólympíuleikar

Vetrarólympíuleikarnir í PyeongChang í Suður-Kóreu voru á dagskrá RÚV í febrúar með fjölbreyttum íþróttagreinum og stöðugum beinum útsendingum og samantektarþáttum í þrjár vikur. Fimm íslenskir keppendur voru meðal þátttakenda. Elsa Guðrún Jónsdóttir varð fyrst íslenskra kvenna til að keppa í skíðagöngu á Ólympíuleikum þegar hún mætti til leiks í 10 kílómetra göngu með frjálsri aðferð. Ólympíumót fatlaðra var svo einnig haldið í Pyeongchang skömmu eftir að Ólympíuleikunum lauk. Hilmar Snær Örvarsson var eini keppandi Íslands á Ólympíumótinu og keppti í alpagreinum.

Meistaramót Evrópu

Meistaramót Evrópu var á dagskrá RÚV í ágúst með fjölda beinna útsendinga. Keppt var í sjö keppnisgreinum en markmið mótsins er að auka áhuga og umfjöllun um íþróttirnar sem um ræðir. Þónokkrir íslenskir keppendur tóku þátt í mótinu. Ísland varð Evrópumeistari í blandaðri liðakeppni í golfi á Gleneagles golfsvæðinu í Skotlandi. Íslenska liðið var skipað þeim Ólafíu Þórunni Kristinsdóttur og Axel Bóassyni annars vegar og Birgi Leif Hafþórssyni og Valdísi Þóru Jónsdóttur hins vegar. Valgarð Reinharðsson varð fyrsti Íslendingurinn í fjórtán ár til að komast í úrslit á einstöku áhaldi á stórmóti í áhaldafimleikum. Valgarð lenti í fimmta sæti í undankeppninni og var því einn átta keppenda sem kepptu í úrslitum stökksins.

Landslið Íslands og bikarúrslit

RÚV hélt áfram að sýna frá leikjum landsliða Íslands í kvenna og karlaflokki auk þess að sýna frá bikarúrslitum í hinu ýmsu íþróttagreinum. Þá voru Skólahreysti og Meistaradagar á sínum stað á dagskrá RÚV.

Íþróttafólkið okkar

Á haustdögum 2018 hóf göngu sína nýr vikulegur íþróttaþáttur, Íþróttafólkið okkar, sem veitti innsýn í ýmsar hliðar á íslensku íþróttalífi. Að sögn Ríkisútvarpsins hlutu þættirnir góðar viðtökur hjá áhorfendum, auk þess sem mörg sérsambönd ÍSÍ hrósuðu RÚV sérstaklega fyrir þáttinn.

Hlutfall íþrótta af heildardagskrá RÚV

ÍÞRÓTTIR skipt eftir helstu íþróttagreinum	2015	2016	2017	2018
Íþróttafréttir	0,16%	0,49%	0,88%	0,47%
Fótbolti	0,82%	1,54%	2,44%	5,37%
Körfubolti	1,13%	0,39%	1,40%	0,43%
Handbolti	2,93%	2,57%	2,20%	0,92%
Blak	0,08%	0,08%	0,06%	0,13%
Mótorsport	0,17%	0,17%	0,30%	0,24%
Vetraríþróttir	0,00%	0,14%	0,70%	2,78%
Sund	0,00%	0,26%	0,51%	0,00%
Hestaíþróttir	0,25%	0,21%	0,17%	0,23%
Frjálsar íþróttir	0,84%	0,33%	0,75%	1,25%
Fimleikar	0,22%	0,25%	0,12%	0,52%
Aðrar íþróttir	0,88%	0,78%	0,95%	0,65%
Blandaðar íþróttir	1,33%	4,86%	0,77%	2,57%
samtals	8,81%	12,07%	11,25%	15,56%

Hlutfall íþrótta af heildardagskrá RÚV 2

ÍÞRÓTTIR skipt eftir helstu íþróttagreinum	2015	2016	2017	2018
Íþróttafréttir	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
Fótbolti	17,00%	1,59%	10,55%	5,96%
Körfubolti	8,34%	0,74%	9,90%	3,14%
Handbolti	23,03%	15,82%	23,40%	17,36%
Blak	0,00%	0,00%	0,00%	0,95%
Mótorsport	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
Vetraríþróttir	4,58%	0,31%	1,55%	4,83%
Sund	0,00%	0,00%	1,46%	0,00%
Hestaíþróttir	1,12%	1,07%	0,00%	0,48%
Frjálsar íþróttir	5,78%	2,87%	9,72%	8,71%
Fimleikar	0,00%	0,00%	2,81%	0,29%
Aðrar íþróttir	0,00%	1,45%	1,36%	0,13%
Blandaðar íþróttir	3,34%	25,34%	2,61%	2,63%
samtals	63,19%	49,19%	63,36%	44,48%

Heildarútsendingartími íþróttaefnis í klst. árið 2018 var 780 klst. á aðalrás RÚV (15,56%) og 248 klst. (44,48%) á aukarásinni RÚV2. Hlutfall íþróttaefnis af dagskrá beggja sjónvarpsrása, RÚV og RÚV2, var 18,5%. Um kynjahlutfall í dagskrá RÚV, þ.m.t. íþróttadagskrá er fjallað í kafla 3.4.7.

ÍÞRÓTTIR	2015	2016	2017	2018
RÚV	408	567	482	780
RÚV2	147	274	292	248
samtals	555	841	774	1028

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið um umfjöllun um ólík svið menningar og íþrótta, sbr. ákvæði 2.1., þ. á m. um fjölbreytni og jafnræði milli íþróttagreina í íþróttaumfjöllun í samningi Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðuneytis um fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu 2016-2019.

5.9 Útvarp

Rás 1

Fram kemur í greinargerð Ríkisútvarpsins að Rás 1 hafi styrkt markaðshlutdeild sína árið 2018, farið úr 21,9% árið 2017 í 23,8% árið 2018. Hlustun hafi aukist sérstaklega mikið á milli kl. 10 og 14 á virkum dögum og á laugardagsmorgnum. Morgunvaktin hafi sömuleiðis unnið á og einnig menningarþættirnir Víðsjá og Lestin. Ekki hafi verið gerðar miklar breytingar árið 2018. Þátturinn Málið var kynntur til sögunnar en þar voru sagðar sögur af fólki og fyrirbærum sem vöktu forvitni og varð þátturinn í lok árs á meðal vinsælustu hlaðvarpa landsins. Lestarklefinn hóf göngu sína í október en það er umræðuþáttur um menningu og listir, sem auk þess að vera sendur út á Rás 1 er í beinu streymi á menningarvef RÚV og á RÚV2 á föstudögum.

Fullveldisafmælið

Fullveldisafmælið sett svip sinn á dagskrá Rásar 1. Fimm þáttaraðir um sögu fullveldistímans voru fluttar kl. 17 á laugardögum og samanstóð hver þeirra af 10 þáttum. Árið hófst með daglegum örþáttum sem nefndust R1918 en þar lásu núlifandi Reykvíkingar upp úr bréfum, dagbókum og öðrum persónuheimildum Reykvíkinga árið 1918 þegar spænska veikin, Kötlugos og frostaveturinn mikli herjaði á íbúa. R1918 keppti á ljósvakahátíðinni Prix Europa ásamt þætti Viktoríu Hermannsdóttur *Á ég bróður á Íslandi?*

Hlaðvörp og heimildaþættir

Í greinargerð segir að markvisst hafi verið unnið að því að fjölga þáttum í dagskrá Rásar 1 sem byggjast á ítarlegri heimildavinnu og hljóðvinnu. Þáttur Veru Illugadóttur, Í ljósi sögunnar, hafi styrkt sig enn í sessi og sé iðulega á meðal vinsælustu hlaðvarpsþátta landsins, skv. spilunarlista iTunes. Styttri þáttaraðir hafi vakið athygli en þar má nefna Lansann eftir Mikael Torfason, Ævintýri Tinna eftir Gísla Martein Baldursson, Óléttu stelpuna eftir Önnu Kolbrúnu Jensen, Ekkert skiptir máli eftir Tómas Ævar Ólafsson og Snorra Rafn Hallsson og Ym eftir Friðrik Margrétar Guðmundsson.

Íslenskar skáldsögur í lestri höfunda

Fimm íslenskar skáldsögur voru teknar upp í lestri höfunda í lok árs og sendar út í Hlaðvarpi RÚV á aðfangadag. Þær voru einnig sendar út í línulegri dagskrá Rásar 1 árið 2019. Þetta voru skáldsögurnar Ör eftir Auði Övu Ólafsdóttur, Hringsól eftir Álfrúnu Gunnlaugsdóttur, Mánasteinn eftir Sjón, Ósjálfrátt eftir Auði Jónsdóttur og Sandárbókin eftir Gyrði Elíasson.

Útvarpsleikhúsið

Á árinu 2018 voru frumflutt átta verk í Útvarpsleikhúsinu, bæði stök verk, framhaldsverk og heimildaseríur. Má þar nefna Bónusferðina, verk í tveimur hlutum eftir leikhópinn Kriðpleir sem vakti mikla athygli og leikritið Með gat á hjartanu í laginu eins og Guð, eftir Jón Atla Jónasson í leikstjórn Egils Heiðars Antons Pálssonar, sem tekið var upp á nýja sviði Borgarleikhússins að áhorfendum viðstöddum. Einnig má nefna fjölskylduleikrit í fjórum hlutum sem frumflutt var um jól, Randalín og Mundi eftir Þórdísi Gísladóttur, byggt á barnabókum hennar. Þá lék útskriftarárgangur Sviðslistadeildar Listaháskóla Íslands í verkinu Lík af aumingja eftir Tyrfing Tyrfingsson. Leikritið Fákafen eftir Kristínu Eiríksdóttur fékk Grímuverðlaunin í flokki útvarpsverka og Mannasiðir eftir Maríu Reyndal var tilnefnt til evrópsku ljósvakaverðlaunanna Prix Europa.

Tónlist

Tónlist og hljóðritun hennar var sem fyrr mikilvægur hluti af dagskrá Rásar 1. Árið 2018 voru á dagskrá Rásar 1 bæði tónlistarþættir, þar sem umsjónarmenn kynntu tónlist af ýmsu tagi, tónleikahljóðritanir, bæði innlendar og erlendar og hljóðrit Ríkisútvarpsins, bæði ný og úr safni. Beinar útsendingar frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands voru fastur liður í dagskrá og sent var beint út frá tónlistarviðburðum á borð við Listahátíð í Reykjavík, Jazzhátíð Reykjavíkur og sýningum Íslensku óperunnar. Auk Sinfóníuhljómsveitar Íslands er Rás 1 í samstarfi um hljóðritanir við Stórsveit Reykjavíkur, tónlistarhátíðirnar Myrka músíkdaga, Reykholtshátíð, tónlistarhátíðina ErkiTíð og Sumartónleika í Skálholti. Ennfremur má nefna tónleika Kammersveitar Reykjavíkur, tónleika úr Tíbrárröð Salarins í Kópavogi, tónleika Kammermúsíkklúbbsins, tónleika í Hallgrímskirkju, Kúnstpásu Íslensku óperunnar, tónleika í tónleikaröð Hörpu Sígildum sunnudögum, tónleikahljóðritanir frá Þjóðlagahátíðinni á Siglufirði og Reykjavík Folk Festival.

Auk sígildrar og samtímatónlistar er lögð áhersla á djass, dægurlög fyrri tíða og það sem skarar fram úr í nýrri tónlist af öllum gerðum hérlendis sem erlendis í dagskrá Rásar 1. Hlustendur eru fræddir um sögu tónlistar í þáttum á borð við Víðsjá, Lestina og Klassíkina okkar, ásamt þáttaröðum Unu Margrétar Jónsdóttur. Í nóvember stóð Rás 1 í annað sinn fyrir sinni eigin tónlistarhátíð, undir listrænni stjórn Höllu Oddnýjar Magnúsdóttur í þetta sinn, þar sem frumflutt voru ný verk, sérpöntuð af þessu tilefni.

Samband við Samband evrópskra sjónvarpsstöðva (EBU) er þýðingarmikill þáttur í tónlistardagskrá Rásar 1. Hljóðritanir Ríkisútvarpsins standa öðrum evrópskum sjónvarpsstöðum til boða, auk þess sem Ríkisútvarpið hefur tekið þátt í alþjóðlegum útsendingum til milljóna hlustenda um allan heim, til dæmis á árlegum tónleikadögum EBU.

Rás 1 styður við íslenska samtímatónlist með ýmsum hætti, m.a. með upptökum og tónleikahljóðritunum ýmis konar. Frumflutningur á „jólalagi Ríkisútvarpsins“ sem Rás 1 pantar á hverju ári af íslensku tónskáldi er löngu orðin að skemmtilegri hefð í jóladagskránni en jólalagið 2018 var eftir Gunnar Andreas Kristinsson, flutt af Hamrahlíðarkórnum og Þorgerði Ingólfsdóttur. Rás 1 hefur tekið þátt í Alþjóðlega tónskáldaþinginu (International Rostrum of Composers) um áratugaskeið. Á þinginu 2018, sem haldið var í Búdapest, hlaut Páll Ragnar Pálsson aðalverðlaun fyrir sellókonsertinn Quake og var það í fyrsta sinn sem íslensku tónskáldi hlotnast sá heiður.

RÁS 1

heildardagskrá

Skipting dagskrárefnis eftir efnisþáttum (klst. og hlutfall af heild)	2015	%	2016	%	2017	%	2018	%
Leikið efni	27	0,33%	36	0,41%	20	0,23%	9	0,11%
Skemmtiefni og dægradvöl	140	1,68%	94	1,07%	41	0,48%	3	0,04%
Barna og unglingaefni	73	0,87%	54	0,61%	57	0,66%	82	0,95%
Sígild tónlist	882	10,57%	972	11,06%	736	8,51%	543	6,33%
Önnur tónlist (djass-, milli-, popp- og rokktónlist - þjóðlög/heimstónlist)	657	7,59%	676	7,71%	700	8,09%	797	9,29%
Fréttir og fréttatengt	762	9,13%	706	8,04%	733	8,48%	684	7,97%
Samfélagsmál	1816	21,77%	1799	20,48%	2115	24,44%	2211	25,77%
Listir, menning og vísindi	3654	43,81%	4103	46,70%	3918	45,28%	3909	45,57%
Trúmál	215	2,58%	97	1,11%	101	1,17%	99	1,15%
Auglýsingar	114	1,37%	154	1,75%	153	1,77%	157	1,83%
Annað efni (kynningar og uppfylling)*			93	1,06%	78	0,90%	85	0,99%
*skráning á öðru efni hófst 2016	8340	99,70%	8784	100,00%	8652	100,01%	8579	100,00%

Rás 2

Jafnrétti og íslenskt tónlistarútvarp

Samkvæmt upplýsingum frá RÚV var markvisst unnið að því að fjölga konum í hópi dagskrárgerðarfólks, auk þess sem átak var gert til að auka hlut tónlistarkvenna í dagskránni. Fleiri konur stýra nú tónlistarþáttum á stöðinni en nokkru sinni fyrr. Bæði er um að ræða sérþætti en einnig reglulega þætti á borð við Poppland og Kvöldvaktina. Einnig hefur verið leitað eftir aukinni þátttöku kvenna á tónlistarfundum en þar er ákveðið hvaða tónlist er spiluð hverju sinni. Í greinargerð RÚV 2018 segir að þetta hafi leitt til þess að hlutur tónlistarkvenna fari vaxandi á stöðinni og reynt sé að hafa lista yfir nýja tónlist í spilun eins jafna og mögulegt er. Staðreyndin sé þó sú að kynjahalli í tónlistarheiminum valdi því að erfitt sé að hafa hlutföllin alveg jöfn, eins og þó sé stefnt að.

Áhersla á grasrótarstarf í íslenskri tónlist

Íslensk tónlist var þungamiðja dagskrár á Rás 2 eftir sem áður, enda yfirlýst markmið að hún sé helmingur þeirrar tónlistar sem leikin er á stöðinni. Fjölmargar tónleikaupptökur, útsendingar frá tónlistarhátíðum og sérþættir helgaðir íslenskri plötuútgáfu undirstrika þessa sérstöðu, segir í greinargerð RÚV.

Beinar útsendingar frá öllum landshornum

Rás 2 tók þátt í stórum tónlistarhátíðum og sendi m.a. beint út frá tónlistarhátíðunum Aldrei fór ég suður, Iceland Airwaves, Bræðslunni, Blúshátíð í Reykjavík og Heima í Hafnarfirði. Hápunktur ársins á Rás 2 var sem fyrr Tónaflóð Rásar 2 á Menningarnótt.

Fréttir og stórviðburðir

Á Rás 2 er fréttaflutningur á klukkutíma fresti og regluleg umfjöllun um fréttir og dægurmál. Rás 2 er hluti

af almannavarnarhlutverki RÚV og fréttastofa hefur greiða aðkomu að dagskrá þegar mikið liggur við. Fyrir sveitarstjórnarkosningar 2018 voru sendir út kosningaþættir og reglulega er leitað eftir viðbrögðum almennings við málefnum líðandi stundar.

Þarf að höfða til ungs fólks

Í greinargerð RÚV segir að framundan séu spennandi verkefni í breyttum heimi, sem felist í því að laða til sín yngri hlustendur. Dagskráin þurfi að taka mið af neyslu- og tæknibreytingum og mæta hlustendum á þeirra forsendum, á hvaða tíma eða stað sem er. Gera megi ráð fyrir að ný snjalltæki og raddstýring leiki þar lykilhlutverk þegar fram í sæki og verði það áskorun næstu ára.

RÁS 2

heildardagskrá

Skipting dagskrárefnis eftir efnisþáttum (klst. og hlutfall af heild)	2015	%	2016	%	2017	%	2018	%
Skemmtiefni	192	2,19%	186	2,11%	178	2,05%	239	2,74%
Millitónlist	181	2,07%	212	2,41%	185	2,13%	180	2,06%
Popp og rokktónlist	4110	46,92%	4619	52,58%	5226	60,23%	5522	63,34%
Íþróttir	254	2,90%	250	2,84%	267	3,08%	189	2,17%
Fréttir og fréttatengt	869	9,92%	861	9,80%	818	9,43%	764	8,76%
Samfélagsmál	2778	31,71%	2316	26,36%	1636	18,85%	1516	17,39%
Listir, menning og vísindi	9	0,10%	9	0,10%	9	0,11%	5	0,06%
Auglýsingar	368	4,20%	333	3,79%	357	4,12%	303	3,48%
	8761	100,01%	8786	99,99%	8676	100,00%	8718	100,00%

Hlutfall íslenskrar tónlistar á Rás 2 hefur verið 50-55% síðustu ár og átti það einnig við um árið 2018.

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið um umfjöllun um ólík svið menningar og lista

Skyldur Ríkisútvarpsins:
Ríkisútvarpið skal sinna lýðræðislegu hlutverki sínu m.a. með því að:

1. Hafa í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur, þ.m.t. um mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana.
2. Veita víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga frétta- og fréttaskýringarþjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar.
3. Vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á málum sem efst eru á baugi hverju sinni og almenning varða.
4. Kynna margbreytileika mannlífs, lífsviðhorfa og lífsskilyrða í landinu.
5. Miðla upplýsingum og veita landsmönnum innsýn í alþjóðamál, mismunandi menningarheima og ólík sjónarmið.
6. Hafa hlut karla og kvenna sem jafnastan í starfsemi Ríkisútvarpsins og í dagskrá þess.
7. Kynna framboð til almennra kosninga, helstu stefnumál framboða, frambjóðenda og fylkinga eftir atvikum og greina ítarlega frá niðurstöðum kosninga. Þá skal það veita öllum gildum framboðum til Alþingis og forsetakosninga, sem og fylkingum í þjóðaratkvæðagreiðslum, jafnt tækifæri til að kynna stefnumál sín á hefðbundnum dagskrártíma í sjónvarpi. Ríkisútvarpið skal birta reglur þar að lútandi. Í alþingiskosningum er heimilt að takmarka útsendingartíma þeirra framboða sem ekki bjóða fram í öllum kjördæmum þannig að þau fái hlutfall af heildarútsendingartíma til samræmis við það hlutfall kjördæma sem þau bjóða fram í.

Ríkisútvarpið skal veita landsmönnum upplýsingar sem þeir eiga að geta treyst að dragi hvorki taum hagsmunahópa, stjórnmálasamtaka, einstaklinga né ákveðinna sjónarmiða. Með því móti gerir Ríkisútvarpið fólki kleift að móta skoðanir sínar og draga ályktanir út frá réttum upplýsingum, eftir því sem framast er unnt hverju sinni. Ríkisútvarpið skal halda úti fréttaþjónustu í útvarpi, sjónvarpi og eftir öðrum viðeigandi miðlunarleiðum. Ríkisútvarpið skal flytja fréttir í tengslum við kosningar og mikilvæga stjórnmálaviðburði.
Úr þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins




ARG 1 - 1 ÍSL 66:09
MESSI
10



6. Lýðræðishlutverk

6.1 Fréttaþjónusta

Skyldur Ríkisútvarpsins:
Ríkisútvarpið skal sinna lýðræðislegu hlutverki sínu m.a. með því að:

Veita víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga frétta- og fréttaskýringarþjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar.
2. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

Ríkisútvarpið skal framleiða og miðla vönduðu og fjölbreyttu efni með mismunandi tæknilegum aðferðum til allra landsmanna óháð búsetu. Ríkisútvarpið skal gera ráðstafanir til að hægt sé að flytja fréttir og framleiða efni utan höfuðborgarsvæðisins með fastri starfsemi á völdum svæðum.
2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

2.2.1 Fréttaþjónusta
Ríkisútvarpinu ber samkvæmt 2. tölul. 2. mgr. 3. gr. laganna að veita víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga frétta- og fréttaskýringaþjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar.

Fréttaþjónusta Ríkisútvarpsins skal vera óháð stjórnmálalegum, hugmyndafræðilegum og efnahagslegum hagsmunum í efnismeðferð og ritstjórnarákvörðunum. Fréttastofa starfar samkvæmt fréttareglum þar sem þetta skal útfært nánar.

Á gildistíma samningsins verða forsetakosningar 2016, alþingiskosningar 2017 [skrifað fyrir stjórnarslit og alþingiskosningar 2016, innsk. fjölmiðlanefndar] og sveitarstjórnarkosningar 2018. Fyrir kosningar skal Ríkisútvarpið miðla upplýsingum til landsmanna og koma skoðunum og málstað stjórnmálahreyfinga og frambjóðenda á framfæri. Fyrir framangreindar kosningar greinir Ríkisútvarpið frá framboðum, fjallar um frambjóðendur og stefnumál. Ríkisútvarpið fylgist með kosningum og kosningaúrslitum og birtir þau.

Aðgerðir og viðmið:
-Ríkisútvarpið skal setja sér nýja og endurskoðaðar fréttareglur í samræmi við gr. 2.4. í samningi þessum. Fréttareglurnar skulu svo endurskoðaðar á minnst þriggja ára fresti.
-Ríkisútvarpið skal birta reglur um framkvæmd kosningaumfjöllunar eigi síðar en þremur mánuðum fyrir kjördag. Ef boðað er til kosninga með skemmri fyrirvara skal Ríkisútvarpið birta reglur eigi síðar en tveimur vikum eftir að tilkynnt hefur verið um kosningarnar.
-Fyrir alþingiskosningar verður öllum framboðum gefinn kostur á eigin kynningu frambjóðenda sinna og stefnumála í sjónvarpi. Reglur þar um skulu liggja fyrir þremur mánuðum fyrir kjördag.
-Fyrir alþingiskosningar skal Ríkisútvarpið greina frá framboðum í öllum kjördæmum í landinu og kynna framboð og stefnumál.
-Fyrir forsetakosningarnar kynnir Ríkisútvarpið alla frambjóðendur til embættisins með jafngildum hætti. Fyrir forsetakosningar efnir Ríkisútvarpið til umræðu og þáttagerðar þar sem frambjóðendur geta rætt um stefnumál sín.
-Fyrir sveitarstjórnarkosningar skal Ríkisútvarpið að minnsta kosti greina frá framboðum í öllum stærstu sveitarfélögum í landinu og kynna framboð og stefnumál.
-Þann 1. desember 2018 verða 100 ár frá því að Ísland varð fullvalda ríki. Ríkisútvarpið skal gera þeim tímamótum skil í dagskrá sinni.
-Ríkisútvarpið heldur úti veðurþjónustu allan sólarhringinn, m.a. með samningi við Veðurstofu Íslands.
Úr þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins

Fréttastofa RÚV er staðsett í Efstaleiti í Reykjavík og flytur fréttir af innlendum og erlendum vettvangi í útvarpi, sjónvarpi og á vefnum allan sólarhringinn, alla daga ársins.

RÚV starfrækir svæðisstöðvar á Akureyri, Ísafirði, Egilsstöðum og í Borgarnesi og er landsbyggðarþjónustu stýrt frá svæðisstöðinni á Akureyri. Að auki ferðast starfsmenn fréttastofu og dagskrárdeilda um landið til að safna efni í fréttir og dagskrá. Þá fór teymi fréttastofunnar utan, meðal annars á heimsmeistaramótið í knattspyrnu í Rússlandi, á Norðurlandaráðsþing í Osló og til Bandaríkjanna til að fjalla um þingkosningar þar í landi.

Fréttaefni Ríkisútvarpsins árið 2018 var aðgengilegt í gegnum sjónvarp, í línulegri og ólínulegri dagskrá, útvarp, á vef og í appi fyrir snjalltæki.

Fréttastofa RÚV flutti fréttir af innlendum og erlendum vettvangi árið 2018 og lagði áherslu á rannsóknarblaðamennsku í störfum sínum, ásamt fréttaskýringaþættinum Kveik og umræðuþættinum Kastljósi.

Fréttaárið 2018 einkenndist meðal annars af sveitarstjórnarkosningum í maí 2018, heimsmeistaramótinu í knattspyrnu í Rússlandi, þar sem Ísland tók þátt og þingkosningum í Bandaríkjunum. Af föstum verkefnum fréttastofunnar má nefna fréttaannála í útvarpi og sjónvarpi, beinar útsendingar frá stefnuræðu forsætisráðherra, eldhúsdagsumræður á Alþingi og setningu Alþingis, auk umfjöllunar um sveitarstjórnarkosningar 2018. Þess má geta að í mars 2018 hlaut Alma Ómarsdóttir fréttamaður á RÚV Blaðamannaverðlaun ársins 2017 fyrir rannsóknarblaðamennsku sína um uppreist æru. Sérstakan kafla um kosningaumfjöllun RÚV fyrir sveitarstjórnarkosningar 2018 má finna í kafla 6.2.

Sjónvarp (RÚV og RÚV2/RÚV Íþróttir)

Starfsemi fréttastofu RÚV var með hefðbundnum hætti árið 2018. Sjónvarps-, íþrótta- og veðurfréttir, í samstarfi við Veðurstofu Íslands, voru fluttar í beinni útsendingu tvisvar sinnum á dag. Fastir fréttatímar í sjónvarpi voru kl. 19 og einnig kl. 22 mánudaga til fimmtudaga.

Kastljós

Umræðu- og fréttaskýringaþátturinn *Kastljós* var á dagskrá fjóra daga vikunnar, mánudaga-fimmtudaga, þar sem kafað var dýpra í málefni líðandi stundar. Í þættinum var rætt við ráðamenn, forstjóra og aðra valdhafa um það sem var efst á baugi í samfélagsumræðunni hverju sinni.

Kveikur

Fréttaskýringaþátturinn *Kveikur* var á dagskrá einu sinni í viku á vetrarmánuðum. Í Kveik var áhersla lögð á rannsóknarblaðamennsku reyndra fréttamanna, og fjallað ítarlega um samfélagsmál af ýmsum toga, innlend sem erlend. Kveikur fékk Edduverðlaun 2018 í flokki frétta- og viðtalsþátta. Umfjöllunarefni Kveiks voru allt frá vettvangsfregnum af stríðinu í Jemen og hjálparstarfi í Bangladesh til afhjúpana um vopnaflutninga íslensks flugfélags með leyfi íslenskra stjórnvalda. Á meðal umfjöllunarefna var umhverfi og náttúra, hlýnun jarðar og plast, spilafíkn, aðstæður erlendra verkamanna sem starfa á vegum starfsmannaleiga og steranotkun ungra karla og drengja. Í greinargerð RÚV segir að stjórnvöld og fleiri hafi gripið til aðgerða í kjölfar margra þátta Kveiks og umræðunnar í samfélaginu, í þeim tilgangi að gera úrbætur og stöðva brot.

Silfrið

Umræðuþátturinn *Silfrið* var sömuleiðis á dagskrá einu sinni í viku yfir vetrartímann en þar var farið yfir fréttatengd málefni liðinnar viku með stjórnmálamönnum, sérfræðingum, álitsgjöfum og fleirum.

Táknmálsfréttir

Táknmálsfréttir voru fluttar daglega í sjónvarpi og voru jafnframt aðgengilegar í Sarpinum á RUV.is.

Fréttastúdíó

Nýtt sjónvarpsmyndver (fréttastúdíó) var tekið í notkun 21. september 2018, um 18 árum eftir að fréttastofa sjónvarps flutti starfsemi sína í Efstaleiti en þar til í ágúst 2000 höfðu sjónvarpsfréttir verið sendar út frá sérstöku sjónvarpsmyndveri í húsakynnum fréttastofunnar á Laugavegi 177. Nýja myndverið er m.a. útbúið tölvustýrðum myndavélum, auk annarrar tækni sem einfaldar mjög útsendingu. Mun færri tæknimenn þarf í útsendingu, eða tvo, í stað sex til sjö þegar útsendingar voru í aðalmyndveri RÚV.

Í greinargerð RÚV segir að myndverið geri fréttastofunni kleift að fara í sjónvarpsútsendingu með skemmri fyrirvara en áður og möguleikar til að vera með beinar útsendingar séu fleiri og ferlið auðveldara en áður. Þetta geri fréttastofunni unnt að veita hraðari og betri þjónustu en áður. Myndverið sé notað fyrir fréttir, veður, íþróttir, Kastljós, Menninguna, aukafréttatíma og fréttatengdar upptökur. Telur RÚV tilkomu nýja fréttastúdíósins fela í sér mikla hagræðingu og er áætlaður sparnaður fréttastofunnar við útsendingar um tuttugu milljónir kr. á ári.

FRÉTTIR OG FRÉTTATENGT EFNI	2015	2016	2017	2018
RÚV	478	489	448	434
RÚV2	6	1	5	13
samtals klst.	484	490	453	447

Útvarp (Rás 1 og Rás 2)

Útvarpsfréttatímar í beinni útsendingu voru með sama sniði og áður, 16-17 talsins daglega, auk veðurfrétta sem fluttar voru fimm sinnum á dag. Af fréttatengdu efni sem flutt var í útvarpi má nefna fréttaskýringaþáttinn Spegilinn á Rás 2 og Morgunvaktina á Rás 1, Morgunútvarpið og Síðdegisútvarpið á Rás 2 en framangreindir þættir voru á dagskrá alla virka daga. Þá var umræðuþátturinn Vikulokin á dagskrá alla laugardaga á Rás 1.

Spegillinn

Spegillinn kom víða við í umfjöllun sinni árið 2018 og fjallaði m.a. um um kjaramál og hugmyndir og tillögur sem viðraðar voru í kjaraviðræðum. Þátturinn beindi sjónum að umhverfismálum og brýnum verkefnum á sviði loftslagsmála. Þá var fjallað um stjórnmál og efnahagsmál á innlendum og erlendum vettvangi, heilbrigðismál og samfélagsmál.

KrakkaRÚV flutti krakkafréttir vikunnar fjórum sinnum í viku í útvarpi, auk þess sem þær voru aðgengilegar á hlaðvarpinu og á vef KrakkaRÚV.

Vefur (RUV.is)

Fréttamenn voru á vakt allan sólarhringinn og uppfærðu vefinn RUV.is með nýjustu fréttum hverju sinni. Í ársskýrslu RÚV 2018 kemur fram að vefurinn RUV.is hafi verið fjórði mest sótti vefur landsins, á eftir mbl.is, visir.is og dv.is. Fréttum RÚV og fréttaskýringum Kastljóss var miðlað á vef og samfélagsmiðlum allan sólarhringinn, allan ársins hring.

Fréttastofa RÚV naut mikils trausts á meðal almennings samkvæmt viðhorfskönnunum MMR, sem gerðar voru í maí og nóvember 2018 en 70% svarenda sögðust bera frekar mikið eða mikið traust til fréttastofunnar í maí og 64% í nóvember.

Almannavarnir

Fjallað er um almannavarnahlutverk fréttastofu RÚV í kafla 7.4.

Sjálfstæði fréttastofu formfest frekar

Sjálfstæði fréttastofunnar var formfest með enn skýrari hætti í nýju skipuriti sem tók gildi 1. janúar 2018. Samkvæmt skipulaginu heyra fréttir, Kastljós, fréttaskýringar, Spegill, kosningar og svæðisstöðvar undir fréttasvið.



Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 2. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið, um víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga frétta- og fréttaskýringarþjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar, sbr. ákvæði 2.2 um fréttaþjónustu og fréttareglur í samningi Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðuneytis um fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu 2016-2019. Þá uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið, um ráðstafanir til að hægt sé að flytja fréttir og framleiða efni utan höfuðborgarsvæðisins með fastri starfsemi á völdum svæðum.

6.2 Kosningaumfjöllun Ríkisútvarpsins 2018

Skyldur Ríkisútvarpsins:
Ríkisútvarpið skal sinna lýðræðislegu hlutverki sínu m.a. með því að:

Kynna framboð til almennra kosninga, helstu stefnumál framboða, frambjóðenda og fylkinga eftir atvikum og greina ítarlega frá niðurstöðum kosninga. Þá skal það veita öllum gildum framboðum til Alþingis og forsetakosninga, sem og fylkingum í þjóðaratkvæðagreiðslum, jafnt tækifæri til að kynna stefnumál sín á hefðbundnum dagskrártíma í sjónvarpi. Ríkisútvarpið skal birta reglur þar að lútandi. Í alþingiskosningum er heimilt að takmarka útsendingartíma þeirra framboða sem ekki bjóða fram í öllum kjördæmum þannig að þau fái hlutfall af heildarútsendingartíma til samræmis við það hlutfall kjördæma sem þau bjóða fram í.
7. töluliður 2. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

Skyldur Ríkisútvarpsins:
-Ríkisútvarpið skal birta reglur um framkvæmd kosningaumfjöllunar eigi síðar en þremur mánuðum fyrir kjördag. Ef boðað er til kosninga með skemmri fyrirvara skal Ríkisútvarpið birta reglur eigi síðar en tveimur vikum eftir að tilkynnt hefur verið um kosningarnar.

-Fyrir alþingiskosningar verður öllum framboðum gefinn kostur á eigin kynningu frambjóðenda sinna og stefnumála í sjónvarpi. Reglur þar um skulu liggja fyrir þremur mánuðum fyrir kjördag.

-Fyrir alþingiskosningar skal Ríkisútvarpið greina frá framboðum í öllum kjördæmum í landinu og kynna framboð og stefnumál.
Úr þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins, grein 2.2.1

Einn þáttur í almannaþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins er að sinna lýðræðislegum skyldum í aðdraganda kosninga. Þær skyldur felast í því að Ríkisútvarpinu ber að kynna með vönduðum og hlutlægum hætti framboð og stefnur stjórnmálaflokka í aðdraganda kosninga. Sama gildir um forsetakjör, þjóðaratkvæðagreiðslu og aðra sambærilega viðburði.

Ríkari kröfur eru gerðar til Ríkisútvarpsins en einkarekinna fjölmiðla hvað kosningaumfjöllun varðar. Ríkisútvarpinu ber sem dæmi að láta táknmálstúlkun fylgja sjónvarpsumræðum í aðdraganda kosninga en slíkar kröfur eru ekki gerðar til annarra fjölmiðla. Þetta kemur fram í kafla 2.2.2 í þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Ríkisútvarpsins.

Gerðar eru meiri kröfur til Ríkisútvarpsins en einkarekinna fjölmiðla um kynningar á framboðum til almennra kosninga, sbr. 7. tölul. 2. mgr. 3. gr. um skyldur Ríkisútvarpsins í aðdraganda kosninga. Með ákvæðinu var brugðist við ábendingum ÖSE til íslenskra yfirvalda, sem fram komu í skýrslu ÖSE um framkvæmd alþingiskosninga 2009. Í skýrslunni lagði ÖSE meðal annars til að settar yrðu reglur til að tryggja hlutlægni og jafnræði í umfjöllun fjölmiðla.

Einnig eru gerðar ríkari kröfur til Ríkisútvarpsins um hlutlægni og nákvæmni en annarra fjölmiðla. Í lögum um Ríkisútvarpið er hlutlægniregluna að finna í 2. tölul. 4. mgr. 3. gr. Gildissvið þess ákvæðis er víðara en sambærilegrar reglu í 26. gr. laga um fjölmiðla, þar sem það tekur til frásagnar, túlkunar og dagskrárgerðar í miðlum Ríkisútvarpsins en 26. gr. laga um fjölmiðla tekur eingöngu til frétta og fréttatengds efnis. Hér á eftir verður farið yfir framkvæmd kosningaumfjöllunar Ríkisútvarpsins fyrir sveitarstjórnarkosningar 2018.

Sveitarstjórnarkosningar 26. maí 2018

Sveitarstjórnarkosningar fóru fram 26. maí 2018 og var þá kosið til sveitarstjórnar í öllum 72 sveitarfélögum landsins. Fjallað var ítarlega um kosningarnar í öllum miðlum Ríkisútvarpsins, á sérstökum kosningavef, í útvarpi, sjónvarpi og á samfélagsmiðlum. Lögð var áhersla á að kynna framboð sem víðast af landinu og í ljósi

fjölda sveitarfélaga og framboða var það að mestu leyti gert á kosningavef RÚV. Framboðum í hverju sveitarfélagi landsins voru gerð skil. Oddvitum allra framboða var boðið að senda inn upptökur þar sem þeir kynntu stefnumál framboðanna. Á kosningavef voru auk þess kosningapróf, viðtöl við kjósendur og annað efni um sveitarfélögin en fréttamenn RÚV fóru hring um landið og heimsóttu samtals nærri 40 sveitarfélög. Þá var oddvitum framboða í fjölmennustu sveitarfélögum landsins jafnframt boðið í umræður, ýmist í útvarpi eða sjónvarpi.

Reglur um framkvæmd kosningaumfjöllunar

Reglur um framkvæmd kosningaumfjöllunar fyrir sveitarstjórnarkosningar voru birtar á vef Ríkisútvarpsins 26. febrúar 2018 eða þremur mánuðum fyrir sveitarstjórnarkosningar 26. maí 2018.

Fyrirkomulag kosningaumfjöllunar RÚV var sem hér segir:

- Kosningavefur RÚV
- Umræðuþáttur í sjónvarpi með oddvitum framboða í Reykjavík 25. maí 2018
- Kastljós fjallaði um kosningamálefnin í fjórum þáttum síðustu þrjár vikurnar fyrir kosningar
- Kosningafundir í útvarpi með oddvitum framboða í tíu fjölmennustu sveitarfélögunum, síðustu þrjár vikur fyrir kosningar. Samfélagsmiðlar RÚV voru nýttir
- Kosningavaka var haldin að kvöldi kjördags, 26. maí 2018
- Aukafréttatími og viðtalsþáttur með oddvitum framboða í Reykjavík, daginn eftir kjördag

Kosningavefur RÚV

Kosningavefur RÚV, www.ruv.is/x18, sem byggði á vinnu fyrir þingkosningar áranna á undan, var einn veigamesti þátturinn í allri kosningaumfjöllun Ríkisútvarpsins. Þangað var safnað upplýsingum um öll sveitarfélög landsins, meðal annars með því að tengja saman gagnabanka opinberra stofnana eins og Hagstofunnar og gagnabanka Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þannig var hægt að finna grunnupplýsingar um öll sveitarfélög og bera þau saman á kosningavef RÚV. Á síðunni var einnig hægt að finna upplýsingar um öll framboð í sveitarfélögum landsins, framboðslista þeirra og stefnumál, auk kosningaprófs sem kjósendur í hverju sveitarfélagi gátu tekið til að fá vísbendingar um það hvaða frambjóðendur pössuðu best við þeirra svör. Fimm efstu frambjóðendum á öllum framboðslistum landsins (10 efstu í Reykjavík) var boðið að svara spurningunum fyrst og leggja til grundvallar. Nærri 1000 frambjóðendur tóku þátt. Fréttastofa fjallaði um kosningarnar með ýmsum hætti. Þá fóru fréttamenn RÚV hring um landið og ræddu við kjósendur um kosningamálin. Samtals voru nærri 40 sveitarfélög heimsótt og myndbönd frá hverju þeirra sett á síðu sveitarfélagsins á kosningavefnum. Með þessum hætti gátu kjósendur, hvar sem þeir bjuggu, fengið mynd af stöðu sveitarfélagsins, framboðum og kosningamálum í sínu sveitarfélagi. Vefurinn er enn aðgengilegur og má þar nálgast gagnlegar upplýsingar um sveitarfélög landsins.

Umfjöllun á öðrum miðlum

Fjallað var um kosningarnar með skipulögðum hætti í öðrum miðlum. Í Kastljósi var fjallað um málefni sveitarfélaga, áskoranir þeirra, skyldur og árangur síðustu þrjár vikurnar fyrir kosningar. Þar var rætt við hagsmunaaðila og sérfræðinga. Sendir voru út kosningaþættir í útvarpi á Rás 2 og reglulega leitað eftir viðbrögðum almennings við málefnum líðandi stundar. Þremur vikum fyrir kjördag hófust sýningar á sjónvarpsþáttaröð um málefni sveitarfélaga. Þetta voru fjórir þættir þar sem fjallað var um fjármál þeirra, skipulags- og samgöngumál, félagsþjónustu og skólamál. Daginn fyrir kjördag, 25. maí, mættust oddvitar framboða í Reykjavík í beinni útsendingu í sjónvarpi. Umræðurnar voru táknmálstúlkaðar á RÚV2 og textaðar á síðu 888.

Þá mættust oddvitar framboða í tíu stórum sveitarfélögum í útvarpi og voru það oddvitar í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Akureyri, Reykjanesbæ, Árborg, Akranesi, Fjarðabyggð, Fljótsdalshéraði og á Ísafirði. Eins og venja er var svo kosningavaka á öllum miðlum RÚV að kvöldi kjördags.

Kosningaumfjöllun í fréttum og annarri dagskrá

Auk skipulagðrar kosningaumfjöllunar var fjallað um framboðin og kosningarnar í reglulegri dagskrá og fréttatímum RÚV. Gætt var að því að gera framboðum jafnhátt undir höfði en fréttamat gilti hverju sinni. Um aðgang framboða að fréttum RÚV gilda reglur um takmarkanir á þátttöku framboða til almennra kosninga í dagskrá RÚV. Þar segir m.a. að fréttastofa og aðrar dagskrárdeildir skuli forðast að leiða frambjóðendur fram í fréttum, fréttatengdum þáttum eða annars staðar í dagskrá eftir að framboðsfrestur rennur út og þar til kosningar eru um garð gengnar, nema sterk rök mæli með nauðsyn þess að viðkomandi komi fram, eða til viðkomandi sé vitnað vegna sérstakra atvika. Þetta á þó ekki við þegar um er að ræða sérstaka dagskrár- eða fréttapistla sem samþykktir hafa verið í tilefni af kosningaundirbúningi.

Kosningaumfjöllun fyrir börn

Auk framangreinds stóð KrakkaRÚV, í samstarfi við umboðsmann barna, fyrir umfangsmikilli umfjöllun fyrir krakka í tengslum við sveitarstjórnarkosningarnar. Leitað var til skóla um allt land og kallað eftir viðbrögðum barna við stjórnmálum síns hverfis og sveitarfélags. Í stuttum myndböndum fengu þau tækifæri til að tjá sína skoðun á því sem betur mætti fara í samfélaginu og koma því áleiðis til stjórnmálamanna. Markmiðið var að gefa börnum í grunnskóla kost á því að taka þátt í stjórnmálaumræðunni og leyfa röddum þeirra að heyrast. Um leið fengu þau fræðslu um lýðræðislegar kosningar og fjölbreytileg samfélagsleg málefni.

Engar kvartanir bárust fjölmiðlanefnd vegna umfjöllunar Ríkisútvarpsins fyrir sveitarstjórnarkosningar 2018.

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 7. tölulið 2. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið um kynningu á framboðum til almennra kosninga, helstu stefnumál frambjóðenda og fylkinga og niðurstöðum kosninga Þá er það mat fjölmiðlanefndar að Ríkisútvarpið hafi uppfyllt ákvæði samnings Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðuneytis um fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu 2016-2019, hvað varðar birtingu reglna um framkvæmd kosningaumfjöllunar, sbr. ákvæði 2.2.1 í samningnum.



7. Samfélagshlutverk

7.1 Stefnumótun og aðkoma almennings að henni

Skyldur Ríkisútvarpsins:
Ríkisútvarpið skal skapa vettvang fyrir aðkomu almennings að stefnumótun fjölmiðlunar í almannaþágu með fyrirkomulagi sem nánar er kveðið á um í samþykktum Ríkisútvarpsins.
7. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

Í samþykktum fyrir Ríkisútvarpið ohf. sem síðast var breytt á hluthafafundi 20. janúar 2016 segir í lið 8.4 að árlega skuli haldið útvarpsþing, þar sem t.d. sé rætt um starfsemi Ríkisútvarpsins, hlutverk fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu og hugmyndafræði þess.

Ný stefna RÚV til ársins 2021 var samþykkt af stjórn RÚV í apríllok 2017 og kynnt í útvarpshúsinu 18. maí á ráðstefnunni „Fjölmiðlun til framtíðar“. Eru stefnuskjöl og upptaka af ráðstefnunni aðgengileg á íslensku og ensku á vef RÚV (ruv.is/2021). Fjölmargir komu að gerð stefnunnar og var henni miðlað innanhúss sem utan. Í nýrri stefnu RÚV er m.a. lagt upp með að auka samtal og samvinnu við sjálfstæða framleiðendur og listamenn í landinu.

Í greinargerð RÚV 2018 segir um aðkomu almennings að stefnumótun Ríkisútvarpsins að RÚV kanni reglulega áhorf og hlustun, framkvæmi árlega viðhorfskönnun og traustsmælingu og sé í stöðugu sambandi við áhorfendur og hlustendur í gegnum ábendingargáttir á vef og samfélagsmiðlum. Þessi gögn séu svo greind jafnhliða yfir allt tímabilið af stýrihópi og stjórnendum með sérstakri hliðsjón af stefnunni sem kynnt var 2017.

Hugmyndadagar RÚV 2018
Hugmyndadagar voru haldnir í fyrsta skipti á RÚV í byrjun október 2017. Árið 2018 voru Hugmyndadagar haldnir bæði að vori og að hausti. Gestir Hugmyndadaga RÚV voru 450 samtals en á Hugmyndadögum gefst almenningi kostur á að kynna fyrir dagskrárstjórum hugmyndir að efni til dagskrárgerðar í öllum miðlum RÚV.

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 7. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið með því að skapa vettvang fyrir aðkomu almennings að stefnumótun fjölmiðlunar í almannaþágu árið 2018.

7.2 Skoðunarferðir og fræðsluheimsóknir fyrir almenning

Ríkisútvarpið tók á móti fjölda gesta í útvarpshúsinu árið 2018. Margar heimsóknarbeiðnir berast RÚV ár hvert og leitast hópur gestgjafa hjá RÚV við að mæta öllum hópum, væntingum þeirra og þörfum. Beiðnir koma frá kennurum allra skólastiga frá 12 ára aldri, nemendafélögum háskólanna, þjónustumiðstöðvum, unglingasmiðjum, vísindahópum háskólanna, erlendum samstarfsaðilum o.fl.

Samstarf RÚV og Skóla- og frístundasviðs hélt áfram frá fyrra ári og tók RÚV vikulega á móti hópum 10. bekkinga úr skólum í Reykjavík með skipulögðum hætti, þar sem unglingarnir fræddust um sögu, starfsemi og hlutverk RÚV. Árið 2018 komu alls 14 hópar í hús frá 10 skólum, alls um 500 nemendur og kennarar.

Markmið heimsóknanna var að gera RÚV aðgengilegra fyrir yngri notendur, með kynningu á þjónustu UngRÚV og RÚVnúll. Áhersla var lögð á að gera heimsóknirnar spennandi og tóku ungmennin þátt í að framleiða dagskrárliðinn Orðið á götunni í samstarfi við ungmennaráð UngRÚV. Í tengslum við verkefnið var haldið sumarnámskeið fyrir unglinga á RÚV í dagskrárgerð. Námskeiðið var haldið í samstarfi við Vinnuskóla Reykjavíkur.

Í greinargerð RÚV 2018 segir að þótt þetta tiltekna átak snúi að 10. bekkingum í Reykjavík sé einnig tekið á móti skólahópum utan af landi, eftir samkomulagi. Til viðbótar við þá móttöku sem nefnd hefur verið er á það bent að KrakkaRÚV og UngRÚV tekur á móti fjölmörgum gestum í tengslum við sína starfsemi, auk þess sem fjöldi gesta tekur þátt í útsendingum RÚV í Útvarpshúsinu og á öðrum vettvangi.

7.3 Þjónusta við landsbyggðina

Skyldur Ríkisútvarpsins:
Ríkisútvarpið skal gera ráðstafanir til að hægt sé að flytja fréttir og framleiða efni utan höfuðborgarsvæðisins með fastri starfsemi á völdum svæðum.
2. málsl. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

Fjöldi stöðugilda Ríkisútvarpsins á landsbyggðinni árið 2018 var minni en árið 2017 eða 11,15 (var 13) og stafaði breytingin aðallega af fækkun í innlendri dagskrárdeild sjónvarps.

Fréttir: 7,15 stöðugildi (var 7,3)
Dagskrá sjónvarps: 1,4 stöðugildi (var 3,2)
Rás 2: 0,6 stöðugildi (var 0,5)
Hugbúnaðarþróun og IT: 1 stöðugildi (óbreytt frá fyrra ári)
Auglýsingadeild: 1 stöðugildi (óbreytt frá fyrra ári)

RÚV starfrækir svæðisstöðvar á Akureyri, Ísafirði, Egilsstöðum og í Borgarnesi. Stærsta starfsstöð RÚV á landsbyggðinni er RÚVAK á Akureyri og er landsbyggðarþjónustu stýrt þaðan. Að auki ferðast starfsmenn fréttastofu og dagskrárdeilda um landið til að safna efni í fréttir og dagskrá.

Bætt þjónusta við notendur á landsbyggðinni

RÚVAK á Akureyri er til húsa í miðbæ Akureyrar en með flutningi í miðbæinn vorið 2016 varð þessi stærsta starfsstöð RÚV á landsbyggðinni sýnilegri en áður. Á sama tíma var starfsemin á Ísafirði gerð sýnilegri með merkingum og fréttamaður útbúinn með eigin tökuvél og klippitölvu til að gera honum kleift að vinna efni án tæknimanns. Samstarf með tæknimanni heldur þó enn áfram þar. Einnig er RÚV með starfsstöð á Austurlandi, þar er fréttamaður með klippivél og tökuvél, sem tekin var í notkun 2017. Þá er RÚV með starfsstöð í Borgarnesi með aðstöðu til dagskrárgerðar og fréttavinnslu.

Árið 2018 var nýr búnaður fyrir beinar útsendingar í sjónvarpi tekinn í notkun hjá RÚVAK. Í greinargerð RÚV segir að það hafi gert beinar útsendingar mun einfaldari tæknilega og fjölgað til muna beinum útsendingum í sjónvarpsfréttum.

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 2. málsl. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið um ráðstafanir til að hægt sé að flytja fréttir og framleiða efni utan höfuðborgarsvæðisins með fastri starfsemi á völdum svæðum.

7.4 Öryggismál og almannahlutverk

Skyldur Ríkisútvarpsins:
Ríkisútvarpið skal í samvinnu við til þess bær stjórnvöld tryggja nauðsynlega öryggisþjónustu með upplýsingamiðlun um útvarp og þegar við á eftir öðrum boðleiðum. Ríkisútvarpið skal í því skyni setja sér öryggisstefnu um órofinn rekstur hljóðvarpsþjónustu um land allt og á næstu miðum.
5. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

Ríkisútvarpið skal starfa eftir öryggisstefnu til að tryggja upplýsingamiðlun og þjónustu þegar vá ber að höndum. Útvarpsstjóri skipar öryggisnefnd sem ber ábyrgð á öryggismálum Ríkisútvarpsins. Öryggisnefnd skal, að fengnu áliti og í samstarfi við Almannavarnir og aðrar viðeigandi stofnanir, útbúa öryggisstefnu Ríkisútvarpsins og sjá til þess að henni sé framfylgt. Öryggisstefnan skal lúta að innra og ytra öryggi, viðbragðsáætlunum vegna vár og reglulegu öryggismati.

Ef ofangreindu má ná fram með auknu samstarfi við aðrar stofnanir, s.s. Almannavarnir, ríkislögreglustjóra eða Neyðarlínuna, með sama eða lægri tilkostnaði og nú er gert, skal Ríkisútvarpið hlutast til um að gengið skuli til slíks samstarfs.

Aðgerðir og viðmið
-Ríkisútvarpið skal setja sér nýja og endurskoðaða öryggisstefnu fyrir 1. nóvember 2016.
Úr þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins

Fréttastofa RÚV er hluti af almannavörnum og sinnir öryggisþjónustu vegna jarðhræringa, veðurs, ófærðar og annarra stóratburða með þeim hætti að tryggja landsmönnum áreiðanlegar upplýsingar, þegar alvarlegir atburðir verða í og við landið, og senda beint og fyrirvaralaust út í sjónvarpi og útvarpi er almannahagsmunir liggja við. Á það við um hamfarir af hvaða tagi sem er af völdum náttúrunnar eða önnur tilvik. Miðlun upplýsinga á slíkum tímum felst í almennum fréttum og ekki síður að veita upplýsingum til fólks sem hætta er búin eða er á hamfarasvæðum. Þetta er á meðal þess sem fram kemur í öryggisstefnu Ríkisútvarpsins.

Ríkisútvarpið er í góðu samstarfi við Almannavarnir, Veðurstofuna og Landsbjörg um miðlun upplýsinga. Fréttastofa RÚV sinnir öryggishlutverki sínu m.a. með því að fjalla um hugsanlega vá af ýmsu tilefni, þar sem hún reynir að leggja sitt af mörkum til koma í veg fyrir að fólk stefni sér í hættu, t.d. vegna snjóflóða, eiturefna úr jökulkvíslum, hættu á vegum o.fl.

Rás 2 hefur stóru hlutverki að gegna í almannavarnarhlutverki RÚV. Fréttir eru sendar út á Rás 2 allan sólarhringinn, auk þess sem fréttastofa RÚV á greiða leið í útsendingu Rásar 2 þegar mikið liggur við. Með uppbyggingu Ríkisútvarpsins á langbylgjustöðvum til hliðar við FM-kerfið er tryggt að dagskrárefni Ríkisútvarpsins, veðurfregnir og önnur áríðandi boð berist um landið, inn á hálendið og á haf út en langbylgjan hefur mikla yfirburði í langdrægni út á fiskimiðin miðað við FM-sendingar, eins og fram kemur á vef RÚV. Þá er langbylgjan einnig varaleið þegar bilanir verða í FM-kerfinu, auk þess sem langbylgjan fyllir göt í dreifingu FM til landsins upp til dala og fjalla og hefur samfellda viðtöku í bifreiðum um langar vegalengdir.

Öryggisstefna RÚV er tvíþætt og lýtur að innra og ytra öryggi.

Ytra öryggi
Til að tryggja ytra öryggi styðst Ríkisútvarpið við eigin búnað svo sem fjarskiptabúnað, dreifikerfi miðla Ríkisútvarpsins, þ. á m. rekstur tveggja langbylgjusenda sem ná til allra landsmanna.

Ríkisútvarpið kannar reglulega virkni búnaðar síns innanhúss og utan, til að tryggja órofna útsendingu miðla Ríkisútvarpsins, útvarps, sjónvarps og á vefnum. Ríkisútvarpið nýtir jafnframt aðrar leiðir til að koma upplýsingum á framfæri með sem skjótustum hætti.

Fréttastofa Ríkisútvarpsins hefur tekið saman áætlanir um fyrstu viðbrögð við vá eða hamförum. Þær áætlanir lúta að öflun upplýsinga og hraðri miðlun þeirra. Stuðst er við Öryggishandbók RÚV og aðrar áætlanir um framhald vinnu og miðlun nýrra upplýsinga í öllum miðlum Ríkisútvarpsins.

Fram kemur í greinargerð RÚV að árið 2018 hafi stór skref verið stigin til að bæta rekstraröryggi vefsins RUV.is. Nokkrar árásir hafi verið gerðar á vefinn og þótt fæstar þeirra hafi haft áhrif hafi það þó sýnt nauðsyn þess að taka öryggismálin til endurskoðunar. Þá kemur fram í greinargerðinni að vefurinn hafi verið færður í skýið árið 2018 og orðið mun hraðari við þá breytingu.

Þá segir í ársskýrslu RÚV að jafnframt hafi verið stigin stór skref í uppfærslu kerfa og samræmingu vinnubragða. Hafi fjárhags- og mannauðskerfi RÚV verið endurnýjuð, sem skili bættri upplýsingagjöf og nútímalegra vinnuumhverfi. Innleidd hafi verið rafræn skjalavistun og sveigjanlegt vinnuumhverfi, skjalastefna RÚV hafi verið skráð og rafræn málastýring innleidd með nýju kerfi. Rafræn gæða- og öryggishandbók hafi verið innleidd og skráning verklags og vinnulýsinga hafi verið stöðluð þvert á fyrirtækið, auk þess sem stöðug þjálfun hafi verið fest í sessi í gegnum RÚV skólann.

Fréttastofan hefur aðstöðu í stjórnstöð Almannavarna í Skógarhlíð og mannar hana í samræmi við samkomulag útvarpsstjóra og ríkislögreglustjóra frá 23. desember 2004. Samband milli Skógarhlíðar og útvarpshúss er kannað reglulega.

Innra öryggi

Í höfuðstöðvum RÚV við Efstaleiti er varaaflsstöð sem tryggir órofinn aðgang að raforku fyrir alla starfsemi hússins. Virkni hennar er könnuð reglulega. Þá er neyðarsendingarbúnaður í húsinu sem á að tryggja tímabundna útsendingu útvarps.

Við hönnun á kerfum og kaup á búnaði er haft í huga að hann sé sem öruggastur og í mörgum tilfellum tvöfaldur.

Ríkisútvarpið tryggir öryggi starfsmanna sinna og gesta með því að Útvarpshúsið er læst fyrir öðrum en starfsmönnum.

Öryggisnefnd Ríkisútvarpsins ber ábyrgð á því að öryggisstefnu Ríkisútvarpsins sé fylgt.

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 5. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið, um nauðsynlega öryggisþjónustu með upplýsingamiðlun um útvarp og öðrum boðleiðum og kröfur um öryggisstefnu um órofinn rekstur hljóðvarpsþjónustu um land allt og á næstu miðum, sbr. ákvæði 2.3.3 um öryggismál og almannahlutverk, í samningi Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðuneytis um fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu 2016-2019.

7.5 Dreifikerfi

Skyldur Ríkisútvarpsins:
1. málsl. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið
Ríkisútvarpið skal dreifa efni til alls landsins og næstu miða með a.m.k. tveimur hljóðvarpsdagskrám og einni sjónvarpsdagskrá árið um kring.

Ríkisútvarpið hefur áratugum saman rekið eigið dreifikerfi sem hefur tvíþætt hlutverk: Í fyrsta lagi að miðla dagskrá miðla Ríkisútvarpsins til landsmanna. Í öðru lagi er dreifikerfið mikilvægur hlekkur í almannavörnum, líkt og fjallað er um í kafla 7.4. Dreifikerfið er víðfemt, með tæplega tvö hundruð FM-senda, tvo langbylgjusenda, hátt í hundrað sjónvarpssenda og gervihnattarútsendingar, auk nýs stafræns dreifikerfis en hlutar þessa kerfis eru komnir til ára sinna.

Sjónvarp

Í ársbyrjun 2015 opnaði RÚV í samstarfi við Vodafone nýtt stafrænt dreifikerfi fyrir sjónvarp, þar sem RÚV getur sent út á tveimur sjónvarpsrásum, auk tveggja útvarpsrása, í meiri gæðum en fram að því höfðu þekkst. Með þessu dreifikerfi opnuðust möguleikar fyrir íbúa um allt land til að nálgast aðrar sjónvarpsstöðvar í gegnum viðbótarrásir en stafræna dreifikerfið nær til yfir 99,9% heimila á landinu.

RÚV og RÚV2 nást nú um allt land í gegnum stafrænt dreifikerfi RÚV, auk þess sem hægt var að nálgast dagskrána í gegnum RÚV spilarann árið 2018 og dreifikerfi fjarskiptafyrirtækjanna.

Stafrænar sjónvarpsútsendingar eru á útsendingarstaðlinum DVB-T og DVB-T2. Flest sjónvarpstæki sem seld hafa verið á Íslandi undanfarin ár styðja DVB-T og nýjustu tækin DVB-T2. Þeir sem eiga eldri tæki, t.d. túbusjónvörp eða eldri flatskjái, þurfa að kaupa stafræna móttakara til að ná stafrænum útsendingum.

Útvarp

Útvarpsstöðvunum Rás 1 og Rás 2 er dreift á FM-bylgjum um land allt, auk þess sem blönduð dagskrá rásanna er send út á langbylgju. Dagskrá Rásar 1, Rásar 2 og Rondó er einnig streymt á RÚV.is og í Sarpsappinu.

FM-útsendingar útvarps eru á mismunandi tíðni eftir staðsetningu á landinu. Á vef RÚV má finna upplýsingar um FM-tíðni Rásar 1 og Rásar 2 á ólíkum landssvæðum. Fram kemur á vefnum að FM-sendingar dragi að jafnaði aðeins rúmlega í sjónlínu. Þess vegna sé móttaka þeirra háð afstöðu sendis og viðtækis og landslaginu á milli. Að jafnaði megi búast við að aflmeiri stöðvar, í meiri hæð en aðrar staðbundnari stöðvar, geti heyrst lengra, sérstaklega á fjöllum sem nálgist sjónlínu við sendistaðinn. Þannig megi heyra Skálafellssendinn víða á fjöllum á vestanverðu landinu, Gagnheiði á Austfjörðum og Vaðlaheiði fyrir norðan. Einnig geti langdrægni verið góð yfir sjó, t.d. heyrist Vatnsendastöðin á sunnanverðu Snæfellsnesi og stöðin í Stykkishólmi á sunnanverðum Vestfjörðum.

Engin áform um DAB-útsendingar

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisútvarpinu fer stærstur hluti útsendinga á höfuðborgarsvæðinu fram í gegnum DVB-senda á Vatnsenda og nota fjarskiptafyrirtæki og aðrir fjölmiðlar sér sendingaraðstöðuna á Vatnsenda að hluta til og í heild. Þaðan eru útsendingar á FM, þ.m.t. Rás 1, Rás 2 og Rondó og einnig tilraunaútsendingar á AM, auk sjónvarpsútsendinga á DVB-T og DVB-T2.

Engin áform eru uppi um að skipta úr FM-útsendingum yfir í stafrænar DAB-útsendingar, líkt og gert hefur verið í Noregi og unnið er að í Danmörku. Ríkisútvarpið hefur í hyggju að fylgjast með framvindu mála hjá Norðmönnum og Dönum áður en ákvarðanir um DAB-útsendingar verða teknar.

Ríkisútvarpið gerir ráð fyrir að þurfa áfram að verja dágóðum hluta tekna sinna af útvarpsgjaldinu í viðhald og frekari uppbyggingu dreifikerfisins, enda er kerfið þess eðlis að það þarf að vera í sífelldri uppbyggingu og rekstri.

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 1. málsl. 4. tölulið 2. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið um dreifingu efnis til alls landsins árið um kring.

7.6 Aðgengismál.

Skyldur Ríkisútvarpsins:
4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið
Ríkisútvarpið skal dreifa efni til alls landsins og næstu miða með a.m.k. tveimur hljóðvarpsdagskrám og einni sjónvarpsdagskrá árið um kring. Enn fremur að birta valda hluta efnis síns, breytta eða óbreytta, ásamt öðru efni í breyttu eða óbreyttu formi með öðrum miðlunarleiðum, þ.m.t. að gera efni aðgengilegt almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að efninu og/eða þjónustunni á þeim stað og á þeirri stundu er hann sjálfur kýs.[1]

1 Sjá einnig:
2. mgr. 6. gr. Ríkisútvarpið skal veita heyrnarskertum aðgang að fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu með textun á fréttum og öðru sjónvarpsefni, með textavarpi, útsendingum á táknmáli og/eða öðrum miðlunarleiðum er henta í þessu skyni og eru í samræmi við tæknilega möguleika á hverjum tíma.
3. mgr. 6. gr. Í samningi ráðherra við Ríkisútvarpið, sbr. 4. mgr. 2. gr., skal kveðið á um hvernig best verði tryggt aðgengi og þjónusta við þá sem vegna fötlunar eða af öðrum ástæðum eru ófærir um að nýta sér hefðbundna fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu.
4. mgr. 6. gr. Ef rof verður á dagskrá eða fréttatímar sendir út við sérstakar aðstæður skal Ríkisútvarpið gera mikilvæg skilaboð og fréttir aðgengilegar heyrnarskertum með táknmálstúlkun og/eða textun.
5. mgr. 6. gr.
Ríkisútvarpið skal leita leiða til að koma til móts við sjónskerta með tæknilegum aðferðum.

6. gr. laga um Ríkisútvarpið
2. mgr.
Ríkisútvarpið skal veita heyrnarskertum aðgang að fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu með textun á fréttum og öðru sjónvarpsefni, með textavarpi, útsendingum á táknmáli og/eða öðrum miðlunarleiðum er henta í þessu skyni og eru í samræmi við tæknilega möguleika á hverjum tíma.
3. mgr.
Í samningi ráðherra við Ríkisútvarpið, sbr. 4. mgr. 2. gr., skal kveðið á um hvernig best verði tryggt aðgengi og þjónusta við þá sem vegna fötlunar eða af öðrum ástæðum eru ófærir um að nýta sér hefðbundna fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu.

Úr þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins, grein 2.2.2
Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laganna skal í samningi þessum kveðið á um hvernig best verði tryggt aðgengi og þjónusta við þá sem vegna fötlunar eða af öðrum ástæðum eru ófærir um að nýta sér hefðbundna fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu.

Ríkisútvarpið skal leitast við að nýta sér tæknilegar lausnir til tryggja aðgengi þeirra sem eru ófærir um að nýta sér þjónustu þess með hefðbundnum hætti. Það skal veita heyrnarskertum aðgang að fréttum og öðru sjónvarpsefni með textun í textavarpi eða útsendingum á táknmáli eða öðrum miðlunarleiðum er henta í þessu skyni og eru í samræmi við tæknilega möguleika á hverjum tíma. Ríkisútvarpið skal leita leiða til að koma til móts við sjónskerta, með tæknilegum lausnum.

Aðgerðir og viðmið:
-Við kaup, framleiðslu, meðframleiðslu eða sýningu á öllu efni í dagskrá Ríkisútvarpsins skal tekið mið af því að aðgengi allra landsmanna sé sem best.
-Ríkisútvarpið skal senda út fréttir á táknmáli alla daga ársins.
-Hlutfall útsendinga á táknmáli á samningstímanum skal ekki vera minna en það var árið 2015.
-Táknmálstúlkun skal fylgja sjónvarpsumræðum í aðdraganda kosninga.
-Öll forunnin innlend dagskrá skal textuð eftir því sem unnt er og sama gildir um undirbúin innlend innslög í aðalfréttatíma sjónvarps. Innlendir þættir sem ekki næst að texta fyrir frumsýningu skulu textaðir fyrir endursýningu.
-Fréttaskýringarþættir sem sendir eru út í beinni útsendingu skulu textaðir fyrir endursýningu.
Á heimasíðu Ríkisútvarpsins skal vera vefþula sem les upp texta.

Í 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið kemur fram að efni Ríkisútvarpsins verði að vera aðgengilegt með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að því og/eða þjónustunni á þeim stað og á þeirri stundu er hann sjálfur kýs. Nánar er fjallað um aðgengi og þjónustu við þá sem vegna fötlunar eða af öðrum ástæðum eru ófærir um að nýta sér hefðbundna fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu í 6. gr. laganna. Auk þess er fjallað um aðgengismál í þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins og eru þau því á meðal áherslumála 2016-2019.

Í greinargerð Ríkisútvarpsins um almannaþjónustu 2018 kemur fram að RÚV vinni að því að bæta aðgengi fatlaðs fólks að miðlum sínum, enda beri því samkvæmt lögum um Ríkisútvarpið nr. 23/2013 að stuðla að því að heyrnar- og sjónskertir fái upplýsingar og geti verið virkir þátttakendur í samfélaginu.

Aðgangur að fréttum og öðru dagskrárefni fyrir heyrnarskerta

Textun í textavarpi

Allt íslenskt sjónvarpsefni sem ekki er sýnt í beinni útsendingu er með skjátexta á síðu 888 í textavarpinu og það sama gildir um aðalfréttatíma og íþróttir í sjónvarpi. Skjátexti með innlendu sjónvarpsefni er nú einnig aðgengilegur í spilara á RÚV.is og þar má einnig finna enskan texta þegar völ er á honum.

Allt erlent efni, jafnt fréttir sem fróðleikur og afþreying, er þýtt og sent út með íslenskum texta, nema í fáeinum tilvikum, t.d. þegar erlent efni er sýnt í beinni útsendingu.

Táknmálsfréttir

RÚV flytur daglega fréttir á táknmáli og eru þær jafnframt aðgengilegar í spilara á RUV.is.

Rittúlkun

Þegar flytja þarf fréttir af náttúruhamförum sem snerta alla landsmenn er kallaður til rittúlkur sem og þegar túlka þarf lengri viðtöl og annað efni í beinni útsendingu. Í aðdraganda kosninga er rittúlkur nýttur eftir föngum.

Tæknilegar lausnir fyrir sjónskerta

Vefþula

Vefurinn er aðgengilegur skjálesurum sem blindir og sjónskertir nota og íslensk vefþula les upphátt allan texta á vefnum.

Táknmálstúlkun sjónvarpsumræðna í aðdraganda kosninga

Bein útsending frá umræðum oddvita framboða í Reykjavík, daginn fyrir sveitarstjórnarkosningar 25. maí 2018, var táknmálstúlkuð á RÚV2 og textuð á síðu 888.

Aðgengismál	2015	2016	2017	2018
Samtímatextun á aðalfréttatíma á síðu 888 (hlutfall)	100%	100%	100%	100%
Táknmálstúlkun á frétt- um og fréttatengdu efni (klst.)*	44	48	48	46
Textun á síðu 888, frumsýningar (klst.) frumfl. IDD efni	185	301	252	218
Textun á síðu 888, endursýningar (klst.) endursýnt IDD efni	333	398	337	593

Aðgengi innflytjenda að miðlum RÚV

Í stefnu RÚV til 2021 er auk þess kveðið á um að bæta skuli aðgengi innflytjenda að miðlum RÚV og á árinu tók til starfa verkefnastjóri, sem stýrir RÚV English, í þeim tilgangi og birtir hann fréttir á ensku auk þess að halda úti vikulegum spjallþætti á ensku um fréttir liðinnar viku á Íslandi auk þess að vinna að því að þróa þessa þjónustu enn frekar.

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 6. gr. laga um Ríkisútvarpið, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. sömu laga, um aðgengi og þjónustu við þá sem vegna fötlunar eða af öðrum ástæðum eru ófærir um að nýta sér hefðbundna fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu. Þá uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í grein 2.2.2 um aðgengismál í þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins.

7.7 Jafn réttur karla og kvenna

Skyldur Ríkisútvarpsins:
Ríkisútvarpið skal sinna lýðræðislegu hlutverki sínu m.a. með því að:
6. Hafa hlut karla og kvenna sem jafnastan í starfsemi Ríkisútvarpsins og í dagskrá þess.
2. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

2.3.5 Jafn réttur karla og kvenna
Ríkisútvarpið skal skv. 6. tölul. 2. mgr. 3. gr. laganna leggja áherslu á að hafa hlut karla og kvenna sem jafnastan í starfsemi sinni og í dagskrá. Ríkisútvarpið skal setja sér jafnréttisáætlun sem skal endurskoðuð með reglubundnum hætti. Jafnréttisáætlun skal vera í samræmi við lög um Ríkisútvarpið nr. 23/2013, sem og önnur lög eftir því sem við á.
Úr þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins


Á undanförnum misserum hefur RÚV haft jafnréttismál í forgrunni í allri sinni starfsemi og náð marktækum árangri. Á árunum 2014 og 2015 voru hlutföll karla og kvenna jöfnuð í yfirstjórn RÚV, í hópi millistjórnenda og umsjónarmanna í allri dagskrá RÚV, í útvarpi og sjónvarpi.

Liður í jafnréttisvinnu RÚV er samræmd skráning á kynjahlutfalli viðmælenda sem tekin var upp 1. desember 2015 og birt er opinberlega á þriggja mánaða fresti. Þetta kemur fram í greinargerð RÚV 2018. Skráðir eru viðmælendur í fréttum og fréttatengdum þáttum og í reglubundnum innlendum þáttum í útvarpi og sjónvarpi. Talning sem þessi gefur ekki heildarmynd af því hver birtingarmynd karla og kvenna er í dagskránni en er mikilvægur liður í því að mæla hver staðan og þróunin er. Þá hefur RÚV markvisst staðið fyrir ýmsum aðgerðum til að hvetja konur til þátttöku á sviðum þar sem þær hafa ekki verið jafnar körlum, m.a. námskeiði í íþróttafréttamennsku fyrir konur, námskeiðum í spurningatækni fyrir spurningakeppni framhaldsskólanna, Gettu betur, og kynjakvóta í liðum í Gettu betur.

Uppgjör kynjabókhalds RÚV 2018


RÚV 2018	KK	KVK	SAMTALS	KK%	KVK%
Rás 1	2211	2477	4688	47%	53%
Rás 2	1539	1292	2831	54%	46%
RÚV sjónvarp	1025	1023	2048	50%	50%
Dagskrá RÚV í heild	4775	4792	9567	50%	50%
Fréttir	7152	4275	11427	63%	37%

RÚV hefur sett sér skýr markmið um að ná jafnvægi milli kynja í hópi viðmælenda. Markmiðið er að kynjahlutföll í allri dagskrá allra miðla séu algerlega jöfn, að tekin séu viðtöl við jafnmargar konur og karla. Í greinargerð RÚV er á það bent að fréttir endurspegli hins vegar samfélagið og þar sem enn sé ójafnvægi á milli kynja í valdastöðum, t.a.m. í stjórnmálum og stjórnunarstöðum í atvinnulífinu, hafi þótt óraunsætt að setja jafn ströng viðmið fyrir fréttir og aðra dagskrá. Sett hafi verið það viðmið að hlutfall kvenna sem viðmælenda í fréttum á ársgrundvelli yrði yfir 35% á árinu 2017 og myndi svo vaxa jafnt og þétt á næstu árum.



Algert jafnvægi milli kynja í dagskrá RÚV 2018

Hlutfall kynjanna í dagskrá RÚV, utan frétta, var hnífjafnt í fyrsta sinn árið 2018, þ.e. 50% karlar og 50% konur. Séu eingöngu fréttatímar og fréttatengdir þættir teknir saman var hlutfall viðmælenda 63% karlar og 37% konur, þrátt fyrir að gripið hafi verið til aðgerða til að fjölga viðmælendum í hópi kvenna, t.d. með því að fjölga álitsgjöfum úr hópi kvenna. Það telur Ríkisútvarpið skýrast af hærra hlutfalli karla í leiðandi stöðum í stjórnmálum og samfélaginu, sem fluttar eru fréttir af.



Jafnlaunavottun

Samkvæmt uppýsingum Ríkisútvarpsins hafa stjórnendur þess einnig unnið að því að eyða út kynbundnum launamun sem árið 2018 fór vel undir 2% og hlaut RÚV gullmerki jafnlaunaúttektar PwC vorið 2016, fyrst fjölmiðla. Jafnlaunakerfi var byggt upp árið 2018 og hlaut RÚV í kjölfarið jafnlaunavottun og heimild Jafnréttisstofu til að nota jafnlaunamerkið.

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 2. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið um að hafa hlut karla og kvenna sem jafnastan í starfsemi Ríkisútvarpsins og í dagskrá. Þá uppfyllti Ríkisútvarpið ákvæði 2.3.5 um jafnan rétt karla og kvenna, í samningi Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðuneytis um fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu 2016-2019.






#VEIKUB




SAMEIGINLEG
MARKMIÐ





8. Nýmiðlun og tækniþróun

Skyldur Ríkisútvarpsins:
Ríkisútvarpið skal framleiða og miðla vönduðu og fjölbreyttu efni með mismunandi tæknilegum aðferðum til allra landsmanna óháð búsetu. Ríkisútvarpið skal gera ráðstafanir til að hægt sé að flytja fréttir og framleiða efni utan höfuðborgarsvæðisins með fastri starfsemi á völdum svæðum.
2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

Ríkisútvarpið skal dreifa efni til alls landsins og næstu miða með a.m.k. tveimur hljóðvarpsdagskrám og einni sjónvarpsdagskrá árið um kring. Enn fremur að birta valda hluta efnis síns, breytta eða óbreytta, ásamt öðru efni í breyttu eða óbreyttu formi með öðrum miðlunarleiðum, þ.m.t. að gera efni aðgengilegt almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að efninu og/eða þjónustunni á þeim stað og á þeirri stundu er hann sjálfur kýs.
4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

Fyrirsjáanlegar eru miklar breytingar í umhverfi fjölmiðla og til að uppfylla skyldur sínar um fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu er mikilvægt að Ríkisútvarpið fylgist náið með þeim breytingum og endurspegli fjölmiðlanotkun Íslendinga á hverjum tíma með því að bjóða upp á fjölbreytt dagskrárefni með mismunandi miðlunarleiðum sem svara margvíslegum þörfum notenda.
Úr þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins, 2. mgr. 1.1

Þjónusta RÚV á vefnum byggir sem fyrr á því markmiði að miðla dagskránni þar sem fólk vill nota hana. Árið 2018 var áhersla lögð á að efla ólínulega þjónustu og voru stærstu áfangarnir þeir að nýr spilari fyrir sjónvarp og útvarp var settur í loftið í ársbyrjun og undir lok árs bættust ný öpp fyrir snjalltæki í hópinn.

Sjónvarps- og útvarpsdagskrá Ríkisútvarpsins var aðgengileg bæði í línulegri dagskrá og ólínulegri dagskrá, í nýjum RÚV spilara, Frelsi og hliðraðri dagskrá (dagskrá sem hægt er að nálgast allt að 48 tíma aftur í tímann). Beinar útvarpsútsendingar voru aðgengilegar á FM tíðni, á vef Ríkisútvarpsins og í nýjum spilara RÚV, auk þess sem eldri upptökur af útvarpsdagskrá var að finna í spilaranum. Frétta- og afþreyingavefurinn RÚV.is var færður í skýið á árinu en hann er uppfærður allan sólarhringinn, alla daga ársins. Nýtt app fyrir iOS og Android var kynnt til sögunnar í nóvember og hófst þá einnig vinna við nýtt KrakkaRÚV app. Loks var dagskrárefni RÚV deilt á samfélagsmiðlum á borð við Facebook, Instagram og YouTube, auk þess sem samfélagsmiðillinn Snapchat var notaður til kynningar á dagskrárefni.

Öryggi og rekstur vefs

Í ársskýrslu RÚV 2018 kemur fram að vefur RÚV hafi verið fjórði mest sótti vefur landsins. Árið 2018 var unnið að því að bæta rekstraröryggi vefsins. Nokkrar árásir voru gerðar á vefinn og þótt fæstar þeirra hafi haft áhrif sýndi það þó nauðsyn þess að taka öryggismálin til endurskoðunar. Vefurinn var færður í skýið árið 2018. Í greinargerð RÚV kemur fram að við þá breytingu hafi vefurinn orðið mun hraðari.

Nýr RÚV spilari og app fyrir snjalltæki

Nýjum RÚV spilara, sem settur var í loftið í ársbyrjun 2018, er ætlað að svara þörfum nútímans um hraða og örugga miðlun efnis, auk þess sem færi gefst til að miðla meira efni en áður, eins og fram kemur í ársskýrslu Ríkisútvarpsins. Spilarinn gerir Ríkisútvarpinu jafnframt kleift að vekja sérstaka athygli á ákveðnum þáttum í dagskránni. Var sú leið m.a. farin til að kynna heimildamyndir, Gullkistu RÚV og sérstaka „jóla- og páskapakka". Í greinargerð RÚV segir að spilarinn verði að líkindum nýttur enn meira til að frumsýna efni sem ekki hafi ratað í sjónvarp eða útvarp, enda sé það leið sem systurstöðvar RÚV á Norðurlöndum hafi farið í auknum mæli. Á árinu hafi einnig verið lögð töluverð vinna í að fá símafélögin til að breyta birtingarmynd RÚV-efnis í sínum kerfum og nota sama fyrirkomulag og í spilurunum.

Nýtt app fyrir iOS og Android fór í loftið í nóvember og hófst þá vinna við nýtt KrakkaRÚV app sem fór í loftið í febrúarbyrjun 2019. Þessi smáforrit byggja á sömu hugsun og spilarinn hvað varðar framsetningu og miðlun efnis. Öll bakvinnsla var auk þess einfölduð með þeim hætti að nóg er að gera breytingu á einum stað til að hún skili sér þvert á öll miðlunartæki.

HM í knattspyrnu, kosningar og stórviðburðir

Í greinargerð RÚV segir að umferð á vef RÚV taki alltaf kipp í kringum stóra viðburði og sýni það hversu miklu máli vefurinn skipti sem ein af helstu miðlunarleiðum RÚV. Landsmenn hafi streymt meira efni í gegnum netið en nokkru sinni fyrr í tengslum við HM í fótbolta sumarið 2018 og hafi allar gagnaleiðir milli stóru símfélaganna verið stækkaðar fyrir mótið, vegna fyrirséðs áhuga landsmanna á keppninni. Mest hafi verið horft á vefinn þegar lokaleikur Íslands í keppninni (Ísland-Króatía) fór fram og einnig hinn lokaleikur riðilsins (Argentína-Nígería) og hafi streymið þá náð 87,6 Gbps sem séu um 54 þúsund samtímastraumar.

Þá var kosningavefur RÚV einn veigamesti þátturinn í allri kosningaumfjöllun Ríkisútvarpsins fyrir sveitarstjórnarkosningar í maí 2018. Þar var hægt að nálgast upplýsingar um alla framboðslista, fylgiskannanir í aðdraganda kosninga og taka kosningapróf. Hátt í 200 listar buðu fram í sveitarfélögunum 72. Kosningaritstjórn RÚV safnaði saman upplýsingum um þá alla og birti á kosningavefnum ásamt ýmsu fleiru. Nánar er fjallað um kosningavefinn í kafla 6.2.

Gagnvirkt efni fyrir börn og unglinga

Á vefnum KrakkaRÚV voru í boði gagnvirkir leikir og þjónusta, eins og vefsvæði Kóðans á KrakkaRÚV.is, þar sem börn gátu lært að forrita upp á eigin spýtur.

Samkvæmt greinargerð RÚV 2018 voru virkir daglegir notendur á RÚV.is 97.743 talsins og fjölgaði þeim um rúmlega 18 þúsund frá árinu áður. Fjöldi heimsókna á vefinn var 147.118.545. Allri útsendri dagskrá (100%) var miðlað í samtímaútsendingu fyrir vef og snjalltæki. Framboð af áður útsendu efni á vef var 15.440 upptökur fyrir útvarp og 10.038 upptökur fyrir sjónvarp (alls 25.478 upptökur). Framboð af frumgerðu efni á vef var 28.598 færslur.

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið um framleiðslu og miðlun fjölmiðlaefnis með mismunandi tæknilegum aðferðum til allra landsmanna óháð búsetu, sbr. 2. mgr. 1.1 í þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins.

Enn fremur uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið um að birta valda hluta efnis síns, breytta eða óbreytta, ásamt öðru efni í breyttu eða óbreyttu formi með öðrum miðlunarleiðum, þ.m.t. að gera efni aðgengilegt almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að efninu og/eða þjónustunni á þeim stað og á þeirri stundu er hann sjálfur kýs.




X18

9. Innra eftirlit og gæðamál

Skyldur Ríkisútvarpsins:
Í starfsháttum sínum skal Ríkisútvarpið
1. Vera til fyrirmyndar um gæði og fagleg vinnubrögð.
2. Ábyrgjast að sanngirni og hlutlægni sé gætt í frásögn, túlkun og dagskrárgerð, leitað sé upplýsinga frá báðum eða öllum aðilum og sjónarmið þeirra kynnt sem jafnast.
3. Sannreyna að heimildir séu réttar og að sanngirni sé gætt í framsetningu og efnistökum.
4. Virða friðhelgi einkalífsins í fréttum og dagskrárefni nema lýðræðishlutverk Ríkisútvarpsins og upplýsingaréttur almennings krefjist annars.
5. Vera óháð stjórnmálalegum, hugmyndafræðilegum og efnahagslegum hagsmunum í efnismeðferð og ritstjórnarákvörðunum.
6. Stunda vandaða og gagnrýna fréttamennsku og rýna m.a. störf yfirvalda, félaga og fyrirtækja sem hafa áhrif á hag almennings.
7. Taka dagskrárákvarðanir á eigin forsendum
4. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 23/2013

Í 2.4 gr. í þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins er fjallað um innra eftirlit og gæðamál. Kemur þar fram að á samningstímanum skuli stjórn Ríkisútvarpsins setja sér starfsreglur og reglur um innra eftirlit og gæðamál, starfsfólk Ríkisútvarpsins skuli starfa eftir siðareglum og að endurskoða skuli fréttareglur Ríkisútvarpsins. Þá skuli Ríkisútvarpið setja sér reglur um viðskiptaboð, í samræmi við 3. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið.

Eins og fram hefur komið í fyrri skýrslum fjölmiðlanefndar tóku siðareglur starfsmanna RÚV, *Siðareglur Ríkisútvarpsins*, gildi 22. mars 2016 en þær voru settar í þeim tilgangi að stuðla að faglegum vinnubrögðum, draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og auka traust til RÚV. Samhliða var s*érstök siðanefnd RÚV sett á laggirnar og er* öllum frjálst að senda nefndinni erindi. Siðareglurnar og *Reglur um siðanefnd RÚV* má finna á vef RÚV. [6]

Endurskoðaðar fréttareglur Ríkisútvarpsins, *Vinnureglur fréttastofu Ríkisútvarpsins (RÚV)*, tóku gildi 1. júní 2016 en þær má finna á vef Ríkisútvarpsins.[7]

Starfsreglur stjórnar Ríkisútvarpsins ohf. má einnig finna á vef RÚV en núgildandi reglur voru samþykktar á stjórnarfundi Ríkisútvarpsins þann 15. maí 2018.[8]

6 Siðareglur Ríkisútvarpsins og Reglur um siðanefnd Ríkisútvarpsins, 22. mars 2016 <https://www.ruv.is/sites/default/files/sidareglurruv1.pdf>

7 Vinnureglur fréttastofu Ríkisútvarpsins (RÚV), 1. júní 2016. <https://www.ruv.is/sites/default/files/vinnureglur_frettastofu_2016_0.pdf>

8 Starfsreglur stjórnar Ríkisútvarpsins ohf. <https://www.ruv.is/sites/default/files/starfsseglur_stjornar_2018.pdf>

Þá eru reglur um viðskiptaboð og gjaldskrá aðgengilegar á vef RÚV undir heitinu *Auglýsingareglur RÚV og RÚV sölu* í samræmi við 5. mgr. 7. gr laga um Ríkisútvarpið.[9]

Samkvæmt upplýsingum úr eldri greinargerð Ríkisútvarpsins til fjölmiðlanefndar fyrir árið 2017 tóku reglur um móttöku og meðferð erinda gildi 27. mars 2017[10] og sömuleiðis reglur um innra eftirlit og gæðamál. Er þar átt við *Reglur um ráðningar hjá Ríkisútvarpinu ohf. og samninga við verktaka*, sem eru aðgengilegar á vef RÚV en í 1. gr. þeirra kemur fram að þær teljist hluti af reglum um innra eftirlit og gæðamál RÚV.[11] Er þar m.a. fjallað um það með hvaða hætti stöður skuli auglýstar og ráðningarferlið sjálft, framkvæmd starfsviðtala og fleira.

Á meðal þess sem fram kemur í reglum um ráðningar hjá Ríkisútvarpinu er að leitast skuli við að tryggja að ráðningarferli sé opið, faglegt og gagnsætt. Boða skuli þá umsækjendur sem uppfylli hæfniskröfur að öllu eða mestu leyti í starfsviðtal. Starfsviðtal skuli jafnan tekið af yfirmanni þess sviðs sem starfið tilheyrir, ásamt mannauðsstjóra RÚV eða fulltrúa hans. Gæta skuli málefnalegra sjónarmiða við mat á hæfni umsækjenda, svo sem menntun, reynslu og þekkingu. Þá skuli aflað meðmæla ef þurfa þyki þegar endanlegt val fari fram. Ef um jafnhæfa umsækjendur af gagnstæðu kyni sé að ræða eigi umsækjandi af því kyni sem sé í minnihluta í viðkomandi starfsgrein forgang til starfsins í samræmi við jafnréttislög. Þá eigi umsækjendur með fötlun forgang til starfs gagnvart jafnhæfum umsækjendum, sem ekki eru með fötlun, sbr. lög um málefni fatlaðra.

Á meðal þess sem fram kemur í reglum um samninga við verktaka er að leitast skuli við að tryggja að samningar við verktaka séu gerðir eftir opnu, faglegu og gagnsæju ferli. Gæta skuli fyrirmæla laga um framkvæmd útboða og laga um opinber innkaup, eftir því sem við geti átt. Leita skuli tilboða í verktöku þar sem fram komi tilteknar upplýsingar til að unnt sé að gera tilboð. Gæta skuli jafnræðis og gagnsæis í innkaupaferlinu og við val á verktaka skuli gæta málefnalegra sjónarmiða, þar á meðal fjárhagslegra sjónarmiða en einnig atriða eins og umfangi verks, fyrri verka umsækjenda og reynslu þeirra, ásamt eðli verktöku, svo sem hvort um sérhæfða vöru eða þjónustu sé að ræða.

Með framangreindum reglum hefur Ríkisútvarpið rammað inn þau viðmið og gildi sem starfsmönnum RÚV ber að hafa í huga í störfum sínum í samræmi við fyrirmæli laga og ákvæði þjónustusamnings um að gæta að innra eftirliti og gæðamálum í starfseminni.

Viðhorf almennings til starfsemi Ríkisútvarpsins

Í 2.4 gr. í þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins segir að Ríkisútvarpið skuli láta mæla viðhorf almennings og traust til félagsins í heild og til fréttaþjónustu, dagskrárefnis og einstakra dagskrárliða einu sinni á ári. Ríkisútvarpið skuli reglulega láta mæla notkun almennings á þjónustu Ríkisútvarpsins.

Í 3. mgr. 4.3 gr. í þjónustusamningnum segir jafnframt að í greinargerð til fjölmiðlanefndar skuli Ríkisútvarpið gera grein fyrir viðhorfi almennings til starfsemi Ríkisútvarpsins, eins og þau komi fram, m.a. í könnunum sem Ríkisútvarpið lætur gera og ábendingum.

Viðhorfskönnun Gallup

Með greinargerð Ríkisútvarpsins fyrir árið 2018 fylgdu niðurstöður könnunar Gallup frá maí 2018, á viðhorfi til Ríkisútvarpsins. Samkvæmt þeim finnst 69,3% svarenda miðlar Ríkisútvarpsins vera mikilvægastir fyrir þjóðina, 25,3% svarenda nefndu Ríkisútvarpið í heild, 26,5% nefndu RÚV (Sjónvarpið) eða Ríkissjónvarpið, 7,9% nefndu Rás 1, 5,8% RÚV.is og 3,8% Rás 2.

9 Auglýsingareglur RÚV og RÚV sölu. <https://www.ruv.is/auglysingar/reglur>

10 Reglur um meðferð athugasemda og kvartana vegna umfjöllunar RÚV. 1. desember 2016. <https://www.ruv.is/sites/default/files/reglur_um_medferd_athugasemda_abendinga_og_kvartana_vegna_umfjollunar_ruv_final.pdf>

11 Reglur um ráðningar hjá Ríkisútvarpinu ohf. og samninga við verktaka, 29. mars 2017. <https://www.ruv.is/sites/default/files/reglur_um_storf_og_verktoku_-_lokaskjal.pdf>

Fréttir og fréttatengt efni

Þegar spurt var til hvaða fjölmiðils svarendur leituðu helst eftir fréttum og fréttatengdu efni kom í ljós að flestir fóru á Mbl.is eða 21,5%, næstflestir nefndu Vísi eða 13,4%, og þá kom miðlar Ríkisútvarpsins, RÚV.is, Ríkisútvarpið í heild, RÚV (Sjónvarpið) og Ríkissjónvarpið, með 36,5% samtals. Samanlagður hlutur Mbl.is og Morgunblaðsins var 27%.

Mbl.is	21,5%
Visir.	13,4%
RÚV.is	10,6%
Ríkisútvarpið í heild	10,6%
RÚV (Sjónvarpið)	8,9%
Ríkissjónvarpið	6,4%
Morgunblaðið	5,5%
Rás 2	3,8%
Rás 1	3,6%
Stöð 2	1,9%

Aðrir fjölmiðlar mældust með lægra hlutfall.

Íslenskt efni og menningarefni

Þegar spurt var til hvaða fjölmiðils svarendur leituðu helst eftir íslensku efni og menningarefni kom í ljós að flestir nefndu RÚV (Sjónvarpið) eða 15,7%, þá kom Ríkisútvarpið í heild með 15%, Ríkissjónvarpið með 9,3%, Rás 1 með 8,1%, RÚV.is með 8% og Visir.is með 5%. Mbl.is var með 4,4% og Morgunblaðið 3,9% eða samtals 8,3%. Samanlagður hlutur miðla Ríkisútvarpsins var 59,3%.

RÚV (Sjónvarpið)	15,7%
Ríkisútvarpið í heild	15%
Ríkissjónvarpið	9,3%
Rás 1	8,1%
RÚV.is	8%
Visir.is	5%
Mbl.is	4,4%
Morgunblaðið	3,9%
Stöð 2	3,8%
Rás 2	3,2%
N4	1,9%
Bylgjan	1,6%

Aðrir fjölmiðlar mældust með lægra hlutfall.

Þegar spurt var hversu jákvæðir eða neikvæðir svarendur væru gagnvart Ríkisútvarpinu kom í ljós að 32% voru mjög jákvæðir, 42.2% voru frekar jákvæðir, 16,6% svöruðu „hvorki né“, 5,8% voru frekar neikvæðir og 3.5% reyndust mjög neikvæðir.

Þegar spurt var að því hvort svarendur væru almennt ánægðir eða óánægðir með dagskrá RÚV (Sjónvarpsins) kom í ljós að flestir sem tóku afstöðu til spurningarinnar voru ánægðir eða 46,2% en þar af voru 7,1% mjög ánægðir. Um þriðjungur svarenda eða 31,4% svaraði „hvorki né“ og 22,3% svarenda voru óánægð, þar af 6% mjög óánægð.

Þegar spurt var um notkun barna á heimilinu á þjónustu KrakkaRÚV sagði rúmlega helmingur svarenda eða 53,9% að börnin notuðu þjónustuna vikulega eða oftar, þar af 13,6% daglega og 11,8% 4-6 sinnum í viku.

Fimmtungur svarenda eða 20,6% sagði börnin aldrei nota þjónustuna. Meirihluti svarenda eða 69% taldi þjónustu KrakkaRÚV góða eða frekar góða, 24% svarenda voru hlutlaus en 7% svarenda taldi þjónustuna slæma eða frekar slæma. Þegar spurt var um Krakkafréttir sérstaklega kom í ljós að 69% svarenda voru ánægð eða frekar ánægð með þjónustuna, 26,3% voru hlutlaus en 4,8% voru frekar eða mjög óánægð.

Þegar spurt var um þær leiðir sem svarendur notuðu til að nálgast dagskrárefni RÚV kom í ljós að flestir eða 47,8% svarenda horfðu eða hlustuðu á dagskrárefnið í gegnum vafra á netinu, 22,8% í gegnum smáforrit í snjallsíma eða spjaldtölvu og 7,8% í gegnum smáforrit í Apple TV. 42,4% svarenda notuðu ekki þjónustu RÚV með dagskrárefni á netinu eða í gegnum smáforrit. Þegar spurt var hversu ánægðir eða óánægðir svarendur væru með þjónustu RÚV í gegnum vafra eða smáforrit reyndust flestir eða 70,9% svarenda ánægðir með þjónustu RÚV í gegnum vafra eða smáforrit, tæp 20% voru hlutlaus og 9,2% svarenda voru frekar eða mjög óánægð.

Loks var spurt um skoðun svarenda á tekjuöflun RÚV í gegnum auglýsingar. Flestir eða 58,9% töldu að RÚV ætti áfram að hafa auglýsingatekjur í sama mæli og nú er, auk þess sem 12,8% til viðbótar töldu að RÚV ætti að reyna að auka tekjur sínar af auglýsingum. 28,3% svarenda töldu að RÚV ætti að hætta að birta auglýsingar en þar af töldu 18,4% svarenda að RÚV ætti ekki að fá tekjutapið bætt með hækkuðu útvarpsgjaldi/útvarpsskatti.

Könnun Gallup var framkvæmd á tímabilinu 2. – 16. maí 2018 á netinu og var úrtakið 1423 manns af öllu landinu, 18 ára og eldri, handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup. Fjöldi svarenda var 769 en 654 svöruðu ekki.

Könnun MMR á trausti til fréttastofu RÚV

Þá voru í greinargerð Ríkisútvarpsins 2018 birtar niðurstöður könnunar MMR á trausti til fréttastofu RÚV frá maí og nóvember 2018.

Könnun 16.-22. maí 2018

Samkvæmt könnun sem gerð var í maí báru 70% svarenda mjög mikið eða frekar mikið traust til fréttastofu RÚV. Á hinn bóginn kváðust 9% svarenda bera mjög lítið eða frekar lítið traust til fréttastofunnar og 20% svarenda svöruðu „hvorki mikið né lítið traust“.

Fleiri konur en karlar báru mjög mikið eða frekar mikið traust til fréttastofunnar (74% kvenna og 67% karla). Þá báru fleiri höfuðborgarbúar en landsbyggðarbúar mjög mikið eða frekar mikið traust til fréttastofunnar (74% höfuðborgarbúa og 64% landsbyggðarbúa). Þegar litið var til menntunar báru háskólamenntaðir mest traust til fréttastofunnar (82%) en grunnskólamenntaðir minnst traust (57%).

Könnun MMR fór fram á tímabilinu 16.-22. maí 2018 á netinu og var úrtakið 929 einstaklingar, 18 ára og eldri, valdir handahófskennt úr hópi álitsgjafa MMR. Niðurstöður voru vigtaðar með tilliti til dreifingar aldurs, kynja, búsetu og menntunar í þýði.

Könnun 8.-12. nóvember 2018

Samkvæmt könnun sem gerð var í nóvember báru 64% svarenda mjög mikið eða frekar mikið traust til fréttastofu RÚV og hafði traustið dalað um sex prósentustig frá því í maí sama ár. Á hinn bóginn kváðust 14% svarenda bera mjög lítið eða frekar lítið traust til fréttastofunnar, sem var fimm prósentustigum hærri tala en í maímánuði. 22% svarenda svöruðu „hvorki mikið né lítið traust“. Sem fyrr báru háskólamenntaðir mest traust til fréttastofunnar (74%) en grunnskólamenntaðir minnst traust (57%).

Könnun MMR fór fram á tímabilinu 8.-12. nóvember 2018 á netinu og var úrtakið 1048 einstaklingar, 18 ára og eldri, valdir handahófskennt úr hópi álitsgjafa MMR. Niðurstöður voru vigtaðar með tilliti til dreifingar aldurs, kynja, búsetu og menntunar í þýði.

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 4. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið, sbr. grein 2.4 í þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins, um starfshætti, innra eftirlit og gæðamál.




SÖGUR

10. Kvartanir til fjölmiðlanefndar vegna viðskiptaboða og dagskrárefnis í miðlum Ríkisútvarpsins 2018

Ýmsar sérreglur gilda um viðskiptaboð á miðlum Ríkisútvarpsins og er fjölmiðlanefnd ætlað að hafa eftirlit með því að farið sé að þeim. Með hugtakinu viðskiptaboð er m.a. átt við auglýsingar, kostun og vöruinnsetningar.

Samkvæmt 7. gr. laga um Ríkisútvarpið eru vöruinnsetningar alfarið bannaðar í miðlum Ríkisútvarpsins. Kostun dagskrárefnis á RÚV er óheimil, nema um sé að ræða innlenda íþróttaviðburði, og umfjöllun um þá, eða íburðarmikla dagskrárliði. Auglýsingar í sjónvarpi mega ekki vara lengur en í 8 mínútur á hverri klukkustund og óheimilt er að birta viðskiptaboð á vefnum RUV.is, svo nokkuð sé nefnt.

Um Ríkisútvarpið gilda einnig almenn lög um fjölmiðla. Því eru t.d. viðskiptaboð fyrir áfengi, tóbak, lyfseðilsskyld lyf og happdrættis- og veðmálastarfsemi, sem ekki hefur leyfi hér á landi, óheimil í miðlum RÚV, eins og í öðrum fjölmiðlum. Þá ber Ríkisútvarpinu m.a. að standa vörð um friðhelgi einkalífs, tryggja vernd barna gegn skaðlegu efni í myndmiðlum, veita rétt til andsvara þegar það á við og gæta að hlutlægni og nákvæmni í fréttum og fréttatengdu efni, rétt eins og einkareknum miðlum ber að gera.

Notendur miðla Ríkisútvarpsins geta beint kvörtunum til fjölmiðlanefndar telji þeir að Ríkisútvarpið hafi brotið gegn 7. gr. laga um Ríkisútvarpið eða gegn ákvæðum laga um fjölmiðla. Sé um að ræða kvörtun vegna beiðni um andsvar eru þau skilyrði sett í lögum að kvartandi eigi einstaklingsbundinna, lögvarinna hagsmuna að gæta og að kvörtun hafi verið beint til Ríkisútvarpsins áður en kvartað er til fjölmiðlanefndar.

Mikilvægt er að notendur fjölmiðla hafi aðgang að skýru og gagnsæu kvartanaferli. Flæðiritið hér á eftir skýrir ferli almennra kvartana sem berast fjölmiðlanefnd, hvort sem þær varða efni RÚV eða annarra fjölmiðla.

10.1 Kvartanir vegna dagskrárefnis 2018

Kvartað var yfir sýningum RÚV á Broen kl. 20:55 á mánudögum í janúar og febrúar 2018 með vísan til vatnaskilaákvæðis 28. gr. laga um fjölmiðla. Samkvæmt ákvæðinu er óheimilt að sýna efni sem ekki er við hæfi barna fyrir kl. 21:00 sunnudaga-fimmtudaga og fyrir kl. 22:00 á föstudögum og laugardögum. Eftir að hafa leitað eftir skýringum frá Ríkisútvarpinu, taldi fjölmiðlanefnd ekki þörf á að aðhafast frekar. Var því beint til Ríkisútvarpsins að haga sýningartímum sínum eftirleiðis í samræmi við ákvæði 28. gr.

Kvartað var yfir umfjöllun um starfsmannaleiguna Menn í vinnu í Kveik og Kastljósi á RÚV og meintu broti Ríkisútvarpsins á 26. gr. um hlutlægni í fréttum og fréttatengdu efni og 27. gr. laga um fjölmiðla um bann við hatursáróðri. Laut efni kvörtunar að umfjöllun um starfsmannaleiguna í Kveik 2. október og Kastljósi 4. október 2018. Málinu lyktaði með **áliti 2/2019** þar sem fjölmiðlanefnd komst að þeirri niðurstöðu að með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hafi vinnubrögð fréttamanna Ríkisútvarpsins verið í samræmi við hlutlægniskilyrði 26. gr. og að ákvæði 27. gr. um hatursáróður tæki ekki til atvika málsins.

Starfsmannaleigan Menn í vinnu kvartaði jafnframt yfir því að Ríkisútvarpið hefði ekki veitt fyrirtækinu rétt til andsvara á grundvelli 36. gr. laga um fjölmiðla og var sérstaklega fjallað um þann hluta málsins í ákvörðun **9/2018**. Samkvæmt niðurstöðu fjölmiðlanefndar var RÚV ekki skylt að birta andsvör Manna í vinnu ehf.

Önnur ákvörðun sem birt var árið 2018 varðaði beiðni um andsvar í miðlum RÚV á grundvelli 36. gr. laga um fjölmiðla. Í **ákvörðun 1/2018** frá 5. apríl 2018 komst fjölmiðlanefnd að þeirri niðurstöðu að RÚV væri ekki skylt að birta andsvör Símasamstæðunnar vegna umfjöllunar Kveiks um stöðuna á ljósleiðaramarkaði í febrúar 2018.

10.2 Kvartanir vegna viðskiptaboða 2018

Í **ákvörðun 7/2018,** um viðskiptaboð í tengslum við HM í knattspyrnu, komst fjölmiðlanefnd að þeirri niðurstöðu að Ríkisútvarpinu hefði verið óheimilt að kosta þáttaröðina Saga HM, sem sýnd var á RÚV á fjögurra mánaða tímabili í aðdraganda HM sem fram fór sumarið 2018. Teldist þáttaröðin ekki falla undir lögbundnar undantekningar frá banni við kostun dagskrárefnis á RÚV og hafi Ríkisútvarpið með kostun þáttanna brotið gegn 2. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið. Þá hafi birting gjaldskrár fyrir auglýsingar og kostanir í tengslum við HM 2018 á RÚV verið ófullnægjandi og farið í bága við 5. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið. Málið var tekið til meðferðar á grundvelli kvörtunar Símans. Fram kom að Ríkisútvarpið hafi samþykkt að gæta betur að samræmdri birtingu framvegis, þar með talið á vef félagsins, og hafi þegar gert viðeigandi úrbætur varðandi birtingu gjaldskrár fyrir auglýsingar og kostanir á vefnum.

Kvartað var yfir meintum vöruinnsetningum Gallup í spurningaþættinum Útsvari í febrúar 2018. Í kvörtun kom fram að meint vöruinnsetning færi fram á þann hátt að ein bjölluspurning væri nú kölluð Gallup-spurningin og væri ítrekað vísað í Gallup sem framkvæmdaaðila könnunar sem spurt væri út úr í þáttunum. Eftir að hafa óskað eftir sjónarmiðum Ríkisútvarpsins taldi fjölmiðlanefnd ekki ástæðu til að taka málið til efnislegrar meðferðar.


Kvartað var yfir meintum duldum auglýsingum í fréttatíma RÚV vegna fréttar um framkvæmdir við Hafnartorg í Reykjavík í október 2018. Eftir að hafa óskað eftir sjónarmiðum Ríkisútvarpsins var það niðurstaða fjölmiðlanefndar að ekkert hefði komið fram sem benti til óeðlilegra tengsla auglýsingasölu og fréttaflutnings. Gæfi kvörtunin því ekki tilefni til frekari meðferðar.

Í desember 2018 kvartaði fjölmiðlaveitan Hringbraut-miðlar ehf. yfir fyrirhugaðri kostun Ríkisútvarpsins á sjónvarpsþáttunum Alla leið og Eurovision söngvakeppninni 2019. Málinu lyktaði með **áliti 6/2019** þar sem fjölmiðlanefnd komst að þeirri niðurstöðu að Ríkisútvarpinu hefði verið óheimilt að kosta sjónvarpsþættina Alla leið og hefði brotið gegn 2. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið með kostun þeirra 20. og 27. apríl og 4. og 11. maí 2019. Á grundvelli 3. mgr. 17. gr. laga um Ríkisútvarpið og sjónarmiða um réttmætar væntingar Ríkisútvarpsins um fyrirsjáanleika í stjórnsýsluframkvæmd, með vísan til fyrri samskipta við nefndina, var ákveðið að falla frá sektarákvörðun í málinu.

10.3 Beiðni um endurupptöku á afgreiðslu kvörtunar.

Í janúar 2018 var lögð fram beiðni einstaklings um endurupptöku kvörtunar, sem ekki hafði verið tekið til efnislegrar meðferðar hjá nefndinni árið 2017. Kvörtunin varðaði umfjöllun Kastljóss um lánveitingar Seðlabankans til Kaupþings þann 6. október 2008 og meint brot á 26. gr. laga um fjölmiðla, en umfjöllun Kastljóss

var miðlað 19. október 2016, tíu dögum fyrir Alþingiskosningar. Efnistök þáttarins tengdust kvartanda ekki persónulega. Hafði hann áður kvartað yfir niðurstöðu fjölmiðlanefndar til umboðsmanns Alþingis sem gerði þá athugasemd við afgreiðsluna að vanda yrði svör til kvartenda með vísan til rökstuðnings. Í svari fjölmiðlanefndar til kvartanda var farið með ítarlegum hætti yfir málsmeðferð fjölmiðlanefndar og ástæður þess að bréf kvartanda, að því marki sem það var talið fela í sér kvörtun vegna ætlaðra brota á lögum um fjölmiðla, teldist ekki gefa næga ástæðu til efnislegrar meðferðar og ástæður þess að nefndin taldi ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna kvörtunarinnar.







11. Fjárhagslegur aðskilnaður almanna-þjónustu og samkeppnisreksturs

Skyldur Ríkisútvarpsins:
Fjárhagslegur aðskilnaður
Halda skal fjárreiðum alls reksturs vegna fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu skv. 3. gr. aðskildum frá fjárreiðum annars reksturs á vegum Ríkisútvarpsins eða dótturfélaga þess. Er Ríkisútvarpinu óheimilt að nota fjármuni frá rekstri skv. 3. gr. til þess að greiða niður kostnað vegna annarrar starfsemi. Rekstrarafgang af starfsemi dótturfélaga skal nýta til starfsemi skv. 3. gr. og eftir atvikum til að auka eigið fé samkvæmt nánari ákvörðun aðalfundar.
5. gr. laga um Ríkisútvarpið

Eftirlit og mat
Ríkisútvarpið skal láta fjölmiðlanefnd í té upplýsingar til að hún geti sannreynt og metið gagnsæi og hlutlæga kostnaðargreiningu á almannaþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins, byggða á ársreikningi næstliðins árs, að teknu tilliti til tekna að frádregnum kostnaði við þann hluta starfseminnar sem fellur undir samkeppnisrekstur. Fjölmiðlanefnd skal njóta liðsinnis Ríkisendurskoðunar í þessu efni.
2. mgr. 15. gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 23/2013

Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga um Ríkisútvarpið skal Ríkisútvarpið láta fjölmiðlanefnd í té upplýsingar til að hún geti sannreynt og metið gagnsæi og hlutlæga kostnaðargreiningu á almannaþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins, byggða á ársreikningi næstliðins árs, að teknu tilliti til tekna að frádregnum kostnaði við þann hluta starfseminnar sem fellur undir samkeppnisrekstur.

Í ársreikningi Ríkisútvarpsins ohf. 2018 gerir Ríkisútvarpið grein fyrir rekstrartekjum og -gjöldum vegna almannaþjónustu annars vegar og samkeppnisþjónustu hins vegar.

Þar kemur fram að samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu hafi hagnaður og heildarafkoma af rekstri Ríkisútvarpsins ohf. numið **2,2 millj. kr.** eftir skatta á árinu 2018. Í árslok hafi heildareignir félagsins verið **7685 millj. kr.** og eigið fé hafi verið **2192 millj. kr.** Eiginfjárhlutfall hafi batnað enn frekar frá fyrra ári og verið 28,5% í árslok 2018. Fjöldi ársverka hafi verið 270.

Rekstrartekjur vegna almannaþjónustu árið 2018 voru **4325 millj. kr.** en rekstrartekjur vegna samkeppnisreksturs **2351 millj. kr.** fyrir skatta. Í ársreikningi kemur fram að forsendur til útreiknings hlutdeildar samkeppnisreksturs í heildarkostnaði hafi verið endurmetnar á árinu 2018 sem hafi haft í för með sér hækkun. Aðrar tekjur samkeppnisrekstrar en tekjur af auglýsingum og kostun séu meðal annars leigutekjur af skrifstofuhúsnæði, aðstöðu og dreifikerfi, sala á safnaefni og leiga á leikmunum og búningum.

Rekstrargjöld vegna almannaþjónustu voru **5557 millj. kr.** en **525 millj. kr.** vegna samkeppnisreksturs. Samanlagðar rekstrartekjur félagsins af bæði almannaþjónustu og samkeppnisrekstri voru **6676 millj. kr.**

Í skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og framkvæmdastjóra, í ársreikningi RÚV, segir að skuldir RÚV hafi um árabil verið háar, vegna uppgjörs á eldri lífeyrisskuldbindingum. Með sölu á byggingarrétti hafi tekist að lækka skuldirnar umtalsvert en síðustu greiðslur vegna sölunnar hafi borist í ársbyrjun 2018 og verið ráðstafað til niðurgreiðslu skulda. Frá stofnun RÚV hafi félagið ekki haft bolmagn til að standa undir þungum afborgunum skuldabréfs vegna eldri lífeyrisskuldbindinga. Á árinu 2018 hafi verið samið við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins um skilmálabreytingu á skuldabréfinu, lánstími þess hafi verið framlengdur og samið um ný vaxtakjör. Þetta geri RÚV kleift að standa undir greiðslum í framtíðinni. Þrátt fyrir þessar aðgerðir telji stjórn RÚV að félagið verði áfram of skuldsett og haldi áfram að leita varanlegra lausna varðandi skuldsetningu þess.

Þá segir í yfirlýsingu stjórnar RÚV að nokkur óvissa ríki um kjarasamninga sem geti haft áhrif á rekstur félagsins. Núverandi þjónustusamningur við mennta- og menningarmálaráðuneytið gildi til 31. desember 2019 en þá taki við nýr samningur sem hvíli á lögum um Ríkisútvarpið og fjármálaáætlun ríkissjóðs. RÚV sé fjármagnað með útvarpsgjaldi og auglýsingatekjum skv. ákvörðun Alþingis en á síðustu árum hafi svigrúm til auglýsingasölu verið takmarkað með lagasetningu. Hafi auglýsingamarkaðurinn verið að dragast saman og ríki óvissa um frekari þróun. Myndu frekari þrengingar hafa áhrif á möguleika félagsins til að sinna þjónustuhlutverki sínu.

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2018

	2018
Rekstrartekjur	4.325.769
Almannaþjónusta	2.351.182
Samkeppnisrekstur	6.676.951
Aðrar tekjur	
Söluhagnaður	28.960
	28.960
Rekstrargjöld	
Almannaþjónusta	- 5.557.991
Samkeppnisrekstur	- 525.148
Afskriftir	- 335.638
	- 6.418.777
Rekstrarhagnaður	287.134
Fjármunatekjur	16.969
Fjármagnsgjöld	- 272.217
Gengismunur	- 29.105
Hrein fjármagnsgjöld	- 284.353
Afkoma fyrir tekjuskatt	2.781
Tekjuskattur	- 560
Hagnaður og heildarafkoma	2.221

Úr ársreikningi Ríkisútvarpsins ohf. 2018. Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

Fjárhagslegur aðskilnaður

Í 5. gr. laga um Ríkisútvarpið segir að halda skuli fjárreiðum alls reksturs vegna fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu skv. 3. gr. aðskildum frá fjárreiðum annars reksturs á vegum Ríkisútvarpsins eða dótturfélaga þess. Ríkisútvarpinu sé óheimilt að nota fjármuni frá rekstri fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu til að greiða niður kostnað vegna samkeppnisreksturs. Þá skuli nýta rekstrarafgang af starfsemi dótturfélaga til fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu og eftir atvikum til að auka eigið fé samkvæmt nánari ákvörðun aðalfundar.

Efni greinarinnar á rætur að rekja til leiðbeinandi reglna ESA um ríkisstyrki á sviði útvarpsþjónustu í almannaþágu. Samkvæmt reglunum skal vera skýr og viðeigandi aðskilnaður á útvarpsþjónustu í almannaþágu og þeirri þjónustu, sem ekki telst til opinberrar þjónustu og er þess krafist til að tryggja gagnsæi og ábyrga notkun á opinberu fé en einnig svo ESA sé unnt að rannsaka t.d. meintar víxlniðurgreiðslur.

Í 2. mgr. 15. gr. segir að hlutlæg kostnaðargreining á almannaþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins ohf., sem fjölmiðlanefnd er ætlað að sannreyna og meta, skuli byggð á ársreikningi félagsins, að teknu tilliti til tekna að frádregnum kostnaði við þann hluta starfseminnar sem fellur undir samkeppnisrekstur.

Kostnaðargreiningu á rekstri fjölmiðils í almannaþágu annars vegar og rekstri samkeppnisreksturs hins vegar er að finna undir lið 4 í skýringum við ársreikning Ríkisútvarpsins, sem fjallar um rekstur deilda. Þar kemur fram að rekstrartap, fyrir afskriftir, *af fjölmiðli í almannaþágu* árið 2018 hafi verið **1232 millj. kr**. Rekstrarhagnaður, fyrir afskriftir, *af samkeppnisrekstri* 2018 hafi verið **1826 millj. kr.**

Rekstur fjölmiðils í almannaþágu greinist þannig:	2018
Þjónustutekjur	4.296.000
Styrkir og aðrar tekjur	29.769
	4.325.769
Réttindagreiðslur vegna dagskrár	- 1.144.300
Aðkeypt þjónusta, launa- og starfsmannatengdur kostn. vegna dagskrár	- 2.998.263
Tæknikostnaður, rekstur áhalda og tækja og hugbúnaður	- 342.431
Kostnaður vegna dreifikerfis	- 475.299
Annar beinn kostnaður vegna dagskrár	- 254.033
Kostn. vegna skrifstofu útvarpsstjóra, fjármáladeildar og stjórnar	- 284.145
Rekstur húsnæðis og annar rekstrarkostnaður	- 306.859
Hlutdeild samkeppnisrekstrar í kostnaði	247.338
	- 5.557.991
Rekstrartap af fjölmiðli í almannaþágu	- 1.232.222

Rekstur samkeppnisrekstrar greinist þannig:	2018
Tekjur af auglýsingum og kostun	2.035.797
Aðrar tekjur af samkeppnisrekstri	315.384
	2.351.182
Hlutdeild í kostnaði fjölmiðlaþjónustu	- 247.338
Beinn kostnaður vegna samkeppnisrekstrar	- 277.810
	- 525.148
Rekstrarhagnaður af samkeppnisrekstri	1.826.034

Úr ársreikningi Ríkisútvarpsins ohf. 2018. Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

Ársreikningur Ríkisútvarpsins er áritaður af löggiltum endurskoðendum Advant endurskoðunar ehf., Sveini R. Reynissyni og Hinriki Gunnarssyni, sem eru óháðir Ríkisútvarpinu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi. Er það þeirra álit að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2018, efnahag þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga. Fram kemur að endurskoðun hafi farið fram í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og telji endurskoðendur að við hana hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja það álit á.

Fjölmiðlanefnd vísar til álits hinna löggiltu endurskoðenda hvað varðar gagnsæi og hlutlægni í kostnaðargreiningu á almannaþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins, byggðri á ársreikningi 2018, að teknu tilliti til tekna að frádregnum kostnaði við þann hluta starfseminnar sem fellur undir samkeppnisrekstur. Fjölmiðlanefnd hefur ekki forsendur til annars en að treysta mati hinna löggiltu endurskoðenda á því að ársreikningur Ríkisútvarpsins sé fram settur í samræmi við þau lög og reglur sem um starfsemina gilda.


FYRST OG FREMST
Þjónusta við börn
og ungt fólk


RÚV



12. VIÐAUKI

12.1 Auglýsingar og kostun

Í ársskýrslu Ríkisútvarpsins kemur fram að tekjur RÚV á rekstrarárinu 2018 af sölu auglýsinga og kostana hafi numið 2036 millj. kr. Auk þess birtir Ríkisútvarpið í ársskýrslu sinni lista yfir þá dagskrárliði sem voru kostaðir og þá dagskrárliði sem voru rofnir með auglýsingum 2018 en þeir eru eftirfarandi:

Kostaðir dagskrárliðir 2018:

Bikarkeppni í handbolta, Bikarkeppni í körfubolta, Bikarkeppni í blaki, EM í frjálsum íþróttum, HM í knattspyrnu, EM í sundi, Eurovision og Söngvakeppnin og tengd dagskrá, Hestaíþróttir, HM í frjálsum íþróttum, EM í handbolta, HM félagsliða, HM og heimsbikarmót í skíðaíþróttum, Íslandsmótið í fimleikum, Íslandsmótið í keilu, Íslandsmótið í golfi og golfmótaröðin, Landsleikir í fótbolta, Landsleikir í handbolta, Landsleikir í körfubolta, Meistaradagar í íþróttum, Menningarnótt, Mótorsport, Ófærð, Reykjavíkurleikarnir, Reykjavíkurmaraþon, Skólahreysti og Vetrarólympíuleikar.

Dagskrárliðir rofnir með auglýsingahléum 2018:

Alla leið, Eurovision, Eddan, Gettu betur, Gríman, Íþróttamaður ársins, Menningarnótt, Meistaradagar, Klassíkin okkar, Reykjavíkurleikarnir, Skólahreysti, Söngvakeppnin, Tónlistarverðlaunin, Útsvar og Vetrarólympíuleikar.

12.2 Listi yfir kaup af sjálfstæðum framleiðendum 2018

Dagskrárefni	Framleiðandi	Fjárhæð kr.
Af fingrum fram		
Af fingrum fram	Hitt eyrað sf.	150.000
Af fingrum fram	Jón Egill Bergþórsson	220.000
Afmælistónleikar Kristjáns Jóhannssonar		
Afmælistónleikar Kristjáns Jóhannssonar	B6 sf.	600.000
Afmælistónleikar Magnúsar Þórs Sigmundssonar		
Afmælistónleikar Magnúsar Þórs Sigmundssonar	B6 sf.	600.000
Agnes Joy		
Agnes Joy	Vintage Pictures ehf.	4.000.000
Akureyrarvaka		
Akureyrarvaka	Extra.is ehf.	850.000
Aldrei fór ég suður		
Aldrei fór ég suður	Jóhannes Jónsson	119.810
Alla leið		
Alla leið	Jafninginn ehf.	575.000
Alla leið	Sextán-níundu ehf.	789.800
Allra kvikinda líki / Laddi og Siggi í síðasta sinn		
Allra kvikinda líki / Laddi og Siggi í síðasta sinn	Undur og stórmerki slf.	550.000
Andið eðlilega		
Andið eðlilega	Zik Zak ehf.	3.500.000
Andstæðingar Íslands		
Andstæðingar Íslands	David D'Hondt	369.770
Andstæðingar Íslands	Made in Iceland Films ehf.	1.618.375
Andstæðingar Íslands	Purkur ehf.	2.848.941
Andstæðingar Íslands	Q1 ehf.	3.000.000
Andstæðingar Íslands	ÚTT slf.	825.000
Atelier stuttmynd		
Atelier stuttmynd	Lúkas ehf.	722.581
Á leið í Tónleikasal og Sinfóníukvölds		
Á leið í Tónleikasal og Sinfóníukvölds	Dirríndí slf.	210.000
Á sama báti - sýningarréttur		
Á sama báti - sýningarréttur	Halla Ólafsdóttir	700.000
Á spretti		
Á spretti	Millimetri sf.	750.000
Áramótaskaup 2018		
Áramótaskaup 2018	Glassriver ehf.	34.000.000
Blái hnötturinn		
Blái hnötturinn	B6 sf.	650.000
Blái hnötturinn	Leikfélag Reykjavíkur	2.500.000
Blindrahundur		
Blindrahundur	Lortur framleiðslufélag ehf.	1.500.000
Borgarsýn Frímanns		
Borgarsýn Frímanns	Ananas ehf.	5.000.000

Dagskrárefni	Framleiðandi	Fjárhæð kr.
Bráðum verður bylting		
Bráðum verður bylting	Seylan ehf.	1.750.000
Brothers		
Brothers	Íslenska óperan ses.	3.500.000
Brothers	Sextán-níundu ehf.	942.000
Brotið		
Brotið	Nemo ehf.	1.300.230
Bræðslan		
Bræðslan	Sextán-níundu ehf.	500.000
Busar		
Busar	Skot - producrtions ehf.	660.000
Bæir byggjast		
Bæir byggjast	Tökur ehf.	150.000
Djók í Reykjavík		
Djók í Reykjavík	Ofvitinn ehf.	3.900.000
Eddan		
Eddan	B6 sf.	500.000
Eigi skal höggva		
Eigi skal höggva	Bókaútgáfan Tindur ehf.	1.000.000
Eitt stykki hönnun, takk		
Eitt stykki hönnun, takk	Tinna Ottesen	1.700.000
Eniga Meniga		
Eniga Meniga	Þjóðleikhúsið	1.500.000
Eurovision		
Eurovision	APRÍL ehf.	1.000.000
Eurovision	Jafninginn ehf.	1.794.379
Eurovision	Sextán-níundu ehf.	221.000
Eurovision	Tökur ehf.	100.000
Eyðibýli II		
Eyðibýli II	Rýnir sf.	1.920.000
Eyland		
Eyland	Truenorth ehf.	10.000.000
Fangar sería 2		
Fangar sería 2	Myster Ísland ehf.	2.500.000
Fíllinn Nína		
Fíllinn Nína	Krumma Films ehf.	700.000
Fjársjóður framtíðar		
Fjársjóður framtíðar	Háskóli Íslands	1.500.000
Fjórtándi jólasveininnn		
Fjórtándi jólasveininnn	14th ehf.	20.000.000
Fjörskyldan		
Fjörskyldan	APRÍL ehf.	2.900.000
Fjörskyldan	JJMUsic slf.	3.600.000
Fjörskyldan	Trabant ehf.	850.000

Dagskrárefni	Framleiðandi	Fjárhæð kr.
Fjörskyldan	Örn Úlfar Sævarsson	1.650.000
Flateyjargátan		
Flateyjargátan	Saga Film hf.	80.253.500
Fótspor		
Fótspor	Fenrir Films sf.	600.000
Fullveldið um land allt		
Fullveldið um land allt	Sextán-níundu ehf.	800.000
Fullveldisöldin		
Fullveldisöldin	Saga Film hf.	13.501.750
Gamall maður		
Gamall maður	Bragason slf.	1.800.000
Gamall maður	GEB slf.	400.000
Gamall maður	Jón Gnarr slf.	1.800.000
Ganga berfætta Japanans		
Ganga berfætta Japanans	Steingrímur Jón Þórðarson	1.000.000
Gerska ævintýrið: RÚV á HM í Rússlandi		
Gerska ævintýrið: RÚV á HM í Rússlandi	Grímur Jón Sigurðsson	1.150.000
Gettu betur		
Gettu betur	Fullt tungl slf.	1.800.000
Gettu betur	Jóhannes Jónsson	18.000
Gettu betur	SerEs hugverkasmiðja ehf.	2.295.163
Golfið		
Golfið	Íslensk framleiðsla ehf.	5.000.000
Gríman - Íslensku sviðslistaverðlaunin		
Gríman - Íslensku sviðslistaverðlaunin	B6 sf.	600.000
Grúskarinn - Fyrir alla muni		
Grúskarinn - Fyrir alla muni	Republik ehf.	8.000.000
Guðni á trukknum		
Guðni á trukknum	Steinbogi Kvikmyndagerð ehf.	700.000
Hátíðarútsending vegna Fullveldisafmælis Íslands		
Hátíðarútsending vegna Fullveldisafmælis Íslands	B6 sf.	40.000
Heilabrot		
Heilabrot	Saga Film hf.	9.500.000
Heimilistónajól		
Heimilistónajól	Elva Ósk Ólafsdóttir	920.000
Heimilistónajól	Lúsifer sf.	380.000
Heimilistónajól	Ólafía Hrönn Jónsdóttir	900.000
Heimilistónajól	Vigdís Gunnarsdóttir	920.000
Heimilistónajól		
Heimilistónajól	Lúsifer sf.	1.140.000
Héraðið		
Héraðið	Netop Films ehf.	2.000.000
Hjarnið		
Hjarnið	Pegasus ehf.	3.000.000

Dagskrárefni	Framleiðandi	Fjárhæð kr.
Hugvit leyst úr höftum		
Hugvit leyst úr höftum	Viðskiptaráð Íslands	500.000
Hulli í Kína		
Hulli í Kína	Árnamálastofa ehf.	1.500.000
Hvað höfum við gert?		
Hvað höfum við gert?	Saga Film hf.	23.001.750
Hvítur dagur		
Hvítur dagur	FRÆ kvikmyndir ehf.	1.000.000
Hönnunarkeppni		
Hönnunarkeppni	Portus ehf.	480.000
Iceland Airwaves		
Iceland Airwaves	Sextán-níundu ehf.	300.000
Í garðinum með Gurrý V		
Í garðinum með Gurrý V	Guðríður Helgadóttir	496.860
Í kjölfar feðranna		
Í kjölfar feðranna	Saga Film hf.	600.000
Írafár 20 ára afmælistónleikar		
Írafár 20 ára afmælistónleikar	Vinir Hallarinnar ehf.	1.150.000
Ísaksskóli í 90 ár		
Ísaksskóli í 90 ár	Skóli Ísaks Jónssonar ses.	1.000.000
Íslensku tónlistarverðlaunin 2018 (2018)		
Íslensku tónlistarverðlaunin 2018 (2018)	Bó sf.	650.000
Íþróttir		
Íþróttir	Jóhannes Jónsson	192.215
Jól í lífi þjóðar		
Jól í lífi þjóðar	Ásgrímur Kristján Sverrisson	1.200.000
Kappsmál		
Kappsmál	APRÍL ehf.	1.500.000
Kappsmál	Skot - producrtions ehf.	20.000.000
Karlakór Reykjavíkur og Páll Pampicler		
Karlakór Reykjavíkur og Páll Pampicler	THOR eignarhaldsfélag ehf.	1.050.000
Kiljan		
Kiljan	Sigurður Jakobsson	4.547.200
Klassíkin okkar		
Klassíkin okkar	Dirrindí slf.	800.000
Klassíkin okkar	Sextán-níundu ehf.	700.000
Krakkaskaup 2018		
Krakkaskaup 2018	Leynileikhúsið/Hush Produc ehf.	550.000
Krakkaskaup 2018	V9 ehf.	166.400
Kveðja frá Ríkisútvarpinu		
Kveðja frá Ríkisútvarpinu	Sextán-níundu ehf.	270.000
Kveikur		
Kveikur	Buck & Mary slf.	7.560.000
Kvikmyndasaga Ísl		

Dagskrárefni	Framleiðandi	Fjárhæð kr.
Kvikmyndasaga Ísl	Heimildamyndir ehf.	11.000.000
La Chana		
Dagskrárefni	**Framleiðandi**	**Fjárhæð kr.**
La Chana	Bless Bless Productions sf.	550.000
Landinn		
Landinn	Jóhannes Jónsson	2.028.273
Landinn	Karl Sigtryggsson	9.554.600
Landinn	Magnús Atli Magnússon	3.160.000
Lifun - heimildarmynd		
Lifun - heimildarmynd	Jón Egill Bergþórsson	800.000
Litla Moskva - sýningarréttur		
Litla Moskva - sýningarréttur	Hark Kvikmyndagerð ehf.	1.500.000
Lof mér að falla		
Lof mér að falla	Kvikmyndafélag Íslands ehf.	4.000.000
Lof mér að lifa		
Lof mér að lifa	Kvikmyndafélag Íslands ehf.	2.000.000
Lof mér að lifa	Purkur ehf.	1.500.000
Love is Simply Love		
Love is Simply Love	Reykjavík films ehf.	750.000
Lói - þú flýgur aldrei einn		
Lói - þú flýgur aldrei einn	GunHil ehf.	6.000.000
Lói - þú flýgur aldrei einn	Saga Film hf.	500.000
Maður sviðs og söngva		
Maður sviðs og söngva	Stuðland ehf.	1.500.000
Mannasiðir		
Mannasiðir	Glassriver ehf.	54.252.930
Mannasiðir	Innsti koppur Mondo Paco slf.	3.128.345
Með okkar augum		
Með okkar augum	SerEs hugverkasmiðja ehf.	7.000.000
Menningin		
Menningin	Dirrindí slf.	50.000
Menningin	Steingrímur Dúi Másson	228.000
Mezzoforte Heimildarmynd		
Mezzoforte Heimildarmynd	Ananas ehf.	2.000.000
Mótorsport		
Mótorsport	Bragi Þórðarson	1.240.000
Músíktilraunir		
Músíktilraunir	Sextán-níundu ehf.	1.056.000
Myndin af mér		
Myndin af mér	Elínóra, áhugafélag um kvikmynd	500.000
Norður og niður - tónlistarhátíð Sigur Rósar		
Norður og niður - tónlistarhátíð Sigur Rósar	Buck & Mary slf.	150.000
Norður og niður - tónlistarhátíð Sigur Rósar	Sextán-níundu ehf.	250.000
Nýjar hendur		

Dagskrárefni	Framleiðandi	Fjárhæð kr.
Nýjar hendur	Ljósop ehf.	2.000.000
Otello		
Otello	B6 sf.	500.000
Ófærð 2		
Ófærð 2	RVK Studios ehf.	26.250.000
Ólafur Jóhann		
Ólafur Jóhann	Buck & Mary slf.	360.000
Pabbahelgar		
Pabbahelgar	Zik Zak ehf.	30.200.000
Paradísarheimt II		
Paradísarheimt II	Steingrímur Jón Þórðarson	2.200.000
Paradísarheimt III		
Paradísarheimt III	Steingrímur Jón Þórðarson	2.100.000
Paradísarheimt		
Paradísarheimt	Jón Ársæll Þórðarson	3.600.000
Rallý á Íslandi í 40 ár		
Rallý a Íslandi í 40 ár	Bragi Þórðarson	100.000
Rússneski blaðamaðurinn		
Rússneski blaðamaðurinn	Helga Brekkan	1.000.000
Rökkur		
Rökkur	Myrkraverk Productions ehf.	5.000.000
Sagan bak við lagið		
Sagan bak við lagið	H and L Distellery ehf.	7.000.000
Selshamurinn		
Selshamurinn	FRÆ kvikmyndir ehf.	400.000
Siglufjörður		
Siglufjörður	Tökur ehf.	3.350.000
Silfrið		
Silfrið	B6 sf.	540.000
Silfrið	Fanney Birna Jónsdóttir	1.750.000
Silfrið	Paradox ehf.	1.050.000
Silfrið	SerEs hugverkasmiðja ehf.	495.000
Sinfó í Japan		
Sinfó í Japan	Dirrindí slf.	500.000
Síðasta áminningin		
Síðasta áminningin	Kalt vor ehf.	5.000.000
Sítengd - veröld samfélagsmiðla		
Sítengd - veröld samfélagsmiðla	Bjarthöfði slf.	2.000.000
Sítengd - veröld samfélagsmiðla	Task 21 media ehf.	8.042.000
Sjúk ást - Stígamót - Söfnunarþáttur		
Sjúk ást - Stígamót - Söfnunarþáttur	Bjarthöfði slf.	75.000
Skólahreysti sýningarréttur		
Skólahreysti sýningarréttur	Icefittness World ehf.	3.650.000
Skrekkur		

Dagskrárefni	Framleiðandi	Fjárhæð kr.
Skrekkur	SerEs hugverkasmiðja ehf.	250.000
Sólveig Anspach tribute		
Sólveig Anspach tribute	LL50 ehf.	3.000.000
Sólveig mín		
Sólveig mín	Zik Zak ehf.	500.000
Steinunn Sigurðardóttir		
Steinunn Sigurðardóttir	Jón Egill Bergþórsson	400.000
Stjórnin í 30 ár - sýningarréttur		
Stjórnin í 30 ár - sýningarréttur	Grétar Þorgeir Örvarsson	2.550.000
Stundin okkar 2018		
Stundin okkar 2018	Leynileikhúsið/Hush Produc ehf.	181.500
Stuttmyndin Búi		
Stuttmyndin Búi	Gemsar ehf.	1.000.000
Stuttmyndin Búi	LL50 ehf.	1.000.000
Sveinsstykki - höfundarréttur		
Sveinsstykki - höfundarréttur	Helena Jónsdóttir	750.000
Svíar á krossgötum		
Svíar á krossgötum	Karl Sigtryggsson	301.000
Svona fólk		
Svona fólk	Krumma Films ehf.	1.000.000
Söguboltinn		
Söguboltinn	Eva Rún Þorgeirsdóttir	350.000
Sögur, verðlaunahátíð barnanna		
Sögur, verðlaunahátíð barnanna	Jafninginn ehf.	200.000
Sögur, verðlaunahátíð barnanna	SerEs hugverkasmiðja ehf.	330.000
Sögur, verðlaunahátíð barnanna	Tökur ehf.	100.000
Söngur Kanemu		
Söngur Kanemu	Klipp ehf.	1.500.000
Söngvakeppnin		
Söngvakeppnin	APRÍL ehf.	4.900.000
Söngvakeppnin	Berglind Pétursdóttir	60.000
Söngvakeppnin	Fannar Sveinsson	1.000.000
Söngvakeppnin	Himnaríki ehf.	1.200.000
Söngvakeppnin	Jafninginn ehf.	115.000
Söngvakeppnin	Sextán-níundu ehf.	440.000
Söngvar um svífandi fugla		
Söngvar um svífandi fugla	Í einni sæng ehf.	2.100.000
Talsetning barnaefnis		
Talsetning barnaefnis	Myndform	9.421.800
Talsetning barnaefnis	Stúdíó Sýrland	19.594.028
Tónaflóð - Menningarnæturtónleikar		
Tónaflóð - Menningarnæturtónleikar	Bó sf.	550.000
Tónlist - Fullveldisöldin		
Tónlist - Fullveldisöldin	Ragnhildur Gísladóttir	400.000

Dagskrárefni	Framleiðandi	Fjárhæð kr.
Tónlist - Mannasiðir		
Tónlist - Mannasiðir	Lúpus slf.	600.460
Tryggðarpantur		
Tryggðarpantur	Askja Films ehf.	1.500.000
Tulipop		
Tulipop	Tulipop Studios	325.000
Týndu jólin		
Týndu jólin	Miðnætti leikhús	700.000
Undir halastjörnu		
Undir halastjörnu	Truenorth ehf.	4.000.000
Undir trénu		
Undir trénu	Netop Films ehf.	4.000.000
Undir yfirborðinu		
Undir yfirborðinu	Þetta líf. Þetta líf ehf.	1.500.000
Unga Ísland		
Unga Ísland	Reykjavík films ehf.	2.000.000
Úti		
Úti	Styrkur ehf.	4.400.000
Útsvar		
Útsvar	Bjarthöfði slf.	4.965.000
Útsvar	Sextán-níundu ehf.	6.718.849
Valhalla Murders / Brot		
Valhalla Murders / Brot	Truenorth ehf.	76.000.000
Vargur		
Vargur	RVK Studios ehf.	3.000.000
Varnarliðið		
Varnarliðið	Ljósop ehf.	6.000.000
Veiðikofinn		
Veiðikofinn	Task 21 media ehf.	3.750.000
Verksmiðjan		
Verksmiðjan	Task 21 media ehf.	3.387.097
Veröld sem var		
Veröld sem var	Jafninginn ehf.	1.320.000
Veröld sem var	Tökur ehf.	2.192.000
Vestfjarðarvíkingurinn 2018		
Vestfjarðarvíkingurinn 2018	Tal og tónar slf.	250.000
Vetrarbræður		
Vetrarbræður	FRÆ kvikmyndir ehf.	2.000.000
Vikan með Gísla Marteini		
Vikan með Gísla Marteini	Atli Fannar Bjarkason	3.600.000
Vikan með Gísla Marteini	Berglind Pétursdóttir	3.922.229
Vikan með Gísla Marteini	Steingrímur Dúi Másson	870.000
Vikan með Gísla Marteini	Tökur ehf.	3.700.000
Víkingur og Glass		

Dagskrárefni	Framleiðandi	Fjárhæð kr.
Víkingur og Glass	B6 sf.	300.000
Vísindaþátturinn		
Vísindaþátturinn	Task 21 media ehf.	1.000.000
Víti í Vestmannaeyjum		
Víti í Vestmannaeyjum	Saga Film hf.	22.001.750
Webcam + Snjór og Salome		
Webcam + Snjór og Salome	Stofa 224 ehf.	3.600.000
Women at War		
Women at War	Gulldrengurinn ehf.	2.000.000
Þar sem vondir verða að vera		
Þar sem vondir verða að vera	Stofa 224 ehf.	2.400.000
Þingfundur 2018		
Þingfundur 2018	B6 sf.	1.080.000
Þingvellir		
Þingvellir	Lífsmynd ehf.	1.400.000
Þín eigin þjóðsaga		
Þín eigin þjóðsaga	Fenrir Films sf.	3.750.000
Þursaflokkurinn		
Þursaflokkurinn	Saga Film hf.	2.500.700
Samtals		**796.306.285**

12.3 Listi yfir efni frá sjálfstæðum framleiðendum 2018

-Efni sem frumsýnt var á RÚV 2018.

-Tímabil frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2018

Dagsetning	Titill	Dreifiaðili	Fjöldi þátta
Biómyndir:			
1.1.2018	Eiðurinn	RVK STUDIOS EHF.	1
3.3.2018	Borgríki II	POPPOLI KVIKMYNDAFÉLAG EHF	1
28.3.2018	Köld slóð	SAGA FILM HF.	1
30.3.2018	Undir trénu	NETOP FILMS EHF.	1
17.6.2018	Myrkrahöfðinginn	I.L.M.	1
2.9.2018	Vinterbrødre	JOIN MOTION PICTURES EHF.	1
8.9.2018	Albatross	KVIKMYNDAFÉLAG ÍSLANDS	1
25.12.2018	LÓI - þú flýgur aldrei einn	GUNHIL EHF.	1
Stuttmyndir:			
29.3.2018	Munda	FREYJA FILMWORK EHF.	1
31.10.2018	Myndin af mér	ELINÓRA, ÁHUGAFÉLAG UM KVIKMYND	1
18.12.2018	Ártún	JOIN MOTION PICTURES EHF.	1
Íslenskt leikið efni:			
1.4.2018	Mannasiðir	GLASS RIVER EHF.	2
26.12.2018	Ófærð 2	RVK STUDIOS EHF.	2
15.9.2018	Víti í Vestmannaeyjum	SAGA FILM HF.	6
31.12.2018	Áramótaskaup 2018	GLASS RIVER EHF.	1
18.11.2018	Flateyjargátan	SAGA FILM HF.	4
Heimildamyndir- og þáttaraðir:			
1.1.2018	Fullveldi Íslands 1918 - 2018	ANNA KATRÍN GUÐMUNDSDÓTTIR	1
1.1.2018	Reynir sterki	ZETA PRODUCTIONS EHF.	1
7.1.2018	Varnarliðið	LJÓSOP EHF	4
10.1.2018	Á sama báti	HALLA ÓLAFSDÓTTIR	1
23.1.2018	Hugvit leyst úr höftum	VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS	1
7.3.2018	Eigi skal höggva	BÓKAÚTGÁFAN TINDUR EHF.	1
7.3.2018	Náttúrupostulinn	LÍFSMYND	1
21.3.2018	Sjáumst!	PÁLL KR. PÁLSSON	1
23.3.2018	Gerð myndarinnar Lói - þú flýg	SAGA FILM HF.	1
29.3.2018	Maður sviðs og söngva	THOR EIGNARHALDSFÉLAG EHF	2
2.4.2018	Brotið	NEMO EHF.	1
18.4.2018	Baskavígin	SEYLAN EHF	1
19.4.2018	15 ár á Íslandi	JKH-KVIKMYNDAGERÐ EHF	1
1.5.2018	Rússneski blaðamaðurinn	VÍÐSÝN-KVIKMYNDIR EHF.	1
11.5.2018	Vítið - bakvið tjöldin	SAGA FILM HF.	1
13.5.2018	Undir yfirborðinu	ÞETTA LÍF, ÞETTA LÍF EHF.	1

21.5.2018	Island Songs	ZETA PRODUCTIONS EHF.	1
3.6.2018	Dóra - ein af strákunum	SKOTTA EHF	1
5.6.2018	Vargur - bak við tjöldin	RVK STUDIOS EHF.	1
17.6.2018	Síðasta áminningin	KALT VOR EHF.	1
4.7.2018	Villi Valli	MENNINGARMIÐSTÖÐIN EDINBORG	1
8.7.2018	Úti að aka	PLÚS FILM EHF.	1
18.7.2018	Þingvellir - Þjóðgarður á heimsmælikvarða	LÍFSMYND	1
29.7.2018	Hafsins börn	SIGVA 73 EHF.	1
9.9.2018	Í kjölfar feðranna	SAGA FILM HF.	2
23.9.2018	Fullveldisöldin - þættir	SAGA FILM HF.	10
14.10.2018	Lof mér að lifa	KVIKMYNDAFÉLAG ÍSLANDS EHF	2
29.11.2018	Hringfarinn	SLIDING THROUGH EHF.	3
Sjónvarpsþættir- og þáttaraðir:			
10.1.2018	Hæpið	PURKUR EHF	4
15.2.2018	Unga Ísland	REYKJAVIK FILMS EHF	6
25.3.2018	Úti	STYRKUR EHF	6
5.4.2018	Djók í Reykjavík	OFVITINN EHF.	6
13.4.2018	Borgarsýn Frímanns	ANANAS EHF	6
9.5.2018	Fjársjóður framtíðar III	HÁSKÓLI ÍSLANDS	5
20.5.2018	Veiðikofinn	TASK 21 MEDIA EHF.	6
8.8.2018	Með okkar augum VIII	SERES HUGVERKASMIÐJA EHF.	6
26.8.2018	Akureyrarvaka 2018	N4 EHF.	1
15.9.2018	Boxið 2017 - framkvæmdakeppni framhaldsskólanna	SAMTÖK IÐNAÐARINS	10
2.12.2018	Heimsmarkmið Elízu	HVÍTA HÚSIÐ	3
Leikrit/tónleikar:			
21.4.2018	Blái hnötturinn	LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR SES	1
20.5.2018	Eniga Meniga - afmælistónleikar	ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ	1
6.8.2018	Fiskidagstónleikar á Dalvík 2018	RIGG EHF	1


POLICE
235


ÓFÆRÐ
2. ÞÁTTARÖÐ

FJÖLMIÐLANEFND